



# MANNDRÁP AF GÁLEYSI

Fura Sóley Hjálmarsdóttir

2012

ML í lögfræði

Höfundur: Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Kennitala: 030187-2459

Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir

Lagadeild

School of Law



## **Manndráp af gáleysi**

### **ÚTDRÁTTUR**

Ritgerð þessi fjallar um 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um manndráp af gáleysi. Leitast er við að rannsaka þá háttsemi, sem fella má undir ákvæðið, og sérstök áhersla er lögð á að skoða, með tilliti til fræðiskrifa og dómaframkvæmdar, hvaða háttsemi fellur undir gáleysi. Í þeim tilgangi er kannað hvar mörkin milli lægsta stigs ásetnings, dolus eventualis, og efsta stigs gáleysis liggja sem og mörkin milli neðsta stigs gáleysis og óhappatilviks. Einnig er framkvæmd umfangsmikil dómarrannsókn á Hæstaréttardómum sem fjalla um manndráp af gáleysi til þess að varpa ljósi á þróun brota gegn 215. gr. hgl., tegund og lengd refsinga sem og helstu áhrifaþátta við ákvörðun refsingar. Þá er ákvæði 215. gr. hgl. skoðað almennt og borið saman við ákvæði hegningarlaga Norðurlandanna um manndráp af gáleysi.

Niðurstaðan er sú að skilin milli ásetnings og gáleysis geta verið óskýr og liggur munurinn helst í sönnun á viljaafstöðu geranda. Einnig er leitt í ljós að hægt er að teygja neðsta stig gáleysis langt og skilin milli þess og óhappatilviks verða einnig óskýr. Það sem skilur helst þar á milli er hvort gerandi hagi sér forsvaranlega og hvort hann hafi getað komið í veg fyrir afleiðingar háttsemi sinnar. Dómarrannsóknin sýnir að málum, sem koma til kasta Hæstaréttar vegna brota á 215. gr. hgl., hefur fækkað síðustu áratugi en ástæða þess virðist ekki vera breyting á gáleysismati dómstóla heldur þjóðfélagsbreytingar og hefur meðallengd refsinga haldist nokkuð stöðug.

## **Involuntary manslaughter**

### **ABSTRACT**

This essay is about involuntary manslaughter according to the 215th article of the Icelandic Penal Code no. 19/1940. The objective is to research which conduct is included in the provision and a special emphasis is put on finding out, with regard to academic writing and case law, which conduct falls within the scope of negligence. To that end the boundaries between the lowest level of intention, *dolus eventualis*, and top-level negligence is researched as well as the boundaries between the lower level negligence and accident. In this essay there is also carried out an extensive research on judgments of the Supreme Court to illustrate the development of violations of the 215th article of the Penal Code, both the type and length of sentences and the main factors that influence the decision of the sentence. The 215th article of the Penal Code is also viewed generally and compared to provisions of involuntary manslaughter in the Nordic Penal Codes.

The result is that the distinction between intent and negligence can be blurry, and the difference lies mainly in the possibility to prove the perpetrator's will. The results also show that the lower level of negligence can be stretched far and the separation between it and an accident are also unclear. The main distinction between the two is whether the perpetrator's conduct was acceptable and whether the perpetrator should have been able to prevent the consequences of his conduct. The research shows that the number of cases that come before the Supreme Court for violations of the 215th article of the Penal Code has decreased over the last few decades, but the reason seems not to be a change in the court's assessment of negligence but rather social changes and the average length of sentences has remained fairly constant.

## EFNISYFIRLIT

<b>DÓMASKRÁ</b> .....	<b>1</b>
<b>LAGASKRÁ</b> .....	<b>6</b>
<b>SKRÁ YFIR LAGAFRUMVÖRP</b> .....	<b>7</b>
<b>SKRÁ YFIR TÖFLUR OG MYNDIR</b> .....	<b>8</b>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>9</b>
<b>2. Uppruni ákvæðis um manndráp af gáleysi í íslenskum hegningarlögum</b> .....	<b>10</b>
<b>3. Almennt um ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi</b> .....	<b>13</b>
<b>3.1. Flokkun ákvæðis 215. gr. hgl.</b> .....	<b>13</b>
<b>3.2. Efniskönnun ákvæðis 215. gr. hgl.</b> .....	<b>14</b>
3.2.1 Frumverknaður .....	15
3.2.2 Verknaðaraðstæður .....	16
3.3.3 Afleiðing verks.....	17
3.3.4 Hlutdeild í broti á 215. gr. hgl.....	17
3.3.5 Niðurstaða .....	18
<b>4. Saknæmisskilyrði 215. gr. hgl.</b> .....	<b>18</b>
<b>4.1. Hugtakið gáleysi</b> .....	<b>19</b>
<b>4.2. Réttargrundvöllur gáleysis</b> .....	<b>20</b>
<b>4.3. Flokkun gáleysis</b> .....	<b>21</b>
<b>4.4. Efri mörk gáleysis og aðgreining frá ásetningi</b> .....	<b>23</b>
4.4.1 Efri mörk gáleysis .....	24
4.4.2 Dolus eventualis – lágsta stig ásetnings .....	30
<b>4.5. Neðri mörk gáleysis og óhappatilvik</b> .....	<b>40</b>
4.5.1 Neðri mörk gáleysis .....	41
4.5.2 Óhappatilvik.....	45
<b>4.6. Gáleysismat dómstóla</b> .....	<b>51</b>
4.6.1 Hlutlægar viðmiðanir .....	51
4.6.2 Einstaklingsbundnar viðmiðanir .....	54
<b>4.7. Niðurstaða</b> .....	<b>55</b>

<b>5. Greining á Hæstaréttardómum sem varða manndráp af gáleysi og ákvörðun refsingar vegna brota á 215. gr. hgl.....</b>	<b>55</b>
<b>5.1. Greining á dómum um manndráp af gáleysi sem fallið hafa í Hæstarétti á árunum 1941-2010.....</b>	<b>56</b>
5.1.1 Málafjöldi í Hæstarétti á árunum 1941-2010 .....	57
5.1.2 Refsingar í Hæstarétti á árunum 1941-2010 .....	59
<b>5.2. Refsiákvörðunarástæður sem vísað er til í dómum sem fallið hafa í Hæstarétti á árunum 1941-2010 vegna brota á 215. gr. hgl. ....</b>	<b>61</b>
5.2.1 Um málsbætur og refsilyngingarástæður samkvæmt 70. gr. hgl. ....	61
5.2.2 Refsilækkunarástæður samkvæmt 74. gr. hgl. ....	67
5.2.3 Annað sem hefur áhrif á refsiaákvörðanir í málum er varða manndráp af gáleysi ..	70
<b>5.3. Niðurstaða.....</b>	<b>70</b>
<b>6. Ákvæði um manndráp af gáleysi í norrænum rétti .....</b>	<b>71</b>
<b>6.1. Manndráp af gáleysi í dönskum rétti .....</b>	<b>71</b>
<b>6.2. Manndráp af gáleysi í norskum rétti.....</b>	<b>73</b>
<b>6.3. Manndráp af gáleysi í sænskum rétti.....</b>	<b>74</b>
<b>6.4. Niðurstaða.....</b>	<b>75</b>
<b>7. Niðurstaða.....</b>	<b>75</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>79</b>

## DÓMASKRÁ

### Hæstaréttardómar:

- Hrd. 6. maí 1940 í máli nr. 19/1940.
- Hrd. 10. október 1941 í máli nr. 54/1941.
- Hrd. 13. mars 1942 í máli nr. 9/1942.
- Hrd. 19. júní 1942 í máli nr. 79/1941b.
- Hrd. 13. desember 1942 í máli nr. 78/1943.
- Hrd. 8. mars 1943 í máli nr. 8/1943.
- Hrd. 14. janúar 1944 í máli nr. 86/1943.
- Hrd. 8. mars 1944 í máli nr. 79/1943.
- Hrd. 10. janúar 1945 í máli nr. 72/1944.
- Hrd. 12. janúar 1945 í máli nr. 56/1944.
- Hrd. 9. febrúar 1945 í máli nr. 73/1944.
- Hrd. 6. júní 1945 í máli nr. 37/1945.
- Hrd. 22. júní 1945 í máli nr. 29/1945.
- Hrd. 26. október 1945 í máli nr. 68/1945.
- Hrd. 29. október 1945 í máli nr. 62/1945.
- Hrd. 9. janúar 1946 í máli nr. 111/1945.
- Hrd. 14. janúar 1946 í máli nr. 130/1945.
- Hrd. 10. apríl 1946 í máli nr. 8/1946.
- Hrd. 18. október 1946 í máli nr. 69/1946.
- Hrd. 25. október 1946 í máli nr. 153/1945.
- Hrd. 13. nóvember 1946 í máli nr. 117/1946.
- Hrd. 18. nóvember 1946 í máli nr. 133/1946.
- Hrd. 24. janúar 1947 í máli nr. 135/1946.
- Hrd. 21. febrúar 1947 í máli nr. 116/1946.
- Hrd. 5. mars 1947 í máli nr. 169/1946.
- Hrd. 12. mars 1947 í máli nr. 167/1946.
- Hrd. 27. október 1947 í máli nr. 18/1947.
- Hrd. 28. október 1947 í máli nr. 29/1947.
- Hrd. 9. desember 1947 í máli nr. 97/1947.
- Hrd. 6. febrúar 1948 í máli nr. 56/1947.

Hrd. 8. mars 1948 í máli nr. 115/1947.  
Hrd. 8. apríl 1948 í máli nr. 132/1947.  
Hrd. 7. maí 1948 í máli nr. 2/1948a.  
Hrd. 7. maí 1948 í máli nr. 17/1946.  
Hrd. 11. júní 1948 í máli nr. 47/1948.  
Hrd. 8. nóvember 1948 í máli nr. 101/1948.  
Hrd. 19. nóvember 1948 í máli nr. 41/1948.  
Hrd. 17. desember 1948 í máli nr. 45/1948.  
Hrd. 7. mars 1949 í máli nr. 112/1948.  
Hrd. 27. apríl 1949 í máli nr. 168/1948.  
Hrd. 15. desember 1949 í máli nr. 107/1949.  
Hrd. 18. janúar 1950 í máli nr. 136/1949.  
Hrd. 15. nóvember 1950 í máli nr. 22/1950.  
Hrd. 25. september 1951 í máli nr. 19/1951.  
Hrd. 3. mars 1952 í máli nr. 1/1952a.  
Hrd. 17. mars 1952 í máli nr. 73/1951.  
Hrd. 19. maí 1952 í máli nr. 139/1951.  
Hrd. 26. maí 1952 í máli nr. 38/1951.  
Hrd. 16. júní 1952 í máli nr. 76/1951.  
Hrd. 20. október 1952 í máli nr. 148/1951.  
Hrd. 8. desember 1952 í máli nr. 134/1952.  
Hrd. 13. febrúar 1953 í máli nr. 157/1952.  
Hrd. 21. október 1953 í máli nr. 180/1952.  
Hrd. 6. nóvember 1953 í máli nr. 129/1953.  
Hrd. 29. september 1954 í máli nr. 176/1953.  
Hrd. 20. október 1954 í máli nr. 18/1954.  
Hrd. 8. júní 1955 í máli nr. 82/1954.  
Hrd. 22. júní 1955 í máli nr. 151/1954.  
Hrd. 1. nóvember 1955 í máli nr. 56/1955.  
Hrd. 13. janúar 1956 í máli nr. 72/1955.  
Hrd. 18. janúar 1956 í máli nr. 71/1955.  
Hrd. 6. mars 1956 í máli nr. 139/1955.  
Hrd. 30. nóvember 1956 í máli nr. 67/1956.  
Hrd. 16. janúar 1957 í máli nr. 134/1956.



Hrd. 23. janúar 1957 í máli nr. 112/1956.  
Hrd. 20. mars 1957 í máli nr. 157/1956.  
Hrd. 4. október 1957 í máli nr. 108/1956.  
Hrd. 3. febrúar 1958 í máli nr. 119/1957.  
Hrd. 18. apríl 1958 í máli nr. 8/1958.  
Hrd. 24. apríl 1959 í máli nr. 171/1958.  
Hrd. 11. maí 1959 í máli nr. 170/1958.  
Hrd. 25. maí 1959 í máli nr. 17/1959.  
Hrd. 12. júní 1961 í máli nr. 39/1960.  
Hrd. 21. mars 1961 í máli nr. 191/1960.  
Hrd. 5. mars 1962 í máli nr. 159/1961.  
Hrd. 5. apríl 1964 í máli nr. 184/1953.  
Hrd. 9. mars 1966 í máli nr. 206/1965.  
Hrd. 12. apríl 1967 í máli nr. 254/1966.  
Hrd. 28. febrúar 1968 í máli nr. 248/1966.  
Hrd. 13. nóvember 1968 í máli nr. 149/1968.  
Hrd. 2. febrúar 1973 í máli nr. 143/1972.  
Hrd. 11. apríl 1973 í máli nr. 144/1972.  
Hrd. 4. desember 1973 í máli nr. 114/1973.  
Hrd. 1. nóvember 1978 í máli nr. 201/1977.  
Hrd. 19. janúar 1979 í máli nr. 78/1978.  
Hrd. 19. febrúar 1979 í máli nr. 180/1978.  
Hrd. 28. mars 1980 í máli nr. 72/1978.  
Hrd. 2. febrúar 1982 í máli nr. 18/1981.  
Hrd. 9. mars 1982 í máli nr. 96/1981.  
Hrd. 2. nóvember 1983 í máli nr. 65/1983.  
Hrd. 28. maí 1984 í máli nr. 184/1983.  
Hrd. 5. nóvember 1985 í máli nr. 123/1985.  
Hrd. 11. febrúar 1986 í máli nr. 133/1985.  
Hrd. 13. mars 1986 í máli nr. 5/1986.  
Hrd. 16. júní 1988 í máli nr. 253/1987.  
Hrd. 4. október 1988 í máli nr. 366/1987.  
Hrd. 13. október 1988 í máli nr. 104/1988.  
Hrd. 12. maí 1989 í máli nr. 371/1988.

Hrd. 5. júní 1990 í máli nr. 68/1990.  
Hrd. 13. júní 1991 í máli nr. 47/1991.  
Hrd. 3. mars 1992 í máli nr. 500/1991.  
Hrd. 16. desember 1993 í máli nr. 267/1993.  
Hrd. 16. desember 1993 í máli nr. 289/1993.  
Hrd. 16. desember 1993 í máli nr. 295/1993.  
Hrd. 28. apríl 1994 í máli nr. 312/1993.  
Hrd. 2. mars 1995 í máli nr. 475/1994.  
Hrd. 22. febrúar 1996 í máli nr. 394/1995.  
Hrd. 31. október 1996 í máli nr. 272/1996.  
Hrd. 12. desember 1996 í máli nr. 330/1996.  
Hrd. 22. maí 1997 í máli nr. 92/1997.  
Hrd. 11. desember 1997 í máli nr. 203/1997.  
Hrd. 12. maí 1999 í máli nr. 11/1999.  
Hrd. 30. september 1999 í máli nr. 213/1999.  
Hrd. 21. september 2000 í máli nr. 176/2000.  
Hrd. 26. október 2000 í máli nr. 211/2000.  
Hrd. 7. febrúar 2002 í máli nr. 330/2001.  
Hrd. 3. apríl 2003 í máli nr. 168/2002.  
Hrd. 19. júní 2003 í máli nr. 108/2003.  
Hrd. 4. nóvember 2004 í máli nr. 237/2004.  
Hrd. 20. október 2005 í máli nr. 145/2005.  
Hrd. 3. nóvember 2005 í máli nr. 398/2005.  
Hrd. 10. maí 2007 í máli nr. 429/2006.  
Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008.  
Hrd. 12. febrúar 2009 í máli nr. 430/2008.  
Hrd. 12. nóvember 2009 í máli nr. 550/2008.  
Hrd. 9. júní 2011 í máli nr. 497/2010.

**Danskir dómur:**

UfR 1918.946H.  
UfR 1947.705Ø.  
UfR 1987.564V.  
UfR 2004.1161V.

**Norskir dómur:**

Rt. 1963.744.

## **LAGASKRÁ**

### **Íslensk lög:**

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.

Bifreiðalög nr. 23/1941.

Grágás. Víglóði.

Hegningarlög 1869.

Jónsbók. Mannhelgi, 13. kap.

Konungsbréf 19. febrúar 1734.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Lög um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), nr. 82/1988.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, nr. 101/1976.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, nr. 20/1981.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, nr. 39/2000.

Lög um dýravernd, nr. 15/1994.

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Lög um neyðarakstur, nr. 101/1988.

Siglingalög, nr. 34/1985.

Sjómannalög, nr. 41/1930.

Tilskipun 4. október 1933.

Umferðarlög, nr. 24/1941.

Umferðarlög, nr. 36/1958.

Umferðarlög nr. 50/1987.

### **Dönsk lög:**

Lov 2002-06-06 nr. 380, om ændring af straffeloven, retsplejeloven og færdselsloven.

Lov 2004-03-31 nr. 218, om ændring af straffeloven og retsplejeloven.

Lov 2005-06-24 nr. 559, om ændring af straffeloven.

Lov 2010-06-25 nr. 716, om ændring af færdselsloven og straffeloven.

Lovbekendtgørelse 2011-10-24 nr. 1047, Færdselslov.

Lovbekendtgørelse 2011-11-17 nr. 1062, Straffeloven.

### **Norsk lög:**

LOV 1902-05-22 nr. 10: Almindelig borgerlig Straffelov (Straffeloven).

LOV 8. juli 1988 nr. 70.

LOV 15 juni 2001 nr. 64.

### **Sænsk lög:**

Brottsbalk (1962:700).

Lag (1993:1462) om ändring i brottsbalken.

Lag (2001:348) om ändring i brottsbalken.

Lag (2010:370) om ändring i brottsbalken.

### **SKRÁ YFIR LAGAFRUMVÖRP**

Alþt. 1939, A-deild, 351.

Lovsamling for Island 1721-1748, 2. bindi, 169.

Lovsamling for Island 1837-1840, 11. bindi, 160.

Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1867, síðari partur, 125.

## **SKRÁ YFIR TÖFLUR OG MYNDIR**

### **Töflur:**

Tafla 1: Fjöldi ákærðra fyrir brot gegn 215. gr. hgl. í Hæstaréttardómum á tímabilinu 1941-2010.

Tafla 2: Ákærð brot samkvæmt töflu 1 flokkuð eftir aðstæðum verknaðar.

Tafla 3: Tegund refsingar sakfelldra samkvæmt töflu 1.

Tafla 4: Meðallengd dæmdrar fangelsisrefsingar fyrir brot á 215. gr. hgl. á tímabilinu 1941-2010.

### **Myndir:**

Mynd 1: Hlutfall ákærðra brota samkvæmt töflu 1 flokkuð eftir aðstæðum verknaðar samkvæmt töflu 2.

## 1. Inngangur

Manndráp af gáleysi er alvarlegt brot og liggur tiltölulega þung refsing við því, eða allt að sex ára fangelsi. Engu að síður er 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940<sup>1</sup> fáorð og engar skýringar er að finna á ákvæðinu í lögskýringargögnum. Ekki er heldur að finna skilgreiningu á hugtakinu gáleysi í lögskýringargögnum. Almennt virðist skorta skilning á hvaða háttsemi sé hægt að fella undir ákvæðið og hvenær manndráp sé framið af ásetningi, hvenær af gáleysi og hvenær háttsemi sé refsilaust óhapp. Meginmarkmið þessarar ritgerðar verður, ásamt því að skoða ákvæði 215. gr. hgl. almennt, að skýra þessar línur og skoða, með hliðsjón af fræðiritum og dómaframkvæmd, hvaða háttsemi megi fella undir ákvæðið. Í sama tilgangi verður einnig skoðað hvernig refsimati íslenskra dómstóla sé háttað vegna brota á ákvæðinu, hvaða atriði hafi áhrif á refsimatið og hver meðallengd refsinga sé fyrir brot á ákvæðinu. Íslenskar heimildir um efnið eru af skornum skammti og hefur ákvæðið að mestu leyti mótast af dómaframkvæmd. Því verður lögð áhersla á að skoða alla dómaframkvæmd Hæstaréttar frá árinu 1940 til dagsins í dag, en auk þess verður leitað í danskan rétt til uppfyllingar og samanburðar.

Efnisskipan ritgerðarinnar verður með þeim hætti að í 2. kafla er fjallað um uppruna ákvæðis um manndráp af gáleysi í íslenskum lögum. Þar er stuttlega gerð grein fyrir upphafi refsilaga á Íslandi og hvernig ákvæði um manndráp af gáleysi hefur þróast í gegnum tíðina, allt fram til núgildandi ákvæðis hegningarlaga. Í 3. kafla er fjallað almennt um ákvæði 215. gr. hgl. Í fyrsta lagi er flokkun ákvæðisins skoðuð og í öðru lagi er gerð ítarleg efniskönnun á ákvæðinu til að sjá hvaða hlutrænu þættir þurfa að vera uppfylltir til að fella megi háttsemi undir ákvæðið.

Í 4. kafla má finna þungamiðju ritgerðarinnar. Þar er ítarlega fjallað um sagnæmisskilyrði 215. gr. hgl. Kaflanum er skipt í sjö undirkafla. Í fyrstu þremur undirkaflunum er hugtakið gáleysi skilgreint, réttargrundvöllur þess skoðaður og gerð grein fyrir mismunandi stigum gáleysis. Í fjórða undirkaflanum er ítarlega farið yfir efri mörk gáleysis og aðgreiningu þess frá ásetningsskilyrðinu dolus eventualis, neðsta stigi ásetnings. Í fimmta undirkaflanum er að sama skapi ítarlega gert grein fyrir neðsta stigi gáleysis og aðgreiningu þess frá refsilausu óhappatilviki. Í sjötta undirkaflanum er farið yfir atriði sem dómstólar líta til við gáleysismat og í sjöunda og síðasta undirkaflanum eru niðurstöður kaflans dregnar saman.

---

<sup>1</sup> Hér eftir verða almenn hegningarlög nr. 19/1940 með síðari breytingum skammstöfuð hgl.

Í 5. kafla er gerð umfangsmikil dómarrannsókn á öllum þeim dómum sem fallið hafa í Hæstarétti frá gildistöku núgildandi hegningarlaga þar sem fjallað er um manndráp af gáleysi. Tekin er saman tölfræði um niðurstöðu þessara dóma, við hvaða aðstæður brotin áttu sér stað og skoðað í samhengi við þjóðfélagsaðstæður á hverjum tíma. Einnig er tekin saman tölfræði yfir tegundir og lengd refsingar í sömu málum. Þá er skoðað hverjar eru helstu refsíákvörðunarástæður í dómum vegna brota á 215. gr. hgl. í samhengi við ákvæði hegningarlaga um refsíþyngingarástæður og málsbætur. Að lokum eru niðurstöður kaflans dregnar saman.

Í 6. kafla ritgerðarinnar eru ákvæði um manndráp af gáleysi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð skoðuð og borin saman við 215. gr. hgl. Að lokum eru niðurstöður ritgerðarinnar í heild teknar saman í sjöunda og síðasta kaflanum.

## 2. Uppruni ákvæðis um manndráp af gáleysi í íslenskum hegningarlögum

Uppruna hegningarlaga á Íslandi má rekja allt aftur til landnáms. Eftir að landnemar settust að á Íslandi varð þeim fljótlega ljóst að þeir þyrftu á lögbundnu ríkisvaldi að halda. Þeir settu sér því sameiginlegt þing árið 930, Alþingi, og veittu því bæði dómsvald og löggjafarvald. Á þeim tíma eignaðist landið sín fyrstu lög en lítið er vitað um innhald þeirra.<sup>2</sup> Það var því ekki fyrr en eftir kristnitöku á Íslandi og með ritlistinni, sem kirkjunni fylgdi, að Íslendingar hófu að rita lög sín<sup>3</sup> og má strax finna ákvæði um manndráp af gáleysi í löggjöf frá þeim tíma.

Í Íslendingabók segir, að lög á Íslandi hafi fyrst verið skráð veturinn 1117-1118. Afrakstur þess var Grágás, en það kallast lög þjóðveldisins, og eru þau varðveitt í tveimur ritum; Konungsbók og Staðarhólsbók.<sup>4</sup> Í Vígslóða, refsilöggjöf Grágásar, er að finna margþætta og ítarlega löggjöf þar sem nákvæmlega er útlistað hvaða athæfi telst refsivert og hver viðurlögin séu.<sup>5</sup> Í 53. kap. Vígslóða er fjallað um manndráp<sup>6</sup> og í 34. kap. er fjallað um óviljaverk.<sup>7</sup> Samkvæmt ákvæðum Grágásar skipti máli við ákvörðun bóta hvort víg var vegið af ásetningi, gáleysi eða af hreinni tilviljun. Þessar bætur voru refsikenndar, ígildi fésekta í dag. Af ákvæðum Grágásar má álykta að lögmætar athafnir, sem leiddu af sér líftjón, hafi

<sup>2</sup> Ólafur Lárusson, *Lög og saga* (Hlaðbúð 1958) 119.

<sup>3</sup> Ólafur Lárusson, *Lög og saga* (Hlaðbúð 1958) 120.

<sup>4</sup> Sigurður Línal, *Réttarsögubættir* (2. útg., Hið íslenska bókmenntafélag 2007) 118.

<sup>5</sup> Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason, *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (Mál og menning 2001) xx.

<sup>6</sup> Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason, *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (Mál og menning 2001) 245.

<sup>7</sup> Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason, *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (Mál og menning 2001) 235.



verið refsilausar og hafi ekki haft í för með sér bótaskyldu. Ef uppi varð vafi um lögmæti athafna virðast málalok hafa verið undir því komin hvort kviður bar af sakamanni eða á. Ef kviður bar á hann þá hafði hann gerst sekur um manndráp af ásetningi og varð bótaskyldur. Ef maður olli dauða annars manns fyrir gáleysi sitt varð hann almennt að bera ábyrgð á því en ekkert sagði um bótaskyldu. Bætur var þó hægt að ákveða í sátt eða með gerðardómi og voru þær þá sennilega eitthvað lægri en hinar almennu bætur fyrir manndráp af ásetningi.<sup>8</sup> Þannig var strax á þjóðveldisöld gerður greinarmunur á manndrápi af ásetningi, gáleysi og óhappatilvikum og voru refsingar ákveðnar í samræmi við það.

Í Jónsbók, lögbók sem Íslendingar fengu senda frá Noregi og lögtekin var á Alþingi árið 1281<sup>9</sup>, var eiginleg refsilög að finna í Mannhelgi og Þjófabálki.<sup>10</sup> Í Jónsbók var greint á milli viljaverka og váðaverka, það er ásetningsbrota og gáleysisbrota. Í 13. kap. Mannhelgi, þar sem fjallað er um váðaverk, er greint á milli óþarfra og þarfra gáleysisverka. Váðaverk voru refsilaus gagnvart konungi en bæta skyldi þeim sem misgert var við eða erfingjum þeirra. Voru þessar bætur einnig refsikenndar, ígildi fésekta í dag.<sup>11</sup> Ef verkið var talið nauðsynlegt og það olli manntjóni þá átti aðili að greiða fjórðung bóta. Ef verkið taldist þarflaust skyldi aðili greiða hærri bætur.<sup>12</sup> Fyrir viljaverk skyldi ávallt refsa að öðrum skilyrðum uppfylltum.<sup>13</sup> Þannig var einnig á tímum Jónsbókar gerður greinarmunur á manndrápum af ásetningi og gáleysi sem birtist í mismunandi refsingum.

Megingildistími Jónsbókar stóð fram á 18. öld. Á síðari hluta 17. aldar lét Kristján konungur V. semja miklar allsherjarlögbækur fyrir Dani og Norðmenn sem kallaðar voru Dönsku lög og Norsku lög. Þessi lög áttu ekki að gilda á Íslandi en með konungsbréfi 19. febrúar árið 1734 voru ákvæði Norsku laga um vígs- og þjófnaðarmál lögleidd á Íslandi og áttu að koma í stað Jónsbókar.<sup>14</sup> Með ákvæðum Norsku laga voru ýmsar tilskipanir fyrir Noreg, bæði eldri og yngri, í framkvæmdinni láttnar gilda hér á landi, jafnframt því sem Íslandi var á næstu áratugum gefin nokkur lagaboð um hegningar fyrir ýmis lögbrot.<sup>15</sup> Samkvæmt Norsku lögum var meginreglan sú að fyrir manndráp skyldu menn gjalda með

<sup>8</sup> Einar Arnórsson, „Niðgjöld - Manngjöld“ (1951) 1 Tímarit lögfræðinga 173, 202.

<sup>9</sup> Sigurður Línal, *Réttarsögubættir* (2. útg., Hið íslenska bókmenntafélag 2007) 122-123.

<sup>10</sup> Þórður Eyjólfsson, „Refsiréttur Jónsbókar“ í Guðbrandur Jónsson (ritstj.) *Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni Hæstaréttardómara dr. juris sextugum 24. febrúar 1940* (Ísfoldarprentsmiðja h.f. 1940) 166.

<sup>11</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 14.

<sup>12</sup> Einar Arnórsson, „Niðgjöld - Manngjöld“ (1951) 1 Tímarit lögfræðinga 173, 202-203.

<sup>13</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 14.

<sup>14</sup> Lovsamling for Island 1721-1748, 2. bindi, 170-171.

<sup>15</sup> Páll Sigurðsson, *Svipmyndir úr réttarsögu: þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Bókaútgáfan Skjaldborg 1992) 31.

lífínu.<sup>16</sup> Í tilskipun 4. okt. 1833 var mælt fyrir um að hætt skyldi að beita ákveðnum köflum Norsku laga. Markmiðið með tilskipuninni var meðal annars að gera nákvæmari greinarmun á ásetnings- og gáleysisverkum og að setja ítarleg ákvæði um manndráp af gáleysi. Með þessari tilskipun voru refsingar fyrir líkamsárásir og manndráp af gáleysi mildaðar verulega og er í tilskipuninni að finna ítarleg ákvæði um með hvaða hætti stig ásetnings eða gáleysis skuli verka á nánari ákvörðun refsingar.<sup>17</sup>

Árið 1838 var svo boðið að ákvæði Dönsku laga um sakamál og flest dönsk lagaboð sem lutu að refsímálum skyldu framvegis gilda á Íslandi.<sup>18</sup> Þar með var þágildandi refsilöggjöf Danmerkur lögleidd á Íslandi og refsíákvæðum Jónsbókar útrýmt. Giltu þessi lög í 31 ár, fram að setningu íslensku hegningarlaganna árið 1869.<sup>19</sup>

Þann 25. júní 1869 fengu Íslendingar sín fyrstu almennu hegningarlög.<sup>20</sup> Þau byggðu að mestu leyti á dönsku hegningarlögunum „Almindelig borgerlig Straffelov“ sem staðfest voru af konungi þann 10. febrúar 1866.<sup>21</sup> Í hgl. 1869 var að finna sérstakt ákvæði um manndráp af gáleysi í 200. gr. Samkvæmt ákvæðinu varðaði manndráp af gáleysi fangelsi að lágmarki í hálfan mánuð eða sektum að lágmarki 10 ríkisdali ef verkið var ekki svo alvarlegt að þyngri hegning lægi við því. Þá mátti beita betrunarhúsvinnu í allt að tvö ár ef sakir voru mjög miklar.<sup>22</sup> Engar sérstakar athugasemdir voru gerðar við 200. gr. í frumvarpi til hgl. 1869.<sup>23</sup>

Þann 12. febrúar 1940 tóku ný almenn hegningarlög nr. 19/1940 gildi á Íslandi og gilda þau enn. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til laganna þótti nauðsyn að setja ný hegningarlög þar sem refsifræði hafði tekið stakkaskiptum og breytingar hefðu orðið á íslenskum þjóðarhögum.<sup>24</sup> Dönsku hegningarlögin frá 1930 voru að miklu leyti höfð til fyrirmyndar við samningu frumvarpsins til hgl. en einnig var höfð hliðsjón af annarri erlendri refsilöggjöf og frumvörpum til refsilaga með það fyrir augum hvað myndi henta best á Íslandi.<sup>25</sup>

---

<sup>16</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum“ í Ingi Sigurðsson (ritstj.), *Upplýsingin á Íslandi* (Hið íslenska bókmenntafélag 1990) 68.

<sup>17</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum“ í Ingi Sigurðsson (ritstj.), *Upplýsingin á Íslandi* (Hið íslenska bókmenntafélag 1990) 74-75.

<sup>18</sup> Lovsamling for Island 1837-1840, 11. bindi, 160-171.

<sup>19</sup> Páll Sigurðsson, *Svipmyndir úr réttarsögu: þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Bókaútgáfan Skjaldborg 1992) 31.

<sup>20</sup> Hér eftir skammstöfuð hgl. 1869.

<sup>21</sup> Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1867, síðari partur, 125-126.

<sup>22</sup> Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1867, síðari partur, 99.

<sup>23</sup> Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1867, síðari partur, 144-145.

<sup>24</sup> Alþt. 1939, A-deild, 351.

<sup>25</sup> Alþt. 1939, A-deild, 353.

Í XXIII. kafla hgl., sem ber heitið „Manndráp og líkamsmeiðingar“, var að finna sérstakt ákvæði um manndráp af gáleysi í 215. gr. og varðaði brotið sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.<sup>26</sup> Í frumvarpinu var vísað til 200. gr. hgl. 1869 og það talið efnislega samhljóða.<sup>27</sup> Hefur 215. gr. hgl. staðið nánast óbreytt frá setningu laganna árið 1940. Eina breytingin sem orðið hefur á 215. gr. hgl. var gerð með 108. gr. laga nr. 82/1988 um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingu, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) þar sem orðið „varðhald“ var tekið út. Í dag hljóðar ákvæðið því svo:

**215. gr.** Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum ... eða fangelsi allt að 6 árum.

### **3. Almenn um ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi**

#### **3.1. Flokkun ákvæðis 215. gr. hgl.**

Algennt er að afbrot séu flokkuð með ýmsum aðferðum með það að markmiði að bera saman efni og uppbyggingu refsíákvæða á kerfisbundinn hátt í leit að sameiginlegum meginráttum. Slík flokkun hefur einkum fræðilegt gildi og er ekki einhlít. Hún getur ýmist verið reist á efni refsíákvæða eða formi þeirra. Flokkun eftir efni refsíákvæða byggist annað hvort á verndarhagsmunum, þar sem horft er til þess hvort að viðkomandi refsíákvæði er ætlað að vernda einstaklingshagsmuni eða almannahagsmuni, eða á verknaðaraðferðum, þar sem horft er til aðferða við að drýgja brot, án tillits til afleiðinga þeirra. Flokkun eftir formi refsíákvæða byggist annaðhvort á skiptingu í athafnabrot og athafnaleysisbrot, sem byggir á gamalli hefð í refsirétti og er einkum til hagræðis í fræðilegu tilliti, eða á fullframningarstigi brotsins, en sú flokkun hefur hvað mesta þýðingu þegar ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi er skoðað.<sup>28</sup>

Við flokkun eftir fullframningarstigi eru refsíákvæði flokkuð sem tjónsbrot, hættubrot eða samhverf brot. Ákvæði eru flokkuð sem tjónsbrot ef krafa er gerð um að tiltekin afleiðing hafi hlotist af verknaði. Hættubrot eru þau brot þar sem krafa er gerð um að verknaður hafi valdið hættu eða sé til þess fallinn að valda hættu. Þá eru samhverf brot þau brot þar sem verknaðurinn einn og sér dugir til fullframningar brotsins.<sup>29</sup> Í ákvæði 215. gr. hgl. um

<sup>26</sup> Alþt. 1939, A-deild, 342.

<sup>27</sup> Alþt. 1939, A-deild, 390.

<sup>28</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 57.

<sup>29</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 74.

manndráp af gáleysi er gerð krafa um þá afleiðingu að mannsbani hljóttist af og flokkast það því sem tjónsbrot. Það hefur þýðingu við efniskönnun ákvæðisins og heimfærslu háttsemi undir ákvæðið, eins og nánar verður fjallað um í kafla 3.2.

Einnig er áhugavert að skoða flokkun 215. gr. hgl. eftir verndarhagsmunum. Hegningarlögum í heild hefur verið skipt niður eftir mismunandi verndarhagsmunum. Í fyrstu köflum laganna fjalla ákvæðin um vernd á almannahagsmunum. Í miðhlutanum tekur refsiverndin til almannahagsmuna og einstaklingshagsmuna í bland. Undir lok laganna eru kaflar þar sem verndarhagsmunirnir eru einstaklingsbundnir.<sup>30</sup> Ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi er að finna undir lok lagabálksins, í XXIII. kafla, þar sem verndarhagsmunirnir eru taldir einstaklingsbundnir. Refsiverndin er þannig fyrst og fremst bundin við hagsmuni þess einstaklings sem fyrir brotinu verður, það er sá sem deyr af völdum gáleysislegs verknaðar annars manns. Þó mætti færa rök fyrir því að refsivernd flestra ákvæða hegningarlaga nái einnig til almannahagsmuna, jafnvel þó einungis einn einstaklingur sé brotapolí, þar sem hagsmunir samfélagsins í heild standa til þess að búa við öryggi og spila varnaðaráhrif refsinga þar stórt hlutverk.

### **3.2. Efniskönnun ákvæðis 215. gr. hgl.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. hgl. skal ekki refsa manni nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem refsing er lögð við í lögum. Þannig er verknaður ekki refsiverður nema háttsemin sé refsiverð samkvæmt lögum. Refsiverður verknaður, í rýmri merkingu hugtaksins verknaður, tekur til efnislýsingar eða verknaðarlýsingar afbrots í heild sinni. Til þess að háttsemi sé refsinnæm verður hún þannig að falla undir efnislýsingu tiltekins refsíákvæðis laga.<sup>31</sup> Við skoðun refsíákvæðis, eins og 215. gr. hgl., er því nauðsynlegt að greina efnislýsingu ákvæðisins til þess að átta sig nákvæmlega á hvaða háttsemi sé refsinnæm samkvæmt ákvæðinu.

Efnislýsing getur verið misjafnlega umfangsmikil eftir tegund brota þar sem fullframningarstig afbrota er mismunandi. Tegundir brota, flokkuð eftir fullframningarstigi, geta ýmist verið, eins og áður hefur komið fram, tjónsbrot, hættubrot eða samhverf brot. Sé um tjónsbrot að ræða, eins og ákvæði 215. gr. hgl. er, tekur verknaður til þriggja efnisþátta: frumverknaðar, sérstakra verknaðaraðstæðna sem áskildar kunna að vera og loks til afleiðinganna.<sup>32</sup> Þessir efnisþættir eru í meginatriðum hlutræns eðlis, það er varða önnur

<sup>30</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 58.

<sup>31</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 32.

<sup>32</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 32.

atriði en hina huglægu afstöðu gerandans.<sup>33</sup> Hér verður farið yfir efnisþætti tjónsbrotsins manndráps af gáleysi.

### 3.2.1 Frumverknaður

Sú athöfn eða athafnaleysi, sem leiðir til afleiðinga brots samkvæmt verknaðarlýsingu ákvæðis hegningarlaga, hefur verið nefnd heildarheitinu frumverknaður.<sup>34</sup> Lágmarksinntak frumverknaðar er fólgið í ytri líkamlegri hreyfingu sem hægt er að greina í umhverfinu og er manni sjálfráð (athöfn) eða möguleg þótt hún sé ekki framkvæmd (athafnaleysi).<sup>35</sup> Skilyrðið um ytri líkamlega hreyfingu útilokar þannig hugsanir og óskir sem birtast ekki í neinum ytri ummerkjum. Frumverknaður er yfirleitt unninn af hinum brotlega sjálfum en milliliðir geta þó verið mögulegir, eins og að nota börn eða þjálfuð dýr. Það skilyrði frumverknaðar að hreyfingin sé manni sjálfráð útilokar þannig verk unnin í svefni, dáleiðslu eða vegna taugasjúkdóma sem leiða til ósjálfráða viðbragða. Þvingun getur einnig verið þannig varið að hún geri verknað refsilausan,<sup>36</sup> sbr. greinargerð með 6. tölulið 1. mgr. 74. gr. hgl. þar sem segir að ef einhver sé þvingaður með fullkominni mekanískri nauðung til að fremja brot geti það verið refsilaust.<sup>37</sup> Þá fellur hugtakið athafnaleysi einnig undir frumverknað þegar löggjafinn hefur mælt fyrir um skyldu til athafna, það er skyldu til ytri líkamlegrar hreyfingar. Til þess að hægt sé að refsa fyrir athafnaleysi þarf þó að hafa verið mögulegt fyrir viðkomandi að inna skylduna af hendi. Ef ómögulegt var að vinna verk, svo sem að bjarga manni úr lífsháská, skortir refsigrundvöll.<sup>38</sup>

Öll framangreind atriði eru lágmarksskilyrði frumverknaðar í verknaðarlýsingu allra tjónsbrota og eiga því við um ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi. Ef þessi lágmarksskilyrði frumverknaðar eru ekki uppfyllt er ekki um tjónsbrot að ræða og ekki er hægt að heimfæra verknað undir 215. gr. hgl. Athygli skal þó vakin á því að í 215. gr. hgl. er engin verknaðaraðferð við frumverknað tilgreind og eru því engar takmarkanir settar á verknaðaraðferð frumverknaðar.

Í dómum sem fjalla um manndráp af gáleysi er lágmarksinntak frumverknaðar brotsins yfirleitt óumdeilt. Í flestum málum liggur ljóst fyrir að ákærði sé hinn raunverulegi

<sup>33</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 38.

<sup>34</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 32.

<sup>35</sup> Ísleifur Árnason, „Afbrot“ í Steingrímur J. Þorsteinsson (ritstj.), *Samtíð og saga: nokkrir háskólafrirlestrar* (2. bindi, Ísafoldarprentsmiðja, 1943) 160; Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 32.

<sup>36</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 33.

<sup>37</sup> Alþt. 1939, A-deild, 369.

<sup>38</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 34.

gerandi og snýr deiluefnið frekar að saknæmiskröfum ákvæðisins. Það er ekki að sjá að Hæstiréttur hafi sýknað ákærða fyrir brot á 215. gr. hgl. á grundvelli þess að lágmarksinntak frumverknaðar ákvæðisins hafi ekki verið uppfyllt, enda myndu slíkt mál í fæstum tilvikum enda fyrir dómstólum. Það má þó hugsa sér tilvik þar sem slíkt kæmi til greina. Ef gerandi gengur í svefni inn í bifreið, ekur henni á ofsahraða og verður öðrum manni að bana við árekstur er skilyrðið um hina sjálfráða hreyfingu ekki uppfyllt, sjálf undirstaða verknaðarins. Saknæmisskortur myndi þó í flestum tilvikum leiða til sömu niðurstöðu.

Við mat á lágmarksinntaki frumverknaðar verður einmitt að gera greinarmun á sjálfráðri líkamlegri hreyfingu og saknæmisskilyrðunum ásetningi og gáleysi. Tengsl þurfa að vera milli vitundar og hreyfingar líkamans. Sem dæmi má nefna voðaskot, en manndráp af gáleysi getur hlotist af slíkum skotum. Ef tekið er í gikk á byssu við veiðar en skotið lendir óvart í veiðifélaga skotmannsins reynir á mörk refsiverðs gáleysis og refsilausrar óhappatilviljunar, það er saknæmisskilyrðið. Ef utanaðkomandi hlutur, eins og trjágrein, rekst í gikkinn með sömu afleiðingum, vantar hinar sjálfráðu hreyfingu skotmannsins, frumverknaðinn í tjónsbrotinu, sem er hinn hlutræni grundvöllur refsíabyrgðar. Aftur á móti gæti fleira spilað inn í þetta dæmi, eins og hvort meðferð skotvopnsins sem slíkt gæti talist gáleysisbrot. Það getur því verið erfitt í framkvæmd að halda þessu lágmarksskilyrði frumverknaðar aðgreindu frá saknæmisskilyrðunum.<sup>39</sup>

### 3.2.2 Verknaðaraðstæður

Verknaðaraðstæður eru þau atriði í verknaðarlýsingu refsíákvæðis sem tengjast frumverknaðinum, en eru þó ekki beinlínis hluti af honum. Þessi atriði þurfa að vera fyrir hendi þegar verk er unnið. Sem dæmi um slíkt atriði má nefna tiltekna staðarákvörðun eða tímaákvörðun, starf geranda eða starf verknaðarþola. Engar sérstakar verknaðaraðstæður eru tilgreindar í 215. gr. hgl. og gildir þá meginreglan um að gerandi brots, það er fremjandi manndráps af gáleysi, getur verið sérhver lifandi maður sem vinnur tiltekinn frumverknað. Til þess að geranda sé refsað þarf hann þó að vera sakhæfur. Verknaðarþoli getur einnig verið sérhver maður, allt frá fæðingu til dauða.<sup>40</sup>

<sup>39</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 34.

<sup>40</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 36.

### 3.3.3 Afleiðing verks

Verknaðarlýsingar á tjónsbrotum gera ráð fyrir afleiðingu verks. Fullframningarstig brotanna miðast við að slík afleiðing komi fram, andstætt við hættubrot og samhverf brot. Afleiðingin getur komið fram strax við verknaðinn eða í kjölfar hans.<sup>41</sup> Afleiðing manndráps af gáleysi er sú að verknaðarþoli láti lífið. Ekki er hægt að beita tilraunarákvæði 20. gr. hgl. í tilvikum manndráps af gáleysi þar sem ásetningur er skilyrði þess, sbr. 1. mgr. 20. gr. hgl. Ef gáleysisleg háttsemi leiðir ekki til dauða verknaðarþola en til dæmis einungis til líkamlegra áverka er skilyrðið um afleiðingu samkvæmt verknaðarlýsingu ákvæðisins ekki uppfyllt. Þá væri ef til vill hægt að heimfæra verknaðinn undir annað ákvæði hegningarlaga, til dæmis 219. gr. hgl. sem fjallar um líkamsmeiðingar af gáleysi.

### 3.3.4 Hlutdeild í broti á 215. gr. hgl.

Að lokum skal bent á að verknaðarlýsing 215. gr. hgl. tekur ekki til athafna fyrir og eftir framkvæmd brots; athafna sem stuðla að brotinu beint eða óbeint. Í sumum tilvikum getur þó verið nauðsynlegt að rýmka refsíabyrgðina þannig að hún nái út fyrir verknaðarlýsingu ákvæðisins og til þeirra manna sem standa utan við þá atburðarrás sem verknaðarlýsing ákvæðisins tekur til. Hlutdeildarregla 22. gr. hgl. gegnir mikilvægu hlutverki í þessu sambandi.<sup>42</sup> Samkvæmt 22. gr. hgl. getur hlutdeild verið ýmist ásetningshlutdeild í ásetnings- eða gáleysisbrotum eða gáleysishlutdeild í ásetnings- eða gáleysisbrotum.<sup>43</sup> Hlutdeild í broti á 215. gr. hgl. er því möguleg, hvort sem hlutdeildin er framin af ásetningi eða gáleysi. Einn dómur hefur fallið í Hæstarétti þar sem ákærði var sakfelldur fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi.

**Hrd. 17. mars. 1952 í máli nr. 73/1951.** A, sem hafði ökuleyfi bifreiðarstjóra, en ekki rétt til að kenna bifreiðarakstur, fékk konu sinni B, er að vísu hafði fengið nokkra tilsögn í akstri, en ekki ökuréttindi, stjórn bifreiðar, en sat sjálfur við hlið hennar í framsætinu. Á undan bifreiðinni gekk maður í sömu átt á vinstri helmingi götunnar, en gatan var gangstéttarlaus. B ætlaði að aka framhjá manningnum hægra megin, en hann vék þá til sömu hliðar án þess að líta við. B ætlaði þá að aka út af götunni til hægri, en kvað manninn þá hafa hlaupið beint í veg fyrir bifreiðina. B beitti þá fóthemli og A handhemli bifreiðarinnar, en þrátt fyrir það stöðvaðist bifreiðin ekki fyrr en hún lenti á rafmagnsstaur og varð maðurinn á milli bifreiðarinnar og stausins og slasaðist til ólífis. Samkvæmt gögnum málsins var miðað við það að háttsemi vegfarandans hefði að nokkru verið orsök slyssins, jafnframt því

<sup>41</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 37.

<sup>42</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 132.

<sup>43</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 142.

sem gálausum akstri bifreiðarinnar var um að kenna. B var meðal annars sakfelld fyrir brot á 215. gr. hgl. og A var sakfelldur meðal annars fyrir hlutdeildarbrot í 215. gr. hgl., sbr. 22. gr. hgl. og voru þau bæði dæmd í 30 daga varðhald.

Af þessum dómi má sjá að jafnvel þó A hafi ekki valdið verknaðinum með eigin frumverknaði er refsíabyrgð hans rýmkuð á grundvelli 22. gr. hgl. Ákærðu hlutu bæði sömu refsingu, en refsimörk fyrir hlutdeild eru hin sömu og fyrir aðalverknað. Það er þó heimilt að milda refsingu fyrir hlutdeild innan refsimarka brotategundar,<sup>44</sup> sbr. 2. og 3. mgr. 22. gr. hgl., en sú heimild virðist ekki hafa verið nýtt í þessu máli.

### 3.3.5 Niðurstaða

Allir framangreindir þættir efnislýsingar ákvæðis 215. gr. hgl., sem fjallað var í um köflunum um frumverknað, verknaðaraðstæður og afleiðingar, eða skilyrði hlutdeildar, þurfa að koma fram og skilyrði þeirra þurfa að vera uppfyllt til að hægt sé að heimfæra verknað, sem leiðir til dauða annars manns, undir 215. gr. hgl. samkvæmt verknaðarlýsingu þess ákvæðis. En þó að verknaðarlýsing passi við afbrot þarf saknæmisskilyrðið einnig að vera uppfyllt til þess að heimfærsla undir 215. gr. hgl. sé möguleg. Sú regla gildir um saknæmisskilyrði í tengslum við tjónsbrot, að ásetningur og gáleysi, þegar við á, verður að taka til allra efnisþátta verknaðar, eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu refsíákvæðis, þar á meðal til afleiðinga verknaðar, sbr. 18. og 19. gr. hgl.<sup>45</sup> Í næsta kafla verður verður fjallað sérstaklega um saknæmisskilyrði 215. gr. hgl.

## 4. Saknæmisskilyrði 215. gr. hgl.

Saknæmisskilyrðin eru tvö í íslenskum rétti, ásetningur og gáleysi. Sama grundvallarhugmynd liggur að baki báðum skilyrðunum. Í þeim felst huglæg afstaða geranda til verknaðar sem teljast verður ámælisverð eða vítaverð gagnvart öðrum mönnum. Lögjafarvaldið og dómstólar hafa þurft að útfæra nánar þennan matskennda mælikvarða, sem reynst hefur afar endingargóður þrátt fyrir miklar þjóðfélagsbreytingar síðustu áratugi.<sup>46</sup>

Mikill stigsmunur er þó á saknæmisskilyrðunum tveimur. Þessi munur birtist fyrst og fremst í ólíkum refsimörkum laga og mismunandi refsíákvörðunarástæðum,<sup>47</sup> sbr. 6. tölulið 1.

<sup>44</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 143.

<sup>45</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 75.

<sup>46</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 122.

<sup>47</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 122.



mgr. 70. gr. hgl. sem tiltekur að taka skuli til greina við ákvörðun refsingar hversu styrkur og einbeittur vilji geranda hefur verið, það er hvaða stig sagnæmisskilyrðanna liggur að baki brotinu.<sup>48</sup> Hin ólíku refsímörk sjást ef borin eru saman ákvæði 215. gr. og 211. gr. hgl. Einungis skal refsað fyrir manndráp á grundvelli 215. gr. hgl. ef það er framið af gáleysi en ef manndráp er framið af ásetningi fellur það undir 211. gr. hgl. Refsingin fyrir manndráp af gáleysi er sektir eða fangelsi allt að sex árum en fyrir manndráp af ásetningi er refsingin fangelsi eigi skemur en fimm ár eða ævilangt. Munurinn á refsímörkum þessara tveggja ákvæða er mikill. Í ritgerð sem fjallar um manndráp af gáleysi er því afar mikilvægt að skoða hugtakið gáleysi vel og bera saman við sagnæmisskilyrðið ásetning til þess að átta sig á því í hvaða tilvikum manndráp er framið af gáleysi þannig að fella megir það undir 215. gr. hgl. Við skoðun á hugtakinu gáleysi er einnig mikilvægt að gera greinarmun á gáleysi og refsilausu óhappatilviki sem leiðir til líftjóns. Í þessum kafla verður sagnæmisskilyrðið gáleysi skoðað ítarlega með hliðsjón af fræðiskrifum og dómaframkvæmd og það borið saman við lægsta stig ásetnings sem og refsilaus óhappatilvik. Þá verður gáleysismat dómstóla skoðað sérstaklega.

#### 4.1. Hugtakið gáleysi

Hugtakið gáleysi er hvorki skilgreint í lögum né í lögskýringargögnum.<sup>49</sup> Smám saman hafa því myndast ólögfestar reglur um mörk og efni gáleysis, aðallega fyrir tilstilli dómstóla og fræðilegrar umfjöllunar. Eftirfarandi skilgreining gáleysis hefur verið sett fram í fræðilegri umfjöllun um íslenskan refsirétt, en hún er miðuð bæði við tjónsbrot og samhverft brot, en eins og áður var nefnt telst manndráp af gáleysi til tjónsbrot:

Það er gáleysi, ef hinn brotlegi *álítur* eða hefur *hugboð* um, að refsinnæm afleiðing verknáðar *kunni að koma fram* (tjónsbrot), eða hann hefur hugboð um, að aðrir refsinnæmir þættir verknáðarlýsingar *kunni að vera til staðar* (samhverft brot), en hann vinnur verkið *í trausti þess*, að afleiðingin komi ekki fram eða að hugboðið reynist ekki rétt. Enn fremur er það gáleysi, ef hinn brotlegi, sem gegn og skynsamur maður, *hefði átt að gera sér grein fyrir* nefndum aðstæðum og bregðast við í samræmi við þær, en hann hefur hins vegar ekki gætt þeirrar varkárni, sem af honum mætti ætlast.<sup>50</sup>

Skilgreiningin er tvíþætt. Fyrri hluti hennar lýsir meðvituðu gáleysi, en það spannar neðsta stig vitundarmælikvarðans í framhaldi af lægsta stigi ásetnings. Í síðari hluta

<sup>48</sup> Nánar er fjallað um þetta ákvæði í kafla 5.2.1.

<sup>49</sup> Alþt. 1939, A-deild, 357.

<sup>50</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 123.

skilgreiningarinnar er ómeðvituðu gáleysi lýst. Þar er horfið frá vitundarmælikvarða og byggt á félagslegu og siðferðislegu mati háttseminnar, nánar tiltekið því hvernig gegn og skynsamur maður (bonus pater familias) hefði hagað sér við þær aðstæður sem á reynir hverju sinni. Ómeðvituð gáleysisábyrgð styðst þannig við ólögfasta vísireglu sem vísar til mælikvarða á hegðun fólks við ákveðnar aðstæður. Á grundvelli þessarar vísireglu sker ómeðvitað gáleysi sig frá meðvituðu gáleysi og frá ásetningi á öllum stigum hans.<sup>51</sup> Bæði meðvitað og ómeðvitað gáleysi geta átt við 215. gr. hgl. eins og kemur fram í kafla 4.3. hér á eftir.

#### 4.2. Réttargrundvöllur gáleysis

Í 18. gr. hgl. segir að refsiverður verknaður sé einungis saknæmur ef hann er unnin af ásetningi eða gáleysi, en fyrir gáleysisbrot skuli aðeins refsa ef sérstök heimild sé til þess í hegningarlögunum sjálfum. Ákvæðið gerir ásetning þannig að megin skilyrði hegningarlaga um saknæmi<sup>52</sup> og af orðalagi þess má ráða að saknæmisskilyrðin taki til frumverknaðar, það er til þeirrar athafnar sem leiðir til afleiðingar brots samkvæmt verknaðarlýsingu ákvæða hegningarlaga. Heimildin í ákvæðinu til að refsa eingöngu fyrir gáleysisbrot hefur ekki sjálfstætt gildi sem saknæmisskilyrði heldur vísar til sérstakra heimilda annars staðar í lögunum.<sup>53</sup> Gáleysisheimildir í hegningarlögunum, settar á grundvelli 18. gr. hgl., eru settar fram á margvíslegan hátt. Gáleysi kann að standa í sama ákvæði og ásetningur, sbr. 262. gr. hgl. eða í sérstakri málsgrein, sbr. 2. mgr. 176. gr. hgl. Þá er mikilvægustu gáleysisbrotunum lýst í sérstökum lagagreinum, eins og gert er í 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi.<sup>54</sup>

Í 19. gr. hgl. segir að ef refsinaemi verknaðar sé bundið því skilyrði samkvæmt hegningarlögunum, að verkið hafi í för með sér tiltekna afleiðingar, teljist því skilyrði ekki fullnægt nema gáleysi sakbornings megi að minnsta kosti um afleiðingarnar kenna, eða því að sakborningur hafi ekki gert sér far um að afstýra eftir mætti þeirri hættu sem verkið hafði í för með sér þegar hann varð hennar var. Ákvæðið er ekki almenn gáleysisheimild heldur gegnir fyrst og fremst áhersluhlutverki. Með því er því slegið föstu að saknæmi sé fortakslaust skilyrði refsíábyrgðar, og þá gáleysi hið minnsta, og að saknæmisskilyrðin gildi um afleiðingu verknaðar sem efnispátt tjónsbrot, en 18. gr. hgl. vísar eingöngu til frumverknaðar. Í 2. málslíð 19. gr. er gengið skrefi lengra með því að leggja gáleysisábyrgð á geranda ef hann vanrækir að reyna að afstýra eftir mætti þeirri hættu sem verk hans hafði í för

<sup>51</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 123.

<sup>52</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 22.

<sup>53</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 124.

<sup>54</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 125.

með sér, þegar er hann varð hennar var.<sup>55</sup> Í því tilviki hefur gerandi hvorki séð né átt að sjá afleiðinguna fyrir þegar hann byrjaði á verkinu en verður var við það síðar að afleiðing kunní að leiða af verki hans. Þá ber honum skylda til að reyna eftir mætti að koma í veg fyrir hana.<sup>56</sup>

Ákvæði 18. og 19. gr. hgl. eru takmörkuð við hegningarlögin sjálf og taka því ekki til brota gegn sérrefsilögum. Gáleysisábyrgð á sviði sérrefsilaga styðst við saknæmisskilyrði þeirra laga, ef slík skilyrði er þar að finna. Ef sérrefsilög hafa ekki að geyma saknæmisskilyrði styðst gáleysisábyrgð við óskráða grundvallarreglu um saknæmi. Byggist hún á gagnályktun frá 18. gr. hgl., þannig að sú takmörkun sem felst í 18. gr. hgl. um að almennt sé áskilinn ásetningur, gildi eingöngu um hegningarlögin en ekki utan þeirra. Þannig megi refsfa fyrir gáleysisbrot í öðrum lögum en hegningarlögum, án sérstakrar lagaheimildar til þess, ef sérrefsilögin hafa ekki sérstakar gáleysisheimildir.<sup>57</sup> Dæmi um lögfest ákvæði um saknæmi má finna í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni þar sem heimilað er að refsað sé fyrir brot á lögunum ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Dæmi um sérrefsilög þar sem ekki er minnst á saknæmi sem refsiskilyrði, þar sem hin óskráða grundvallarregla um saknæmi gildir, er 19 gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd.<sup>58</sup> Þessi óskráða grundvallarregla kemur ekki til frekari skoðunar við athugun á 215. gr. hgl. þar sem hún á eingöngu við um sérrefsilöggjöf.

Ef ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi er skoðað í samhengi við 18. og 19. gr. hgl. má sjá að sérstaka gáleysisheimild er að finna í 215. gr. hgl. sem sett er á grundvelli 18. gr. hgl. Gáleysi verknaðarins í ákvæðinu nær samkvæmt 18. gr. hgl. til frumverknaðar og til afleiðinga samkvæmt 19. hgl. og er það fortakslaust skilyrði þess að hægt sé að fella brot undir 215. gr. hgl. að gáleysi nái bæði til frumverknaðar og afleiðinga.

### 4.3. Flokkun gáleysis

Í fyrrnefndri skilgreiningu gáleysis er gerður greinarmunur á tvenns konar gáleysi, meðvituðu og ómeðvituðu gáleysi. Yfirleitt taka refsíákvæði með gáleysisheimild til beggja afbrigðanna. Frá því eru undantekningar, sjá 152. gr. hgl. (grunur um fölsun), þar sem meðvitað gáleysi er skilyrði, en í ákvæðinu segir að hver sem lætur úti peninga sem hann *hefur grun um* að séu

<sup>55</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 124.

<sup>56</sup> Alþt. 1939, A-deild, 358.

<sup>57</sup> Jónatan Þórmundsson, „Grundvallarreglan um saknæmi“ í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.) *Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000* (Bókaútgáfa Orators 2000) 325-326.

<sup>58</sup> Jónatan Þórmundsson, „Grundvallarreglan um saknæmi“ í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.) *Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000* (Bókaútgáfa Orators 2000) 325.

falsaðir skuli sæta refsingu. Meðvitað gáleysi er að jafnaði talið vítaverðara og alvarlegra en ómeðvitað gáleysi. Þó er ekki sjálfgefið að meðvitað gáleysi teljist einnig stórfellt gáleysi, en það eykur vissulega líkur á að gáleysi sé virt sem stórfellt ef gerandi hefur haft það hugboð eða skoðun að tiltekin afleiðing hljótist af verknaði, ákveðin hætta stafi af því en hann vinnur verkið engu að síður í trausti þess að afleiðingin komi ekki fram eða að hugboðið reynist ekki rétt. Það reynir þá fyrst og fremst á dómstóla að meta hverju sinni hvort gáleysi hafi verið meðvitað eða ómeðvitað miðað við málsatvik. Sú staða kann því að koma upp, þegar lög takmarka ábyrgð við stórfellt gáleysi, að sýknað sé fyrir brot þótt gáleysi teljist meðvitað af því að það þykir samt ekki uppfylla lagaskilyrðið um stórfellt gáleysi. Á hinn bóginn gæti stórfellt gáleysi nægt til sakfellingar þótt ósannað sé að um meðvitað gáleysi sé að ræða.<sup>59</sup> Í ákvæði 215. gr. hgl. er ekki gerður áskilnaður um annaðhvort meðvitað eða ómeðvitað gáleysi og tekur gáleysisábyrgð ákvæðisins því beggja afbrigðanna.

Í reynd er algengast í dómsmálum, sem taka á gáleysisbrotum, að ómeðvitað gáleysi komi til álita sem refsiskilyrði. Í stað vitundarmælikvarðans verður þá að styðjast við vísiregluna um hinn gegna og skynsama mann. Gerandi hefur þá ekki hugboð eða grun um að tiltekin afleiðing hljótist af verknaði en hefði átt að gera sér grein fyrir aðstæðunum og bregðast við í samræmi við þær ef hann hefði sýnt þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast sem gegnum og skynsömum manni. Um slíka vanrækslu eru notuð ýmis orð, svo sem aðgæsluskortur, andvaraleysi, eftirlitsskortur, fífldirfska, hirðuleysi, hugsunarleysi, kæruleysi, mistök, óaðgæsla, fyrirleitni, ógætni, óvarkárni, sinnuleysi, skeytingarleysi, vangá. Það skiptir þó yfirleitt engu máli hvert þeirra er notað um venjulegt gáleysi. Ómeðvitað gáleysi spannar þannig breytt svið vanrækslu.<sup>60</sup>

Flestir dómur sem fjalla um manndráp af gáleysi byggja á vísireglu ómeðvitaðs gáleysis um hinn gegna og skynsama mann. Ef til vill er það vegna þess að erfitt eða jafnvel ómögulegt getur reynst að sanna hugboð og grun sakborninga, sem er grundvöllur meðvitaðs gáleysis. Þegar kemur að vísireglunni þarf einungis að sýna fram á, miðað við mat á háttseminni, hvernig eðlilegt hefði verið að bregðast við aðstæðunum og hvort sakborningur hefði átt að bregðast öðruvísi við. Eitt skýrasta dæmið um þetta í íslenskri dómaframkvæmd, þegar kemur að brotum á 215. gr. hgl., er eftirfarandi dómur sem varðar manndráp af gáleysi í umferðinni, þar sem tekið er fram að ákærði hafi sýnt þá varkárni sem búast mætti við af öikumanni og var hann því sýknaður.

<sup>59</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 126.

<sup>60</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 127.

**Hrd. 21. mars 1961 í máli nr. 191/1960.** Í var meðal annars ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að Í ók bifreið sinni í Neskaupstað á um 30 km/klst þegar fimm ára gamall drengur ók á reiðhjóli inn á akbrautina austan við hús í götunni og lenti framan á bifreiðinni hægra megin. Drengurinn hlaut mikið lemstur og lést daginn eftir. Ekki var talið upplýst að ákærði Í hefði orðið var við ferðir barnsins, fyrr en það skall á bifreiðinni og þótti leitt í ljós að ákærði hefði ekki getað við þessar aðstæður séð óvænta umferð frá þeim stað er drengurinn kom hjólandi nægilega snemma til að hann gæti forðað árekstri. Í héraðsdómi, sem var staðfestur í Hæstarétti með vísan til forsendna, var því ekki talið nægilega sannað að ákærði Í hafi orðið valdur eða samvaldur að dauðaslysinu *þar sem hann virtist hafa sýnt þá varkárni í akstri sínum, þegar slysið varð, sem hægt væri að búast við af bifreiðastjóra.* Var Í sýknaður af broti á 215. gr. hgl.

Í þessu máli var háttsemi geranda metin og borin saman við háttsemi hins gegna og skynsama bifreiðastjóra. Talið var að gerandinn hefði sýnt varkárni og hagað sér á forsvaranlegan hátt, í samræmi við það sem almennt má búast við af bifreiðastjórum. Þannig hefði niðurstaðan líklega verið önnur ef hann hefði til dæmis ekið yfir hámarkshraða, en það samræmist ekki háttsemi hins gegna og skynsama bifreiðastjóra.

Annar möguleiki við flokkun gáleysis er stigskipting sem byggist á stigsmun. Gáleysi er samkvæmt stigskiptingu flokkað í stórfellt gáleysi og venjulegt gáleysi. Bæði þessi gáleysisstig felast í flestum gáleysisákvæðum laga.<sup>61</sup> Í 215. gr. hgl. er ekki gerður áskilnaður um stórfellt gáleysi og af því má ráða að ákvæðið sé ekki bundið við hærra gáleysisstig en venjulegt gáleysi.<sup>62</sup> Í mörgum ákvæðum hegningarlaga og sérrefsilaga er refsíabyrgðin þó takmörkuð við stórfellt gáleysi. Í þeim ákvæðum má álykta að annað gáleysi en stórfellt sé refsilaust. Að öðru leyti en þessu hefur stigskipting gáleysis eingöngu áhrif við ákvörðun refsingar<sup>63</sup> eins og nánar er skýrt frá í kafla 5.

#### 4.4. Efri mörk gáleysis og aðgreining frá ásetningi

Mörk ásetnings og gáleysis skarast með ýmsum hætti. Refsimörk skarast oft, eins og kemur fram annars vegar í 211. gr. hgl. um manndráp af ásetningi og hins vegar í 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi. Sömu skörun má finna í 218. gr. hgl. um líkamsárás og 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi. Í þessum ákvæðum er refsiramminn afar mismunandi eftir því hvort um ásetningsbrot eða gáleysisbrot er að ræða. Ætla má að brotin séu sett hvort í sitt ákvæðið þar sem um mjög alvarleg brot er að ræða og það skiptir miklu máli við mat á refsimörkum hvort brot var framið af ásetningi eða gáleysi.

<sup>61</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 127.

<sup>62</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 125.

<sup>63</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 127.

Þá getur tiltölulega lágt vitundarstig, svo sem álit, skoðun, grunur eða hugboð geranda varðandi hugsanlega refsinaema verknaðarþætti verið jafnt grundvöllur lægsta stigs ásetnings, dolus eventualis, og efsta stig gáleysis, meðvitaðs gáleysis, sem er þá oftast en ekki einnig stórfellt gáleysi. Það sem skilur á milli fræðilega séð eru hin sérstöku viðbótarskilyrði sem hengd eru aftan í vitundastig geranda svo unnt sé að fella verknaðinn undir dolus eventualis.<sup>64</sup> Hér verða því sagnæmisskilyrðin stórfellt gáleysi og dolus eventualis skoðuð.

#### 4.4.1 Efri mörk gáleysis

Refsiábyrgð og önnur réttaráhrif eru háð skiptingunni í stórfellt og venjulegt gáleysi og er því mikilvægt að átta sig á hvaða mælikvarða beri að nota til að greina þar á milli. Til þess að gera tilraun til að skilgreina stórfellt gáleysi og átta sig á hvar efri mörk gáleysis liggja verður að skoða muninn á almennu og stórfelldu gáleysi, en yfirleitt segir ekkert um þennan mun í lögum eða lögskýringargögnum. Eins og komið hefur fram áður getur meðvitað gáleysi verið vísbending í þessu tilliti en veitir ekki afgerandi niðurstöðu.<sup>65</sup> Munurinn er því einungis stigmunur. Hann lýtur fyrst og fremst að hinum hlutlæga þætti, það er stórfellt gáleysi felur í sér alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem geranda þarf að viðhafa en þarf ekki að fela í sér að hann hafi verið meðvitaðri um mögulegar afleiðingar en þegar um almennt gáleysi er að ræða, þó sú sé oft raunin. Stórfellt gáleysi er þannig aðeins hástig almenns gáleysis.<sup>66</sup>

Af íslenskri dómaframkvæmd verður ráðið að matið á því hvort háttsemi geranda fellur undir stórkostlegt gáleysi eða ekki er atviksbundið og er háð mati hverju sinni. Ekki er unnt að finna samræmda orðnotkun eða samræmdar viðmiðanir sem íslenskir dómstólar styðjast við. Í danskri lögfræði hefur á síðustu árum verið bent á að ef til vill megi sjá tilraunir Hæstaréttar Danmerkur til þess að stilla upp almennum mælikvarða sem þarf að fullnægja svo háttsemi teljist stórfellt gáleysi. Þótt slíkur mælikvarði yrði notaður í íslenskri réttarframkvæmd er ekki víst að í því fælist lausn um það hvenær eitthvað fellur undir stórfellt gáleysi. Ástæðan er sú að alltaf þarf að leggja mat á þá háttsemi sem um ræðir og aðrar aðstæður og það mat verður seint samræmt auk þess sem mælikvarðinn sjálfur er sannarlega matskenndur. Telja verður því að áfram verði að styðjast við atviksbundið mat á háttsemi geranda í ljósi allra aðstæðna og leggja heildstætt mat á alla þætti málsins, huglæga og hlutlæga, þegar ákvarðað er hvort hún teljist stórfellt gáleysi eða ekki.<sup>67</sup> Því er ekki hægt

<sup>64</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 131.

<sup>65</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 127.

<sup>66</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skadabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 161.

<sup>67</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skadabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 162-163.

að komast hjá sértæku mati í hverju einstöku máli og geta atriði eins og umfang tjóns eða eðli og nálægð aðsteðjandi hættu verið mikilvægar vísbendingar.<sup>68</sup>

Jafnvel þó að ákvæði 215. gr. hgl. sé ekki takmarkað við stórfellt gáleysi er oft tekið fram í dómum um manndráp af gáleysi ef gáleysi geranda telst stórfellt. Telja verður að ástæða þess að dómstólar taka sérstaklega fram að gáleysisbrot teljist stórfellt, þegar þess er í raun ekki þörf með tilliti til heimfærslu brotsins, sé fyrst og fremst sú að gáleysisstig hefur áhrif á ákvörðun refsingar, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. hgl. Dæmi um tilvik þar sem dómstólar taka sérstaklega fram að brot séu á 215. gr. hgl. séu framin af stórfelldu gáleysi má sjá í eftirfarandi dómum. Dómarnir eiga það allir sameiginlegt að skipstjórar sýndu af sér vítavert eða stórfellt gáleysi við stjórnun báta sinna sem leiddi til árekstra og líftjóns og brutu þeir bæði gegn gildandi siglingalögum á hverjum tíma og 215. gr. hgl.

**Hrd. 25. október 1946 í máli nr. 153/1945.** Ákærðu, stýrimanni J og háseta S, var gefið að sök brot gegn 215. gr. hgl. og ákvæðum sjómannaálag nr. 41/1930 með því að hafa siglt v.s. Hörpu út af Siglufjarðarmynni og á færeyskan trillubát með þeim afleiðingum að þrír úr fjögurra manna áhöfn hans drukknuðu. Sjó- og verslunardómur Ísafjarðar leit svo á að ákærðu hefðu gerst sekir um hirðuleysi um skyldur sínar og sýnt *vítavert gáleysi* við atvikið og að ákærða J, sem gegndi starfi skipstjóra þegar slysið átti sér stað, hefði borið að gæta fyllstu varúðar og hafa eða láta hafa nána gát á skipaferðum á siglingaleið skipsins, en það gerði hann ekki. J stýrði skipinu einungis eftir áttavita án þess að hafa séð út um glugga skipsins. Þá taldi dómurinn að hásetanum S hefði átt að vera ljóst að stýrimaðurinn J sýndi ekki nægilega varúð í starfi sínu og hefði borið af sjálfsdáðum að gæta nauðsynlegra varúðarreglna. Hæstiréttur staðfesti dóm undirréttar að þessu leyti og var J dæmdur til fimm mánaða fangelsisvistar en S til að greiða 500 krónur í sekt.

**Hrd. 28. apríl 1994 í máli nr. 312/1993.** N var ákærður fyrir brot gegn 215. gr. hgl. og ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985 með því að hafa, sem skipstjóri mb. Eleseusar, með yfirumsjón og vanrækslu orðið valdur að árekstri mb. Eleseusar og mb. Sæfugls með því að halda ekki vörð í stjórnþalli er hann sigldi Eleseusi á mb. Sæfugl, þrátt fyrir að hafa skömmu áður séð Sæfugl framan við Eleseus með skipverja að handfæraveiðum, með þeim afleiðingum að Sæfugl sökk nær samstundis og H, sem var einn á bátnum, lenti í sjónum og lést af kulda og vosbúð. Í dómi Siglingadóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, var N talinn hafa sýnt af sér *vítavert gáleysi* við stjórnun skipsins Eleseusar með því að hafa siglt á kyrrstæða bátinn Sæfugl sem leiddi til dauða H og var hann meðal annars sakfelldur fyrir 215. gr. hgl. og dæmdur til að sæta varðhaldi í tvo mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skyldi frestað og hún látin falla niður að liðnum tveimur árum, héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl.

<sup>68</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 127.

**Hrd. 10. maí 2007 í máli nr. 429/2006.** J var sakfelldur fyrir að hafa, sem skipstjóri skemmtibátsins Hörpu, á siglingu með fjóra farþega, verið undir áhrifum áfengis við stjórn bátsins og ekki haft gát á siglingaleiðinni er siglt var í næturmyrkri og slæmu skyggni og hafa þannig með *stórfelldri vanrækslu* í skipstjórastarfi orðið valdur að því að báturinn steytti á Skarfaskeri með þeim afleiðingum að farþeginn X lést og farþeginn Y hlaut verulega áverka. Þá var J sakfelldur fyrir að hafa ekki gert ráðstafanir til að bjarga farþegum eftir að stórlega laskaður báturinn losnaði af skerinu um 20 mínútum eftir ásiglinguna, hvorki var leitað aðstoðar björgunarliða né siglt skemmstu leið til lands, heldur tekið stefnu austur Viðeyjarsund þar sem bátum hvolfdi skömmu síðar með þeim afleiðingum að farþeginn Z drukknaði en Y hlaut ofkælingu. Var J dæmdur í þriggja ára fangelsi.

Í framangreindum þremur dómum eru ákærðu sakfelldir fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi. Mismunandi orðalag er þó notað yfir hið stórfellda gáleysi, sbr. vítavert gáleysi eða stórfelld vanræksla, en augljóst er að dómstólar eru í þessum tilvikum að vísa til stórfellds gáleysis. Allir sakfelldu voru taldir hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi við stjórn skipanna. Í fyrstnefnda dóminum fellst hið stórfellda gáleysi í því að hafa siglt blint án þess að hafa óskað eftir aðstoð skipverja til að fylgjast með skipaferðum. Í öðrum dóminum er það metið sakfellda til stórfellds gáleysis að hafa ekki fylgst nægilega með umhverfinu og siglt á kyrrstæðan bát sem hann vissi að væri nálægt. Í síðastnefnda dóminum fellst hið stórfellda gáleysi meðal annars í því að hafa ekki stuðst við föst leiðarmerki við siglinguna, að hafa verið undir áhrifum áfengis og hafa ekki gætt almennra viðurkenndra varúðarreglna og alþjóðasiglingareglna við siglingu bátsins. Hinir sakfelldu í framangreindum þremur dómum fá þó misþungar refsingar, allt frá tveimur mánuðum í varðhaldi til þriggja ára í fangelsi. Við ákvörðun um þyngd refsinganna er meðal annars tekið mið af fjölda látinna og slasaðra og aðstæðum að öðru leyti sem og alvarleika brota þeirra á siglingarlögum, en nánar verður fjallað um áhrifaþætti við ákvörðun refsingar í kafla 5.

Einnig hafa fallið nokkrir dómur þar sem ökumenn bifreiða eru dæmdir fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi þegar um börn er að ræða, eins og eftirfarandi dómur sýna.

**Hrd. 27. október 1947 í máli nr. 18/1947.** A ók keðjulausri vörubifreið niður töluverðan halla um flughálan veg og ætlaði fram úr tveimur drengjum, 7 og 8 ára gömlum, sem voru á sleða á veginum. A hafði séð til þeirra þegar þeir voru um 100 metra fyrir framan bifreiðina en ók þrátt fyrir það með 30-40 km hraða og dró ekki úr hraðanum þegar hann ætlaði að aka fram úr drengjunum með þeim afleiðingum að sleðinn varð fyrir bifreiðinni og beið annar drengjanna bana. A sagðist hafa gefið hljóðmerki þegar hann nálgadist sleðann en annar drengjanna hefði jafnframt gefið merki. Þetta merki hafði A skilið þannig að óhætt væri að aka áfram. Hæstiréttur leit svo á að A hefði mátt, með tilliti til aldurs drengjanna, gera ráð fyrir barnalegum viðbrögðum þeirra. A þótti með *stórkostlegu gáleysi* í akstri hafa orðið mannsbani og var



hann sakfelldur meðal annars fyrir brot á 215. gr. hgl. og dæmdur í sex mánaða varðhald.

**Hrd. 8. mars 1948 í máli nr. 115/1947.** A ók bifreið sinni austur Skúlagötu í Reykjavík. Við gatnamót Vatnsstígs og Skúlagötu varð þriggja ára gamall drengur fyrir bifreiðinni og beið bana. A var vel fyrir kallaður, ók hægt og bifreið hans var í góðu lagi. Þrátt fyrir það varð hann ekki drengsins var fyrr en á síðasta augnabliki áður en áreksturinn varð. Héraðsdómur taldi að A hefði með aðgæsluskorti verið samvaldur að dauðaslysi barnsins þar sem hann hefði ekki sýnt þá athygli og varkárni sem krefjast yrði af bifreiðastjórum sem ækju um bæinn, þar sem alltaf mætti búast við börnum á ferli. Hæstiréttur mat þetta aðgæsluleysi A sem *stórkostlegt gáleysi* og var hann meðal annars sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl. og dæmdur í fimm mánaða varðhald.

Þessir dómar sýna að gerðar eru auknar kröfur til ökumanna þegar um börn er að ræða og að ökumenn megi búast við því að börn sýni óútreiknanlega hegðun og að viðbrögð þeirra séu ekki þau sömu og fullorðinna. Þannig má sjá af framangreindum dómum að dómstólar telji að gáleysi ökumanna sé meðvitað þannig að ökumenn viti að búast megi við óvarkárlegri hegðun hjá börnum, sem kunni að leiða til þess að þau verði fyrir bifreið, en ökumenn halda áfram akstri með óbreyttum hætti í trausti þess að hugboð þeirra reynist ekki rétt og að börnin muni ekki gera neitt sem veldur því að þau lendi fyrir bifreiðinni. Þetta á þó eingöngu við þegar ökumenn ættu að hafa tekið eftir börnum eða eru á svæði þar sem gera má ráð fyrir að börn séu á ferli og þeir hafi haft raunhæfan möguleika á að afstýra slysinu. Ef svo er ekki kemur til skoðunar hvort um refsilaust óhapp eða lægra stig gáleysis sé að ræða, sbr. kafli 4.5. hér á eftir þar sem meðal annars er fjallað um dóma þar sem ökumenn aka hjá barnaskólum og dóma þar sem ökumenn hefðu ekki getað mátt búast við því að börn væru á ferli og þeir hefðu ekki getað afstýrt slysi.

Þá spila brot á öðrum lögum inn á mat á því hvort um stórfelld gáleysi sé að ræða. Algengt er að ef ökumenn hafa brotið umferðarlög með alvarlegum hætti, til dæmis með ofsaakstri, sé það metið þeim til stórfellds gáleysis þegar þeir eru dæmdir fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl., eins og eftirfarandi dómar sýna.

**Hrd. 6. febrúar 1948 í máli nr. 56/1947.** A, bifreiðarstjóri, tók að sér að aka fólki seinni hluta nætur á vörubifreið sinni frá Hofsósi til Haganesvíkur. Flest fólkið var í timburskýli á palli bifreiðarinnar, en skýlið var ekki útbúið eða fest lögum samkvæmt. Farþegar voru flestir ölvaðir. Skammt frá Hofsósi ók A út af veginum og yfir skurð eða ræsi í því skyni að komast fram úr bifreið sem ók á undan honum á veginum. Þegar bifreiðin fór yfir ræsið kastaðist hún til og féll þá einn farþeganna úr skýlinu til jarðar. Hlaut hann meiðsl sem leiddu til dauða hans skömmu síðar. Ekki þótti sannað að A hefði verið undir áhrifum áfengis. Hins vegar var talið að hann hefði með *stórkostlega*

*gálausum* akstri sýnt fullkomið ábyrgðarleysi sem bifreiðarstjóri. Var hann því sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. hgl. og ákvæðum bifreiðarlaga nr. 23/1941, umferðarlaga nr. 24/1941 og reglugerðar nr. 2/1937 og dæmdur í fimm mánaða varðhald.

**Hrd. 12. apríl 1967 í máli nr. 254/1966.** K var ákærður fyrir brot á 215. gr. og 219. gr. hgl. auk ákvæða umferðarlaga nr. 36/1958 fyrir að hafa ekið slökkviliðsbifreiðinni SR 5 til austurs gegnt rauðu umferðarljósi á mótum Hverfisgötu og Snorrabrautar, of hratt miðað við aðstæður og án þess að gæta sérstakrar varúðar, með þeim afleiðingum að fyrir slökkviliðsbifreiðinni varð bifreið sem ekið var yfir gatnamótin til norðurs á móti grænu ljósi. Við áreksturinn slasaðist ökumaður síðarnefndu bifreiðarinnar til ólífis og farþegi hennar hlaut líkamlega áverka. Dómstólar töldu að ákærði K hefði ekið slökkviliðsbifreiðinni óhæfilega hratt þegar hann ók inn á gatnamótin, ekki dregið úr hraða bifreiðarinnar eins og honum hafi borið að gera samkvæmt akstursreglum fyrir slökkvi- og sjúkubifreiðar nr. 1/1965 og hafi með þessu sýnt af sér *stórfellt gáleysi* við aksturinn umrætt sinn. Var K sakfelldur fyrir brot samkvæmt ákæru og var dæmdur í fjögurra mánaða varðhald en fullnustu refsingarinnar skyldi frestað og hún látin falla niður að þremur árum liðnum héldi K almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl.

**Hrd. 21. september 2000 í máli nr. 176/2000.** B var ákærður fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa ekið of hratt og án nægilegrar aðgæslu í mikilli hálfu á vegarkafli vestur Ólafsvíkurveg með sex farþega í bifreið, sem gerð var fyrir fjóra farþega, og voru tveir ungir drengir í pallhýsi bifreiðarinnar. B missti vald á bifreiðinni sem fór út af veginum og valt með þeim afleiðingum að pallhýsið losnaði og drengirnir köstuðust af bifreiðinni og lést annar þeirra. Hæstiréttur féllst á það með héraðsdómi að B hefði sýnt af sér *vítavert gáleysi* með því að flytja drengina á palli bifreiðarinnar án nokkurs öryggisbúnaðar. Athæfið gerði auknar kröfur til B um ýrustu varkárni í akstri og taldi Hæstiréttur að meta yrði atvik og afleiðingar með sérstöku tilliti til þess. Talið var sannað að B hefði ekið of hratt og ekki sýnt næga aðgæslu, sérstaklega með hliðsjón af ástandi vegarins og farþegunum á palli bifreiðarinnar. Var B sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. hgl. og ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 og var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi.

**Hrd. 3. nóvember 2005 í máli nr. 398/2005.** S var sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreið langt umfram leyfilegan ökuhraða, á allt að 150 km/klst, þegar 14 ára gömul stúlka hljóp inn á veginn á eftir hundi sínum, varð fyrir bifreiðinni og lést samstundis. S hafði séð stúlkuna nokkru áður og var talinn hafa sýnt af sér *vítavert gáleysi*. S var sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl. og ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 og var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar var frestað og hún látin niður falla að liðnum tveimur árum, héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl.

**Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008.** Þ var ákærður fyrir að hafa ekið bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður á röngum vegarhelmingi með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri við bifreið sem kom úr gagnstæðri átt og farþegi í þeirri bifreið lést, annar farþegi lamaðist á fótum, ökumaður

þeirrar bifreiðar rifbrotnaði og marðist á brjóstkassa, kviðvegg og hné, auk þess sem farþegi í bifreið Þ lét lífið. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, var talið sannað með vitnisburði tveggja vitna að Þ hefði í umrætt sinn ætlað sér að aka fram úr vörubifreið og í því skyni ekið yfir á rangan vegarhelming án þess að hafa næga yfirsýn yfir veginn framundan, á þjóðvegi sem að staðaldri er mikil umferð um. Var akstur Þ talinn *gáleysislegur og vítaverður* miðað við þær aðstæður sem á vettvangi voru og var hann sakfelldur fyrir brot á 215. og 219. gr. hgl. og ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 og var dæmdur í 12 mánaða fangelsi.

**Hrd. 12. febrúar 2009 í máli nr. 430/2008.** H var sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl. og ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 fyrir að hafa ekið bifreið langt yfir leyfðum hámarkshraða og án aðgæslu yfir á rangan vegarhelming miðað við akstursstefnu með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti í árekstri við bifreið, sem kom úr gagnstæðri átt, og ökumaður og farþegi þeirrar bifreiðar létust. Við mat á refsingu H var meðal annars tekið mið af því að háttsemi hans var *stórkostlega háskaleg* og var hann dæmdur í níu mánaða fangelsi en sex mánuðir þar af voru bundnir skilorði.

Framangreindir dómar sýna að miklar kröfur eru gerðar um grófleika verknaðar í umferðarslysamálum. Í **Hrd. 6. febrúar 1948 í máli nr. 56/1947** og **Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008** ætluðu ökumenn að taka framúr bifreiðum við afar hættulegar aðstæður, það er annars vegar með akstri utan vegar yfir skurð með bifreið fulla af ölvuðum og varnarlausum farþegum og hins vegar án þess að hafa nokkra yfirsýn yfir veginn framundan. Í **Hrd. 12. apríl 1967 í máli nr. 254/1966**, **Hrd. 21. september 2000 í máli nr. 176/2000**, **Hrd. 3. nóvember 2005 í máli nr. 398/2005** og **Hrd. 12. febrúar 2009 í máli nr. 430/2008** höfðu allir ökumennirnir gerst sekir um of hraðan akstur, sem leiddi til dauða annarra einstaklinga, eða að minnsta kosti til alvarleika áverka þeirra. Allir framangreindir dómar staðfesta einnig að sakfelld er fyrir stórfelld gáleysi vegna brota á ákvæðum sem áskilja ekki svo hátt stig gáleysis og getur huglæg afstaða geranda í sumum þeirra legið á mörkum lægsta stigs ásetnings og hæsta stig gáleysis.<sup>69</sup> Dæmi um þetta má ef til vill sjá í framangreindum **Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008** þar sem ákærði virðist hafa tekið svo mikla áhættu við að reyna framúrakstur í blindni, meðvitaður um áhættuna sem slíku fylgir, en hann hafi látið sér í léttu rúmi liggja hverjar afleiðingar þess yrðu. Slíkt hugarástand er þó erfitt að sanna en nánar verður fjallað um lægsta stig ásetnings – dolus eventualis – hér í næsta kafla.

Áður en umfjöllun um lægsta stig ásetnings hefst skal þó bent á að dómaframkvæmd sýnir að það eru einungis alvarlegustu brotin gegn umferðarlögum sem hafa áhrif á gáleysismat 215. gr. hgl. Ef brot gegn umferðarlögum eru ekki alvarleg eða eru ekki verkandi þáttur í orsök og afleiðingum slysa þá hafa þau brot ekki áhrif á gáleysismatið heldur standa

<sup>69</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 128.

sem aðskilin lítilsháttar brot á umferðarlögum. Dæmi um þetta getur verið bilaður hraðamælir, sbr. **Hrd. 13. mars 1942 í máli nr. 9/1942**, þar sem ákærði var sýknaður af broti gegn 215. gr. hgl. en sakfelldur fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23/1941 þar sem hraðamælir og horn bifreiðarinnar voru óvirk og hemlar lélegir.<sup>70</sup> Í því máli höfðu vankantar á bifreiðinni ekki áhrif á afleiðingar slyssins og voru því ekki þáttur í gáleysismatinu.

#### 4.4.2 Dolus eventualis – lægsta stig ásetnings

Eins og áður segir geta mörkin milli manndráps af ásetningi samkvæmt 211. gr. hgl. og manndráps af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. verið óljós. Þegar fjallað er um manndráp af gáleysi er því óhjákvæmilegt að skoða einnig lægsta stig ásetnings til þess að finna hvar hin óskýra lína milli saknæmisskilyrðanna liggur þegar meta á hvenær háttsemi telst vera manndráp af ásetningi og hvenær manndráp af gáleysi. Í þessu samhengi skal nefnt að samkvæmt 2. mgr. 218. gr. hgl. varðar það geranda líkamsárásar fangelsi allt að 16 árum ef sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af þeirri atlögu. Í 2. mgr. 218. gr. hgl. er að finna blandaðar saknæmiskröfur þar sem ásetningur geranda þarf að standa til frumverknaðar en nægilegt er að gáleysi standi til afleiðinga, það er til líftjónsins.<sup>71</sup> Ákvæðið stendur því, hvað varðar saknæmisstig verknaðar, á milli ákvæðis 211. gr. hgl. um manndráp af ásetningi, þar sem ásetningur þarf að ná bæði til frumverknaðar og afleiðinga háttsemi, og ákvæðis 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi, þar sem gáleysi nær bæði til frumverknaðar og afleiðinga háttsemi. Í þessum kafla verður ítarlega fjallað um lægsta stig ásetnings, dolus eventualis, með hliðsjón af framangreindum ákvæðum og dómaframkvæmd.

Ekki er að finna í lögum skilgreiningu á hugtakinu ásetningur, frekar en gáleysi.<sup>72</sup> Slíka skilgreiningu er heldur ekki að finna í dönsku hegningarlögunum.<sup>73</sup> Það hefur því komið í hlut fræðimanna og dómstóla að skilgreina og móta hugtakið. Fræðileg skilgreining, sem tekur til tjónsbrotá, hljóðar svo:

Það er ásetningur, ef hinn brotlegi *vill koma því til vegar*, sem refsíákvæði lýsir afbrot (tilgangur), ef hann *álítur það óhjákvæmilega afleiðingu* verknaðar síns (óhjákvæmileg afleiðing), eða hann *álítur yfirgnæfandi líkur* á því, að afleiðingin komi fram (líkindaásetningur), og loks ef hann *álítur*, að afleiðing *kunni að koma fram*, en hann hefði engu að síður framið verknaðinn, þótt hann hefði talið víst, að afleiðingin kæmi fram (dolus

<sup>70</sup> Þessi dómur er reifaður ítarlega í kafla 4.5.2.

<sup>71</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 94-95.

<sup>72</sup> Alþt. 1939, A-deild, 357.

<sup>73</sup> Lars BO Langsted, „Dolus Eventualis – en del af gældende dansk ret“ [1988] UfRB 131, 131.

eventualis: skilyrt afbrigði), eða þá hinn brotlegi lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort afleiðingin kemur fram (dolus eventualis: jákvæð afstaða til afbrots).<sup>74</sup>

Skilgreiningin sýnir hin fjögur hefðbundnu ásetningsstig: tilgangur, óhjákvæmileg afleiðing, líkindaásetningur og dolus eventualis.<sup>75</sup> Tilgangur og óhjákvæmileg afleiðing eru oft nefnd einu nafni beinn ásetningur og byggja annars vegar á þeim vilja geranda að koma til leiðar tiltekinni afleiðingu en hins vegar á þeirri trú eða álitni að tiltekin afleiðing verknaðar sé óhjákvæmileg.<sup>76</sup> Á eftir beinum ásetningi tekur líkindaásetningur við þar sem geranda getur ekki dulist eða honum hlýtur að vera ljóst að langlíklegast sé að afleiðing komi fram og er mælikvarðinn þá miðaður við tiltölulega hátt líkindastig eins og atvik horfa við geranda á verknaðarstund.<sup>77</sup> Þetta líkindastig hefur verið talið í kringum 65-70%.<sup>78</sup> Lægsta stig ásetnings er svo dolus eventualis.<sup>79</sup>

Dolus eventualis er latneskt heiti yfir lægsta stig ásetnings. Ekkert orð er til á íslensku sem svarar til hugtaksins. Orðið *eventualis* felur í sér hugsanlegan möguleika sem er yfirleitt háður eða tengdur ákveðnum aðstæðum eða atvikum. Sú merking endurspeglar inntak þessa ásetningsstigs og þær lágmarkskröfur sem gerðar eru. Þessar lágmarkskröfur lúta annars vegar að almennri kröfu um ákveðið vitundarstig geranda og hins vegar að sérstökum viðbótarskilyrðum sem liggja til grundvallar flokkunar þessa ásetningsstigs í mismunandi afbrigði; skilyrta afbrigðið og jákvæða afstöðu.<sup>80</sup>

Almennt einkenni á ásetningsstiginu dolus eventualis, þegar um tjónsbrot er að ræða, óháð einstökum afbrigðum þess, felst í raunverulegri vitund geranda um að refsínæm afleiðing kunni að koma fram. Þannig þarf gerandi að telja að refsínæm afleiðing sé möguleiki eða einhverjar líkur séu á því. Þessi huglæga afstaða er þó sú sama og þegar um meðvitað gáleysi er að ræða og þess vegna þarf meira en almenna einkennið til þess að um ásetning sé að ræða.<sup>81</sup> Erfitt getur þó reynst að segja nákvæmlega til um lágmark eða lægsta stig þessa ásetningsstigs. Hugboð eða grunur geranda nægir væntanlega og líkindastig afleiðingar getur orðið fremur lágt, en þá reynir þeim mun meira á viðbótarskilyrðin sem skipta dolus eventualis annars vegar í skilyrta afbrigðið og hins vegar í afbrigði sem byggir á jákvæðri afstöðu til brots. Aðalatriðið er þó að hin huglæga afstaða geranda um hugboð eða

<sup>74</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 60.

<sup>75</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 60.

<sup>76</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 65.

<sup>77</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 60.

<sup>78</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 76.

<sup>79</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 61.

<sup>80</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 78.

<sup>81</sup> Knud Waaben, *Stafferettens almindelige del, I. Ansvarlæren*, (4. útg., Gadjura 1997) 147; Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 79.

grun og ákveðið líkindastig hafi á sér raunveruleikamynd og að hægt sé að sanna það. Mat dómstóla á því hvað gerandi hefði átt að gera, eða ekki gera, getur ekki orðið grundvöllur ásetningsábyrgðar.<sup>82</sup> Næst verður fjallað um viðbótarskilyrðin tvö; skilyrtan ásetning og jákvæða afstöðu.

### *Skilyrtur ásetningur*

Skilyrtur ásetningur er afbrigði af *dolus eventualis* sem byggt er á því viðbótarskilyrði að gerandi hefði engu að síður framið tiltekinn verknað þótt hann hefði talið víst að afleiðing hans kæmi fram. Með þessu viðbótarskilyrði er horfið frá eiginlegri raunveruleikacröfu og er í raun ógerningur að sanna þannig að sakfelling hlýtur að byggjast á hreinu mati dómstóla á öllum aðstæðum. Því reynir afar sjaldan á þetta saknæmisskilyrði fyrir dómstólum en er engu að síður mikilvægt til að feta vandrataða leið milli ásetnings og gáleysis.<sup>83</sup> Til þess að hægt sé að fella háttsemi undir 211. gr. hgl. um manndráp af ásetningi á grundvelli skilyrta afbrigðis *dolus eventualis* þarf því bæði að sanna að gerandi telji líftjón vera mögulega afleiðingu af háttsemi sinni og að hann hefði engu að síður framið þann verknað þótt hann hefði talið víst að afleiðingin yrði líftjón.

Örfáir dómur hafa gengið á Íslandi þar sem reynir með skýrum hætti á þetta ásetningsafbrigði. Skýrasta dæmið er þó **Hrd. 4. desember 1973 í máli nr. 114/1973**, en í því máli hafði ákærði skotið úr haglabyssu í gegnum íbúðarhurð fyrrverandi tengdamóður sinnar, því næst ráðist inn í íbúðina og skotið að henni, bæði inni í íbúðinni og á eftir henni þegar hún flúði niður stiga í byggingunni. Ákærði var fyrir þennan ákærulið ákærður aðallega fyrir tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr. hgl., sbr. 20. gr. hgl. en til vara fyrir brot á 218. gr. hgl. og sagði Hæstiréttur um ásetning til þessa brots: „Þegar virt er allt atferli ákærða, áður en hann hóf skothríðina, svo og háttsemi hans þar næst á eftir, verður að telja, að það hefði eigi aftrað honum í að skjóta, þótt honum hefði verið ljóst, að skothríðin drægi til líftjóns.“ Var ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Dómurinn dró þannig ályktun af háttsemi ákærða á undan og eftir og lagði mat sitt á huglægu afstöðu gerandans til verksins.<sup>84</sup> Þessi dómur sýnir, jafnvel þó að í honum sé ekki sé fjallað um manndráp af gáleysi þar sem brotþoli lét ekki lífið, hvernig mati dómstóla er háttað þegar meta þarf saknæmisstig og hversu mjótt getur verið á mununum milli ásetningsábyrgðar og gáleysisábyrgðar. Ef ekki hefði tekist að sanna ásetning gerandans til afleiðinga háttsemi sinnar í þessu máli, þá hefði

<sup>82</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 79-80.

<sup>83</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 80.

<sup>84</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 81.

komið til skoðunar hvort gáleysi hans væri afleiðingunni um að kenna og hvort mætti þá fella brotið undir 218. gr. hgl., sem ber blandaða saknæmiskröfur eins og áður hefur komið fram.

Líkt og á Íslandi hafa einungis örfáir dómur fallið í Danmörku þar sem byggt er á skilyrtu afbrigði dolus eventualis í forsendum.<sup>85</sup> Sem dæmi má þó nefna eftirfarandi dóm þar sem ákærði var sakfelldur fyrir tilraun til manndraps af ásetningi á grundvelli skilyrta afbrigðis ásetningsskilyrðisins dolus eventualis og sýnir hvernig saknæmismati dómstóla er háttað.

**UFR 1947.705Ø.** Ákærði hafði í nokkra daga fylgst með brotþola fyrir hóp þýskra hryðjuverkamanna. Ákærði slóst svo í hóp með hryðjuverkahópnum er þeir eltu brotþola uppi og einn af meðlimum hryðjuverkahópsins kastaði handsprengju að brotþolanum og særðist hann alvarlega við það. Næsta dag hjálpaði hinn ákærði hluta hóps hryðjuverkmannanna við atlögu að öðrum manni - en hinn ákærði stóð vörð á meðan hópurinn reyndi að ráðast inn á sjúkrahús þar sem fórnarlambið lá eftir fyrri tilraun til þess að drepa hann. Dómurinn sakfelldi hinn ákærða fyrir tilraun til manndraps vegna handsprengjuárásarinnar á grundvelli þess að hinn ákærði hefði reiknað með þeim möguleika að aðstæðurnar í tengslum við brotþola snerust um að drepa hann og að teknu tilliti til athæfis hins ákærða daginn eftir, þar sem hann hjálpaði til við manndrápstilraun með sama hópi hryðjuverkamanna, mætti telja víst að það hefði ekki aftrað honum í taka þátt í athæfinu jafnvel þó hann vissi fyrir víst hver tilgangurinn væri.

Jafnvel þó dómaframkvæmd sýni að reglan um skilyrtan ásetning hafi gildi í íslenskum og dönskum rétti þá hefur það ekki verið óumdeilt. Danskí fræðimaðurinn Alf Ross hefur gagnrýnt þetta ásetningsafbrigði fyrir að ganga gegn meginreglum refsiréttarins<sup>86</sup> og hefur Stephan Hurwitz sömuleiðis gagnrýnt það fyrir að vera óaðgengilegt.<sup>87</sup> Dómur undanfarinna ára í Danmörku hafa þó staðfest að reglan um dolus eventualis og skilyrta afbrigði þess sé gildandi réttur<sup>88</sup> og eiga íslenskur og danskur réttur það sameiginlegt að reglan er talin hafa fullt gildi að lögum þótt sjaldan reyni á hana í réttarframkvæmd. Reglan um skilyrtan ásetning hefur einnig verið talin gilda í Svíþjóð en hefur átt erfitt uppdráttar í Noregi. Utan Norðurlandanna er reglunni lítið beitt.<sup>89</sup>

### *Jákvæð afstaða til afbrots*

Annað meginafbrigðið af dolus eventualis felst í því viðbótarskilyrði að gerandi, sem uppfyllir meginskilyrði ásetningsstigsins um að hafa að minnsta kosti grun eða hugboð um

<sup>85</sup> Lars BO Langsted, „Dolus Eventualis – en del af gældende dansk ret“ [1988] UfRB 131, 133.

<sup>86</sup> Lars BO Langsted, „Dolus Eventualis – en del af gældende dansk ret“ [1988] UfRB 131, 132.

<sup>87</sup> Stephan Hurwitz, *Den danske kriminalret: almindelig del* (4. útg., Gad 1971) 230-231.

<sup>88</sup> Michael Bjørn Hansen, „Om Forsætsbegrebets nedre område“ [2002] UfRB 391, 396.

<sup>89</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 81-82.

refsinæma afleiðingu verknaðar síns eða tilvist ákveðinnar aðstæðna, lætur sér í léttu rúmi liggja hvort afleiðingin kemur fram eða aðstæðurnar séu fyrir hendi. Ólíkt skilyrtum ásetningi, þar sem viðbótarskilyrðið gerir ráð fyrir að gerandi fremji verknað þótt hann hefði talið að tiltekin afleiðing kæmi fram, er hér um eins konar viljaafstöðu geranda að ræða gagnvart mögulegum valkostum.<sup>90</sup> Þessu vali geranda hefur verið lýst svo: „Ef gerandi stendur frammi fyrir hættu á hugsanlegri refsínæmri afleiðingu verks kann huglæg afstaða hans að birtast með þeim hætti að hann vinni verkið *í trausti þess* að það heppnist án þess að afleiðingin komi fram.“<sup>91</sup> Dæmi um þetta getur verið glannalegur akstur, íkveikja inni í húsi eða notkun skotvopns á þéttbýlu svæði. Huglæg afstaða geranda í þessum dæmum bendir ef til vill til meðvitaðs gáleysis fremur en ásetnings. Ef gerandi er aftur á móti svo ákveðinn í að ljúka verki sínu að hann kjósi frekar að láta verða af því en ekki, þótt afleiðingin kunni að koma fram, þá er um ásetning að ræða (dolus eventualis), að því skilyrði uppfylltu að það takist að sanna þá viljaafstöðu. Það má því segja að gerandi hafi tekið áhættuna með í reikninginn og látið sér í léttu rúmi liggja hver afleiðing verknaðarins verður.<sup>92</sup> Norski fræðimaðurinn Johs. Andenæs hefur lýst þessum mun á dolus eventualis og meðvituðu gáleysi þannig að munurinn liggja í því að viðurkenna áhættu (meðvitað gáleysi) og á að viðurkenna afleiðingar (dolus eventualis).<sup>93</sup> Sem dæmi má nefna að ef ökumaður bifreiðar ekur á ofsahraða þá veit hann að hann hættan er sú að hann verði einhverjum að bana í umferðinni. Ef ökumaðurinn ýtir þeirri staðreynd frá sér og hugsar með sér að það muni ekki gerast en hann verður svo einhverjum að bana með því að aka á hann hefur hann framið manndráp af meðvituðu gáleysi. Hafi ökumaðurinn aftur í móti viðurkennt að áhættan sé sú að hann verði einhverjum að bana og hugsað með sjálfum sér að það sé ekkert sem hann geti gert við því, þá hefur hann framið manndráp af ásetningsstiginu dolus eventualis.<sup>94</sup>

Sönnunarbyrði ákærvaldsins er vissulega mjög erfið í málum af þessu tagi, en þó ekki óyfírstíganleg eins og raunin kann að vera í skilyrta afbrigðinu. Sönnun er sérstaklega erfið ef ekki liggja fyrir einhverjar viljayfirlýsingar geranda eða athafnir sem gefa til kynna þá viljaafstöðu hans sem fellur undir það að vera jákvæð afstaða til afbrots. Þekktasta dæmið um slíka viljaafstöðu er ef til vill gamall danskur dómur, sem oft er vitnað til við skýringu á jákvæðri afstöðu til afbrots, en ákærði skýrði frá viljaafstöðu sinni við skýrslutökur.<sup>95</sup>

<sup>90</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 82.

<sup>91</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 82.

<sup>92</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 82.

<sup>93</sup> Johs. Andenæs, *Alminnelig strafferett* (2. útg. Universitetsforlaget 1974) 230.

<sup>94</sup> Vagn Greve, Adbjørn Jensen og Gorm Toftegaard Nielsen, *Kommenteret straffelov: Almindelig del* (8. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag, 2005) 184.

<sup>95</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 82.



**UFR 1918.946H.** Ákærði, sem var trésmiður, var í miklu uppnámi vegna hjúskaparbrotu konu sinnar. Honum var gefið að sök að hafa af ásetningi valdið eldsvoða, er hann henti frá sér logandi eldspýtu í spænina á verkstæði sínu, um leið og hann heyrðist segja: „Ske hvað der vil!“ Í skýrslugjöf hans síðar kom fram að honum hefði verið það ljóst að brugðið gat til beggja vona um afleiðingar þessa verknaðar. Svo fór að húsið brann til kaldra kola.

Þetta afbrigði dolus eventualis hefur notið meiri viðurkenningar í norrænum rétti en skilyrta afbrigðið. Í íslenskum refsirétti hafa þau atvik verið flokkuð undir jákvæða afstöðu til afbrots þegar gerandi vitandi vits lætur undir höfuð leggjast að kynna sér staðreyndir sem hann óttast að séu sér óþægilegar.<sup>96</sup> Sömu sögu má segja í dönskum rétti eins og eftirfarandi dómur sýnir, en þar var maður sakfelldur fyrir almannahættubrot á grundvelli jákvæðrar afstöðu dolus eventualis.

**UFR 1987.564V.** Maður var ákærður fyrir að hafa sprengt reyksprengju í stóru veislutjaldi með þeim afleiðingum að 105 gestir þurftu að leita til neyðarmóttöku og þar af voru fimm gestir lagðir inn á gjörgæslu. Enginn þeirra hlaut þó varanlega skaða. Maðurinn var meðal annars ákærður fyrir brot á 183. gr. dönsku hegningarlöggáttanna frá 1930 sem leggur meðal annars refsingu við því að baka öðrum líkamstjóni með útbreiðslu skaðlegra lofttegunda.<sup>97</sup> Ákærði hafði talið að reyksprengjan væri ekki hættuleg en hann hafði ekki rætt hættueiginleika hennar við þann sem fékk honum sprengjuna. Ákærði þekkti þó til reyksprengna, hafði áður notað slíka með þeim afleiðingum að sá brotapolí slasaðist og hann hafði heyrt um banaslys vegna reyksprengna. Hæstiréttur Danmerkur sakfelldi ákærða fyrir brot gegn 183. gr. af ásetningi á grundvelli þess að hann hafði ekki aflað sér nákvæmra upplýsinga um eðli sprengjunnar þrátt fyrir að hafa vitað að um hernaðarreyksprengju hafi verið að ræða og að hann þekkti til atvika þar sem slíkar sprengjur hefðu valdið líkamstjóni.

Niðurstaða þessa dóms hefur verið talin sýna að atvik verði flokkuð undir jákvæða afstöðu til afbrots þegar gerandi lætur undir höfuð leggjast að kynna sér staðreyndir sem hann óttast að séu sér óþægilegar, þó það sé ekki orðað með skýrum hætti í dóminum sjálfum<sup>98</sup> og á það einnig við í manndrápsmálum þó ekkert líftjón hafi orðið í þessu máli. Það er sjaldgæft að það komi skýrt fram í forsendum íslenskra og danskra dómsúrlausna að niðurstaða um saknæmi sé byggð á jákvæðri afstöðu til afbrots en eins og síðastnefndi dómurinn sýnir er hugsanlegt að í einhverjum tilvikum sé á henni byggt þótt það komi ekki skýrlega fram í forsendum.<sup>99</sup>

<sup>96</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 83.

<sup>97</sup> Ákvæðið er sambærilegt 165. gr. hgl.

<sup>98</sup> Lars BO Langsted, „Dolus Eventualis – en del af gældende dansk ret“ [1988] UfRB 131, 136.

<sup>99</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 83.

### *Réttarframkvæmd*

Um fjöllumunin um ásetningaafbrigðið *dolus eventualis* sýnir vandann sem staðið er frammi fyrir þegar greina þarf milli þess og efstu stiga gáleysis við mat á því hvort heimfæra megi manndráp undir 215. gr. hgl. Hin erfða sönnunarstaða ákærvaldsins getur leitt til þess að dæmt sé fyrir gáleysisbrot þar sem í raun er fyrir hendi slík viljaafstaða geranda að hún teljist til ásetnings. Af sömu ástæðu kann ákærvaldið að höfða mál fyrir vægara afbrot en annars væri unnt, til dæmis manndráp af gáleysi (215. gr. hgl.) í stað manndráps af ásetningi (211. gr. hgl.).<sup>100</sup> Til þess að átta sig á vandanum og draga fram þá línu sem dómstólar hafa lagt í þessum efnum verða nú raktir Hæstaréttardómar sem varða manndráp sem liggja á mörkum ásetnings og gáleysis.

**Hrd. 9. febrúar 1945 í máli nr. 73/1944.** Skipverjar á báti nokkrum fundu tunnu fulla af áfengi á reki á hafi úti. Þeir fluttu tunnuna til lands og skiptu áfenginu á milli sín. Þeim var ókunnugt um hvers konar áfengi var að ræða og komu sér því saman um að nota það hvorki né láta það af hendi til annarra manna fyrr en það hefði verið rannsakað. Tveir þeirra, Ó og H, rufu þetta sammæli og naut H einnig atbeina annars manns, G, til að selja áfengið. Áfengið reyndist banvænt og biðu níu manns bana, þeirra á meðal Ó, og 11 veiktust alvarlega, þar af varð einn blindur. H og G voru ákærðir fyrir brot gegn XXIII. kafla hgl., án frekari tilgreiningar á ákvæðum eða hvort um ásetnings- eða gáleysisbrot væri að ræða. Þeir höfðu báðir gert ráð fyrir að um drykkjarhæft áfengi væri að ræða og höfðu nokkra ástæðu til að ætla það, en þeir höfðu drukkið það sjálfir án afleiðinga. Hins vegar var talið að þeim hefði báðum verið ljóst að þetta var óvíst og að alvarleg hætta gat stafað af neyslu áfengisins og þeir gáfu sumum, sem þeir útveguðu drykkinn, rangar eða misvísandi upplýsingar um innihald og uppruna þess og sumum alls engar. Þeir voru því taldir hafa sýnt af sér vítavert gáleysi við afhendingu drykkjarins og voru taldir hafa verið valdir að dauða og veikindum tilgreindra manna. Þeir voru því sakfelldir fyrir brot á 219. gr. og 215. gr. hgl.

Í þessu máli var ljóst að ákærðu grunuðu að minnsta kosti að vökvinn væri ódrykkjarhæfur en ekki var víst hvort þeir vissu að neysla hans gæti verið lífshættuleg. Því hefur verið haldið fram í fræðiskrifum um þennan dóm að huglæg afstaða ákærðu hefði þannig getað fallið undir *dolus eventualis*, ef annaðhvort viðbótarskilyrðanna skilyrtur ásetningur eða jákvæð afstaða hefði verið fyrir hendi. Ólíklegt er að hægt hefði verið að styðjast við skilyrta afbrigðið þar sem ekki hefði verið hægt að sanna að gerendurnir hefðu talið víst að afleiðingar þess að drekka áfengið væru svo alvarlegar. Ákærðu voru óvissir um innihald vökvans en tóku alvarlega hættu á því að spilla heilsu annarra með í reikninginn og létu sér í léttu rúmi liggja þótt neysla vökvans gæti leitt til meiri háttar heilsuspjalla. Það hefði

<sup>100</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaðbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 86.

því frekar verið hægt að fella atferli þeirra undir jákvæða afstöðu til dolus eventualis hvað varðar heilsuspjöllin. Aftur á móti er erfiðara að segja að dolus eventualis nái til manndrápsins, en ákærðu reyndu að láta kanna vökvann og neyttu hans sjálfir og grunuðu því varla að neyslan gæti leitt til dauða. Ákærðu freistuðust þannig til dreifingar á vökvannum í trausti þess að það drægi ekki til líftjóns. Þannig er manndrápið framið af meðvituðu og stórfelldu gáleysi.<sup>101</sup>

Í eftirfarandi máli voru tveir hinna ákærðu sakfelldir fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. en dómstólar fjölluðu um hvort skilyrði væru fyrir því að heimfæra brot þeirra undir manndráp af ásetningi samkvæmt 211. gr. hgl.

**Hrd. 5. apríl 1964 í máli nr. 184/1953.** Tveir menn, R og A, voru ákærðir fyrir manndráp af ásetningi samkvæmt 211. gr. hgl., en til vara fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. og 1. mgr. 220. gr. hgl. Sá þriðji E, var ákærður fyrir brot á 221. gr. hgl. Málsatvik voru þau að R, A og E voru í heimahúsi og voru R og A við drykkju. Um nóttina bankaði Ó upp á, dauðadrukinn og lenti í orðaskaki við R og A í dyragættinni sem endaði þannig að R sló Ó tvö högg á höfuðið svo hann hrökklaðist aftur á bak og féll á jörðina meðvitundarlaus. A og R fóru þá út með Ó og komu honum fyrir í fiskipvottakeri, sem stóð skammt frá, og skildu hann þar eftir. Skömmu síðar fóru allir hinir ákærðu út og fluttu Ó, sem þá var enn meðvitundarlaus, að bifreið sem stóð þar hjá, en þeir höfðu haft áhyggjur af því að Ó yrði of kalt úti í fiskipvottakerinu, enda kalt úti og rigning. Þegar þeir ætluðu að setja Ó inn í bifreiðina var hann talinn hafa rankað aðeins við sér og streist á móti. Sló A þá Ó á kjálkann og hreyfði Ó sig ekki eftir það. Þegar ákærðu höfðu komið Ó inn í bifreiðina, breiddu þeir teppi yfir hann, lokuðu bifreiðinni og skildu hann þar eftir blóðugan, meðvitundarlausan og bjargarlausan. Var hann í bifreiðinni þar til íbúar í nærliggjandi húsi urðu hans varir af tilviljun um hádegi daginn eftir. Ó var fluttur á sjúkrahús og andaðist þar 12 dögum síðar af sárum sínum. Sannað þótti að Ó hefði hlotið fleiri áverka en raktir voru til framangreindra höfuðhögga og að þeir hafi stafað af meðferð ákærðu R og A. Þar sem Ó var svo hart leikinn af völdum þeirra beggja voru þeir báðir taldir refsíábyrgir vegna líkamstjóns Ó og afleiðinga þess. Hins vegar taldi héraðsdómur að ekki yrði talið að það hafi verið ásetningur ákærðu R og A að bana Ó með höggum þessum, en ekki væri þó hægt að líta svo á að högginn hafi verið neyðarvörn eða sjálfsvörn, heldur að dauði Ó hafi hlotist af gáleysisverknaði R og A og var brotið heimfært undir 215. gr. hgl. Staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu og sakfelldi ákærðu R og A einnig fyrir brot gegn 218. gr. hgl. Þá voru allir þrír ákærðu sakfelldir fyrir brot á 1. mgr. 221. gr. hgl. R var dæmdur í þriggja ára fangelsi, A í tveggja ára fangelsi og E í þriggja mánaða fangelsi en fullnustu refsingar skyldi frestað og hún felld niður að þremur árum liðnum ef hann héldi skilorð samkvæmt VI. kafla hgl.

Þetta mál liggur á mörkum þess að vera manndráp af gáleysi og manndráp af ásetningsstiginu dolus eventualis. Það lá fyrir í málinu með vitnisburði að ákærðu höfðu

<sup>101</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 87.

áhyggjur af því að Ó yrði of kalt úti í fiskikarinu. Bendir það til þess að þeir hafi álitnið að Ó gæti dáðið vegna meðferðar þeirra á honum. Hið almenna skilyrði ásetningsstigsins dolus eventualis var því uppfyllt, það er gerendur vissu að refsinaem afleiðing kynni að koma fram vegna háttsemi þeirra. Til þess að fella hefði mátt háttsemina undir ásetningsstigið dolus eventualis hefði þó þurft að uppfylla annaðhvort viðbótarskilyrðanna. Engin sönnun lá fyrir í málinu um það að ákærðu hefði engu að síður framið verknaðinn þótt þeir hefðu talið víst að Ó myndi láta lífið. Skilyrta afbrigði ásetningsstigsins gat því ekki átt við. Þá færðu ákærðu Ó inn í bifreið og breiddu yfir hann teppi. Þannig létu þeir sér ekki í léttu rúmi liggja hvort Ó léti lífið þó þeir hafi ekki kallað á frekari aðstoð honum til handa og var skilyrðið um jákvæða afstöðu ekki heldur uppfyllt. Brotið var því heimfært undir 215. gr. hgl. sem manndráp af gáleysi. Í dag yrði þetta brot líklega heimfært til 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem ásetningur aðila stóð til líkamsárásarinnar en ekki til afleiðinganna.

Í eftirfarandi dómi er ákært fyrir brot gegn 211. gr. hgl. en dómstólar hrekja þar þann ákærulið og sakfella ákærða fyrir brot gegn 215. gr. hgl. þar sem ekki hafi tekist að sýna fram á ásetning ákærða.

**Hrd. 18. apríl 1958 í máli nr. 8/1958.** R var ákærður aðallega fyrir brot gegn 211. gr. hgl. en til vara fyrir brot gegn 218. gr. og 215. gr. hgl. fyrir að hafa barið J með krepptum hnefa í andlitið, svo að hann féll aftur fyrir sig, skall með höfuðið í jörðina og slasaðist svo mjög að hann beið bana af tveimur dögum síðar. Aðdragandi hnefahöggsins var sá að J hafði verið að erta ákærða R með því að fálma framan í andlit hans og hafði virt beiðni ákærða R um að J hætti því að vettugi. Eftir að J féll í jörðina sinnti ákærði R honum ekki, heldur hélt á brott, en hann taldi J vera meðvitundalaus vegna ölvunar. Vitnum á staðnum leist ekki á blikuna og komu J til hjálpar. Héraðsdómur, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, taldi að engin rök lægju að því að R hafi viljað dauða J með árás sinni né heldur yrði gerð krafa til hans um að hann hefði átt að sjá dauða J fyrir sem mjög sennilegar afleiðingar verknaðar síns og var R af þeirri ástæður sýknaður af broti gegn 211. gr. hgl. Þá var árás ákærða R á J talin vera vísvitandi og að hún réttlætist ekki af þeirri ertni sem J hafði áður sýnt ákærða með fálmi sínu. Afleiðingar hennar bæri að virða ákærða sem gáleysi og var hann sakfelldur fyrir brot gegn 218. gr. og 215. gr. hgl. og dæmdur í 15 mánaða fangelsi.

Í þessu máli er talið sannað að ásetningur ákærða hafi ekki staðið til að J léti lífið og að ákærði hefði ekki mátt telja það vera sennilega afleiðingu. Með þessu er beinn ásetningur og líkindaásetningur útilokaður. Aftur á móti virðist ekki litið sérstaklega til ásetningsstigsins dolus eventualis í dóminum. Það að slá brotþola svo þungu hnefahöggi að hann féll í jörðina meðvitundalaus hlýtur að fela í sér raunverulega vitund ákærða um að refsinaem afleiðing kunni að koma fram. Ákærði gat varla annað en grunað að brotþoli gæti hlotið alvarlega

áverka eða líftjón af slíku höggi. Hins vegar virðast ekki hafa legið fyrir sönnunargögn í málinu til þess að uppfylla mætti annaðhvort viðbótarskilyrðanna um skilyrtan ásetning eða jákvæða afstöðu. Í dóminum er því farið beint í 218. gr. og 215. gr. hgl. og er talið að rekja megi dauða fórnarlambins til gáleysis ákærða og er ákærði sakfelldur fyrir brot á báðum ákvæðunum, án þess að frekari skil sé gerð á saknæmi verknaðar hans. Leiða má líkur að því að í dag hefðu dómarrar gert mun betur grein fyrir saknæmisstigunum og líklegt er að ákærði hefði verið sakfelldur fyrir brot á 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem ásetningur hans stóð til líkamsárásar samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum í dóminum en dauða brotapolans mátti rekja til gáleysis geranda.

Að lokum má nefna eftirfarandi dóm þar sem tveir menn voru ákærðir fyrir manndráp af ásetningi samkvæmt 211. gr. hgl. en voru síðar sakfelldir fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. þar sem enginn skýr hvati hafi verið á verknaði þeirra og því ekki talið sannað að háttsemin hafi verið framin af ásetningi.

**Hrd. 28. mars 1980 í máli nr. 72/1978.** Tveir menn, GA og GP, voru meðal annars ákærðir fyrir brot gegn 211. gr. hgl. fyrir að hafa í sameiningu svipt H lífi í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu, þar sem þeir höfðu fyrr um kvöldið verið vistaðir saman í fangaklefa vegna ölvunar ásamt fjórða manni. Ákærði GA brá buxnabelti sínu, sem láðst hafði að taka af honum, um hálsinn á H, sem svaf ölvunarsvefni á bekk í fangaklefanum, og dró beltisendann í gegnum beltissylgjuna og herti síðan að hálsinum af afli og togaði og rykkti í beltisendann á meðan ákærði GP hélt fótum H. Þá tók ákærði GP við beltisendanum af GA og herti með sama hætti um nokkra hríð að hálsi H, eða allt þar til fangaverðir komu á vettvang. Þeir létu flytja H litlu síðar á slysavarðstofuna í Reykjavík þar sem hann var úrskurðaður látinn. GP bar vitni um að hann hafi ekki talið að ætlunin hafi verið að drepa H heldur hafi atburðirnir einhvern veginn farið svona. Hann kvaðst þó ekki hafa hugsað út í að aðfarir þeirra gætu verið lífshættulegar. Héraðsdómur sakfelldi ákærðu fyrir brot gegn 211. gr. hgl. en dæmdi þá ekki til refsingar með vísan til 16. gr. hgl. heldur til að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun á grundvelli 62. gr. hgl. Hæstiréttur mat ákærðu þó sakhæfa og sakfelldi þá fyrir brot gegn 215. gr. og 218. gr. hgl. með þeim rökum að enginn skýr hvati hafi verið að verknaði þeirra og þegar tekið væri tillit til brenglaðs hugarástands þeirra á þeim tíma er brotið var framið þætti varhugavert að telja sannað að með þeim hafi búið ásetningur til að ráða H bana. Var brotið því ekki fært til 211. gr. hgl. en hins vegar hafi líkamsárásin verið viljaverk og þeim hafi mátt vera ljóst að af henni gæti hlotist líftjón. Voru þeir hvor um sig dæmdir í átta ára fangelsi, en að baki þeirri refsiaðkvörðun lágu fleiri alvarleg hegningarlögmót sem þeir voru sakfelldir fyrir í sama máli.

Í þessu máli virðist brenglað hugarástand ákærðu vegna ölvunar hafa áhrif á saknæmismatið. Ekki er sérstaklega tekið á ásetningsafbrigðinu dolus eventualis í forsendum dómsins en ljóst þykir að hið almenna skilyrði þess ásetningsstigs sé uppfyllt í þessu máli,

Það er raunveruleg vitund geranda um að refsinaem afleiðing kunni að koma fram. Ákærðu hlaut að vera ljóst að alvarlega líkamsmeiðingar eða líftjón hlytist af því að herða belti að hálsi manns um lengri tíma. Aftur kemur þó að því að viðbótarskilyrði ásetningsstigsins eru ekki sönnuð. Ekki liggur fyrir sönnun þess efnis að ákærðu hefðu engu að síður framið verknadinn þótt þeir hefðu talið víst að afleiðing hans kæmi fram (skilyrtur ásetningur). Þá lá heldur ekki fyrir viljaafstaða ákærðu um að þeir hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvort afleiðingin kæmi fram, það er hvort brotþoli léti lífið (jákvæð afstaða) – þó auðvelt sé að hugsa sér að afstaða þeirra hafi verið sú. Sýnir þetta mál hversu erfið sönnunarbyrðin getur verið í málum sem þessum. Hæstiréttur taldi ósannað að ásetningur ákærðu hefði staðið til manndráps en sakfelldu hann, eins og áður segir, fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. og líkamsárás samkvæmt 218. gr. hgl. Eins og í fleiri málum í þessum kafla er líklegt að í dag yrðu ákærðu sakfelldir fyrir brot á 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem ásetningur þeirra stóð til líkamsárásar en afleiðing af háttsemi þeirra var talin gáleysi.

Í málum sem þessum, þar sem skilin milli ásetnings og gáleysis eru óljós, er mikið vald og ábyrgð lögð á herðar ákæruvalds, en það lendir oftast en ekki í þeirri stöðu að meta saknæmi brota við heimfærslu undir ákvæði hegningarlaga brota við útgáfu ákæru. Það er því mikilvægt að draga lærdóm af dómaframkvæmdinni til að hægt sé að meta hvenær skuli ákært fyrir brot á 211. gr. hgl., hvenær fyrir brot á 2. mgr. 218. gr. hgl. og hvenær fyrir brot á 215. gr. hgl. Niðurstaðan er sú að ef heimfæra á háttsemi undir 211. gr. hgl. á grundvelli ásetningsstigsins dolus eventualis þarf að uppfylla bæði hið almenna skilyrði dolus eventualis sem og annaðhvort viðbótarskilyrðanna, skilyrts ásetnings eða jákvæðrar afstöðu. Þá þarf ásetningurinn að ná bæði til frumverknadur og afleiðingar og skipta sönnunargögn og yfirlýsingar ákærðu meginsköpum við það mat. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt fellur háttsemin að öllum líkindum undir 215. gr. hgl. sem manndráp af gáleysi. Undantekningin frá því er þó að ef ásetningur nær til frumverknadur í líkamsárásarmálum en afleiðing frumverknadur er metin til gáleysis þá er hægt að heimfær brotið undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

#### **4.5. Neðri mörk gáleysis og óhappatilvik**

Á sama hátt og greina þarf ásetning frá efsta stigi gáleysis þarf að greina refsivert gáleysi frá refsilausu óhappatilviki. Mikilvægt er fyrir geranda sem og samfélagið í heild að vita hvenær hægt sé að líta á háttsemi sem manndráp af gáleysi og hvenær sem óhappatilvik, hreint og beint slys sem ekki var hægt að koma í veg fyrir. Ef litið er til refsinga liggur munurinn þarna á milli annars vegar í því að manndráp af gáleysi er refsivert og allt að sex ára fangelsi getur

legið við broti á 215. gr. hgl. en óhappatilviljun er ósaknæm og refsilaus. Fræðilega séð skilur þarna á milli, í stórum dráttum, að ef manndráp er unnið af gáleysi hafði gerandi hugboð um skaðlega afleiðingu athafnar sinnar, eða átti að gera sér grein fyrir henni, og átti þess kost að komast hjá henni en ef geranda var ekki mögulegt að komast hjá eða afstýra athöfn sem leiðir til líftjóns er um óhappatilvik að ræða. Í þessum kafla verða mörkin milli neðri marka gáleysis og óhappatílvika skoðuð nánar og sérstaklega litið til dómaframkvæmdar til stuðnings.

#### 4.5.1 Neðri mörk gáleysis

Lágmarksstig refsiverðs gáleysis í fyrrnefndri skilgreiningu gáleysis hljóðaði á um vísiregluna um hinn gegna og skynsama mann, en samkvæmt henni fremur maður refsiverðan verknáð af gáleysi ef maður hefði átt að gera sér grein fyrir aðstæðum og bregðast við í samræmi við þær en hafi hins vegar ekki gætt þeirrar varkárni sem af manni mætti ætlast. Þessi vísiregla er almennt orðuð og afar matskennd. Það er því undir dómstólum komið að meta hversu langt sé hægt að teygja gáleysisábyrgð í refsimálum áður en háttsemi verður talin refsilaust óhappatílvik.<sup>102</sup> Hefur því verið haldið fram, að við mat á fullfrömdum tjónsbrotum af gáleysi, liggi neðri mörk refsiverðs gáleysis nokkru ofar en gáleysismörk skaðabótaskyldu.<sup>103</sup> Þetta sjónarmið fær hugsanlega stuðning í eftirfarandi dómi þar sem verkstjóri á trésmíðaverkstæði var sýknaður af broti gegn 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi, en gáleysismat þess ákvæðis er sambærilegt gáleysismati í 215. gr. hgl.

**Hrd. 31. október 1996 í máli nr. 272/1996.** Ákærða, sem verkstjóra á verkstæði, var meðal annars gefið að sök líkamsmeiðingar af gáleysi með því að hafa vanrækt að sjá fyrir tilteknum öryggisbúnaði á vinnustað samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla, svo að starfsmaður hlaut áverka af. Ákærði var sakfelldur í héraðsdómi meðal annars fyrir brot á 219. gr. hgl. vegna líkamsmeiðsla starfsmannsins og var dæmdur til greiða 35.000 króna fésekt. Hæstiréttur sýknaði ákærða aftur á móti meðal annars með þessum orðum: „Hinn slasaði hafði starfað lengi við trésmíðar og gjörþekkti þá vél, sem í málinu ræðir. Er á það fallist með ákærða, að slysið hafi hlotist af gáleysi starfsmannsins sjálfs. Eins og aðstæður voru hér [...] eru ekki nægilegar ástæður til að virða ákærða það til gáleysis í refsimáli að sjá ekki um að búa vélina hlíf. Verður hann því sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu.“

<sup>102</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 131.

<sup>103</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 132.

Því hefur verið haldið fram að lesa megi úr þeim orðum Hæstaréttar að ekki hafi verið nægilegar ástæður til að telja háttsemi ákærða vera gáleysi í *refsimáli*, að strangari mælikvarði sé á lágmarksstigi gáleysis í refsimáli en ef um skaðabótamál hefði verið að ræða.<sup>104</sup>

Á Íslandi hefur annað veifið komið upp sú staða að réttarvitund í samfélaginu virðist ekki fara saman við gáleysismat dómstóla, sérstaklega þegar kemur að gáleysismati 215. gr. hgl. Því hefur þannig stundum verið haldið fram að dómstólar geri eða ættu að gera auknar kröfur til gáleysis þegar kemur að 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi, þannig að ekki komi til sakfellingar nema gáleysi sé stórfellt, þótt slíkt sé ekki áskilið í lögum. Þetta má ef til vill rekja til þess að langflest brot á 215. gr. hgl. eru afleiðing óvarkárni eða mistaka við akstur bifreiða og margir borgarar samfélagsins samkenna sig fremjendum þeirra brota þegar gáleysi er einfalt. Þetta eru brot sem geta komið fyrir hvern sem er að framkvæma á veikleikastundu þegar athygli og varkárni eru ekki eins og lög áskilja. Flestir kannast við þá tilfinningu, sem ökumenn, að vera utan við sig eða ekki með fulla athygli. Þannig eru þessi brot ekki tengd við einhvern ákveðinn þjóðfélagshóp sem fyrirfram er hægt er stimpla sem dæmigerða glæpamenn. Réttarframkvæmdin hér á landi bendir þó ekki til þess að gáleysiskröfur séu strangari í málum vegna brota á 215. gr. hgl. en í öðrum málum, þó einhverjum kynni að þykja það óskandi. Fjölmörg dæmi eru þess efnis að sakfellt sé fyrir manndráp af gáleysi þótt um minni háttar gáleysi sé að ræða og refsing því ákveðin væg í samræmi við sökina,<sup>105</sup> eins og sjá má í eftirfarandi dómi:

**Hrd. 13. október 1988 í máli nr. 104/1988.** Ákærða K var gefið að sök brot gegn 215. gr. hgl. fyrir að aka bifreið sinni án nægjanlegrar aðgæslu í grennd við dagheimili með þeim afleiðingum að fyrir bifreiðinni varð 7 ára drengur, sem hljóp yfir götuna og lést. Héraðsdómur sýknaði K á þeim forsendum að K hefði verið á mjög lítilli ferð en drengurinn hefði hlaupið út á götuna og fyrir bifreiðina þannig að enginn ökumaður hefði getað stöðvað í tæka tíð. Í Hæstarétti var K hins vegar sakfelldur meðal annars fyrir manndráp af gáleysi og dæmdur til að greiða 40.000 króna fésekt á þeim forsendum að hluti af starfi ákærða hafi verið að flytja skólabörn og K hafi því verið gagnkunnugur staðháttum og mátti gera ráð fyrir börnum beggja vegna vegarins, þar sem grunnskóli og íþróttahús voru á aðra hönd en dagheimili á hina. Með því að líta um stund til vinstri hliðar þótti ákærði ekki hafa fylgst nægilega með veginum fram undan og umferð frá hægri og þannig ekki hafa sýnt þá varkárni sem af honum væri krafist.

<sup>104</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 132.

<sup>105</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 128.



Í þessum dómi er ákærði dæmdur til lágrar sektargreiðslu. Hin lága sekt fyrir brot sem er í eðli sínu svo alvarlegt, það er að aka á barn nálægt skóla, bendir eindregið til að um lágt stig gáleysis hafi verið að ræða. Þessi dómur sýnir hversu langt dómstólar eru tilbúnir að teygja gáleysisábyrgð.

Það útilokar ekki heldur refsíábyrgð fyrir manndráp af gáleysi þótt sýnt sé fram á nokkra eigin sök brotþola. Eftirfarandi tveir dómar fjalla um umferðarslys þar sem öikumenn eru sakfelldir fyrir manndráp af gáleysi þrátt fyrir að viðurkennt hafi verið að rekja mætti slysið að verulegu leyti til eigin sakar brotþolanna.

**Hrd. 8. mars 1943 í máli nr. 8/1943.** A ók bifreið vestur Suðurlandsbraut. Þegar hann nálgast vegamót sá hann þar standa á vegarbrún amerískan hermann, er stigið hafði út úr bifreið sem ekið var í austurátt. Hermaðurinn fór út á veginn en vinstra framhjól bifreiðarinnar rakst á hann og hlaut hann bana af. Í sama veffangi rakst bifreið A á breska bifreið sem kom á móti A. Einn farþegi A kastaðist þá út úr bifreiðinni og lét lífið, en annar farþegi hans meiddist, sem og tveir menn í bresku bifreiðinni. Í héraðsdómi, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, var talið sannað að hinn látni hermaður hefði sýnt af sér mikla ógætni með því að ganga út á veginn eins og á stóð. Hann ætti því verulega sök, ekki einungis á sínum eigin dauða heldur einnig á árekstri bifreiðanna og því sem af honum hlaut. Dómurinn taldi einnig að A hefði borið að fara hægar og gætilegar eins og á stóð og sakfelldi hann því meðal annars fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. og var hann dæmdur í 30 daga fangelsi.

**Hrd. 24. apríl 1959 í máli nr. 171/1958.** Þrjár stúlkur, 5-7 ára gamlar, stóðu á gangstétt við gatnamót í Vestmannaeyjum, þegar D ók bifreið sinni yfir gatnamótin, en í sömu svifum stökk ein stúlkanna, S, út á akbrautina, varð fyrir bifreiðinni og beið þegar bana. Sannað þótti að D hefði ekið varlega og að S hafi hlaupið út á akbrautina í veg fyrir bifreiðina og orðið þannig samvaldur að slysinu. Hæstiréttur taldi engu að síður að D hefði átt að veita stúlkunum eftirtekt ef hann hefði sýnt fulla aðgæslu þegar hann ók yfir gatnamótin, og hefði síðan átt fylgjast með ferðum þeirra og haga akstri sínum svo að þeim stafaði sem minnst hættu af. Hann var því sakfelldur meðal annars fyrir brot gegn 215. gr. hgl. og dæmdur til greiða 1.500 króna fésekt.

Af þessum dómum sést aftur hversu langt niður hægt er að teygja gáleysisábyrgðina og að eigin sök brotþola getur verið talsvert mikil án þess að hafa áhrif á refsíábyrgð geranda, en strangari kröfur eru þó gerðar til gerenda þegar börn eru brotþolar, eins og fram kom í kafla 4.4.1. Eigin sök brotþola í málum sem þessum endurspeglast þó í vægum refsingum gerenda. Aftur á móti getur sök brotþola verið svo mikil að gáleysi geranda verði ekki um kennt, eins og eftirfarandi dómur sýnir þar sem ákærði var sýknaður af broti gegn

215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi á grundvelli þess að eigin sök brotþola hafi verið um að kenna.

**Hrd. 3. mars 1992 í máli nr. 500/1991.** A var ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. með því að hafa ekið bifreið sinni vestur nyrðri akbraut Laugavegar í Reykjavík og inn á syðri akbraut götunnar í veg fyrir bifhjól og sendibifreið, sem ekið var austur Laugaveg með þeim afleiðingum að ökumaður bifhjólsins J, kastaðist í götuna og hlaut svo mikla áverka að hann lést skömmu síðar. Ósannað þótti að ákærði A hefði séð til ferða bifhjólsins eða aðstæður hafi verið þannig að gáleysislegt hafi verið að hans hálfu að aka inn á syðri akbraut Laugavegar miðað við fjarlægð þeirra tveggja bifreiða sem næstar voru og ekið var til austurs. Þó þótti sannað að bifhjólinu hafi verið ekið á allt of miklum hraða milli framangreindra bifreiða þvert gegn umferðarlögum nr. 50/1987. Það varð því ekki metið ákærða A til sakar að hafa ekki varast bifhjólið og var hann sýknaður.

Við athugun á því hversu langt niður á við sé boðlegt að teygja refsivert gáleysi er athyglisvert að skoða norræna samanburðarkönnun sem tveir norskir fræðimenn, Johs. Andenæs og Ragnar Hauge, framkvæmdu árið 1965 og fjallaði um framkvæmd dómstóla varðandi hegningarlagaákvæði um manndráp af gáleysi. Niðurstaðan var sú að norskir dómstólar beittu ákvæði sínu um manndráp af gáleysi vegna umferðarslysa mun sjaldnar en tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndunum. Könnunin sýndi þá að norskir dómstólar sýknuðu mun oftár fyrir manndráp af gáleysi í banaslysamálum í umferðinni þótt sakfellt væri fyrir umferðarlagabrot. Þetta þótti benda til þess að gáleysismarkið fyrir manndráp væri sett hærra í Noregi en í nágrannalöndunum. Þá tók Hæstiréttur Noregs af skarið í eftirfarandi dómi og sló því föstu að ekki væri lagagrundvöllur til þess að miða við mismunandi neðri mörk gáleysis að því er varðaði ákvæði hegningarlaga og umferðarlaga.<sup>106</sup>

**Rt. 1963.744.** Ákærði keyrði á konu á hjóli með þeim afleiðingum að hún lést. Í undirrétti var ákærði sakfelldur meðal annars fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 239. gr. norsku hegningarlaganna frá 1902.<sup>107</sup> Dómarinn í undirréttinum hélt því fram að samkvæmt meginreglu ættu skilyrði fyrir gáleysi samkvæmt ákvæði um manndráp af gáleysi ekki að vera strangari en gáleysismat samkvæmt þágildandi norsku umferðarlögunum. Ákærði var ósammála þessu og áfrýjaði dómi undirréttarins. Dómurinn var staðfestur í áfrýjunarrétti og var sérstaklega tekið fram að enginn lagagrundvöllur væri fyrir því að beita mismunandi gáleysismati eftir því hvort háttsemi varðandi 239. gr. norsku hegningarlaganna eða ákvæði umferðarlaga.

<sup>106</sup> Kristian Sødal, „Straffelovens §239, uaktsomme drap i trafikken: Bestemmelsens udvikling og fremtid“ (Kandidatsritgerð, University of Oslo 2003) 10; Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 130.

<sup>107</sup> Nánar er fjallað um þetta ákvæði í kafla 6.2.

Fyrst eftir dóminn leit út fyrir nokkra breytingu á gáleysismati dómstóla í samræmi við framangreindan dóm en gáleysismatið fór þó fljótlega aftur í sama farið. Þannig virðist sem ákærvaldið og kviðdómur í Noregi beiti enn strangara gáleysismati við mat á broti á ákvæði norsku hegningarlaganna um manndráp af gáleysi, jafnvel þó tekið sé fram í lögum og réttarframkvæmd að gáleysismatið eigi að vera það sama.<sup>108</sup>

Langflest dómsmál á Íslandi þar sem ákært er fyrir manndráp af gáleysi lúta að umferðinni. Eins og áður sagði er engin ástæða til að ætla að íslenskir dómstólar hafi lagt annan mælikvarða á neðri gáleysismörk í 215. gr. hgl. en annarra ákvæða. Refsirammi 215. gr. hgl. er breiður og getur gáleysismatið endurspeglast í refsingu. Þó má benda á að nokkuð algengt er á Íslandi að ákærðir séu sýknaðir af broti gegn 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi og jafnvel þó sakfelld sé fyrir umferðarlagabrot,<sup>109</sup> eins og niðurstaðan var í eftirfarandi dómi.

**Hrd. 22. maí 1997 í máli nr. 92/1997.** H var meðal annars ákærður fyrir brot gegn 215. og 219. gr. hgl. og ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 fyrir að hafa ekið hópferðabifreið með 41 farþega innanborðs of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegrar aðgæslu, í strekkingsvindi og á hálum og blautum vegi, með þeim afleiðingum að hún lenti út af veginum, valt og tveir farþegar létu lífið og margir farþegar slösuðust. Í Hæstarétti var talið að slysið hefði að miklu leyti mátt rekja til náttúruaflla og aðstæðna á veginum og var H sýknaður af broti gegn ákvæðum hgl. en sakfelldur fyrir brot ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem hann hefði ekið án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður.

Eins og sést af þessum dómi geta legið góðar og gildar ástæður fyrir því að ökumaður sé sýknaður af broti gegn 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi en sakfelldur fyrir umferðarlagabrot. Þannig nær gáleysi ökumanns ekki alltaf til líftjóns sem afleiðingar aðgæsluleysis og stundum hefur ökumaður ekki ráðrúm til þess að afstýra slysi.<sup>110</sup> Slíkur ómöguleiki er umfjöllunarefni næsta kafla.

#### 4.5.2 Óhappatilvik

Óhappatilvik getur ekki orðið grundvöllur refsíabýrgðar. Það þýðir að ekki kemur til refsíabýrgðar ef ómöguleiki var fyrir hendi þegar atvik áttu sér stað. Þannig getur það til dæmis komið í veg fyrir refsíabýrgð ökumanns bifreiðar ef hann hefur ekki haft tækifæri til

<sup>108</sup> Kristian Sødal, „Straffelovens §239, uaktsomme drap i trafikken: Bestemmelsens udvikling og fremtid“ (Kandidatsritgerð, University of Oslo 2003) 10; Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabýrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 130.

<sup>109</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabýrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 130.

<sup>110</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabýrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 130.

að afstýra slysi. Þau atvik eru oft kölluð óhappatilvik eða slys. Eins og áður segir er refsivert verk unnið af gáleysi ef gerandi hefur hugboð um skaðlega afleiðingu þess eða ætti að gera sér grein fyrir henni og hann á þess kost að komast hjá slíkri afleiðingu. Af þessu leiðir að ekki kemur til refsíabyrgðar fyrir gáleysisbrot ef geranda var ókleift að komast hjá eða afstýra athöfn sem leiðir til skaðlegrar afleiðingar. Ómöguleiki er því eins konar refsileysisástæða en í ómöguleika felst að nokkuð vantar upp á lágmarksinntak frumverknaðarins.<sup>111</sup>

Ekki er þó hægt að skilgreina óhappatilvik með jákvæðum hætti. Um er að ræða tilvik þar sem orsakatengsl milli háttsemi og afleiðinga eru sönnuð án þess að unnt sé að kenna neinum um það. Þannig má segja að afleiðingu, til dæmis líftjóni, sé valdið af óhappatilviljun ef það verður rakið til háttsemi manns án þess að unnt sé að segja að skilyrðinu um gáleysi eða ásetning sé fullnægt.<sup>112</sup>

Nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á óhappatilvikum og gáleysisverknaði, enda eru refsiréttarlegar afleiðingar fyrir geranda afar mismunandi eftir því um hvort tilvikið er að ræða. Til þess að átta sig betur á því hvenær atvik telst vera óhappatilvik en ekki manndráp af gáleysi verða hér skoðaðir nokkrir dómur þar sem ákært var fyrir brot á 215. gr. hgl. en ákærðu voru sýknaðir þar sem um óhappatilvik var að ræða.

**Hrd. 13. mars 1942 í máli nr. 9/1942.** H var meðal annars ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að H ók bifreið sinni vestur Suðurlandsbraut. Hann sá tvo drengi standa kyrra á norðurbrún brautarinnar, en veitti þeim ekki frekari athygli og dró ekki úr hraða bifreiðarinnar. Þegar H var að komast til móts við drengina fór annar þeirra skyndilega inn á veginn í veg fyrir bifreiðina. Varð drengurinn fyrir bifreiðinni og hlaut af meiðsli sem leiddu hann til dauða. Hraðamælir bifreiðarinnar og horn voru óvirk og hemlar lítt nothæfir. Héraðsdómur, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, taldi að H bæri ekki refsiverða sök á dauða drengsins þar sem drengurinn hafði skyndilega hlaupið inn á veginn um hálfri bifreiðalengd fyrir framan bifreiðina. H var því sýknaður af broti gegn 215. gr. hgl. Aftur á móti var honum dæmd refsing fyrir brot á ákvæðum bifreiðalaga nr. 23/1941.

**Hrd. 8. mars 1944 í máli nr. 79/1943.** H var meðal annars ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að H ók bifreið suður Kaplaskjólsvog með 10-15 mílna hraða miðað við klst. Ekki var annað sannað, samkvæmt framburði H og farþega hans, en að maður hafi komið gangandi á móti bifreiðinni sömu megin á veginum. H hafi þá sveigt til hægri inn á veginn til að komast fram hjá manningnum en þá hafi maðurinn gengið snögglega inn á veginn í veg fyrir bifreiðina og við það hlotið meiðsl sem leiddu hann til dauða. Talið var að ekki hefði verið unnt að afstýra árekstri og því þótti ekki sannað að H hefði á saknæman hátt orðið valdur að

<sup>111</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 132-133.

<sup>112</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 142.

dauða mannsins. Var hann því sýknaður af broti gegn 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi.

**Hrd. 16. júní 1952 í máli nr. 76/1951.** A var meðal annars ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að A ók vörubifreið um Bárustíg í Vestmannaeyjum á um 15 km hraða, að því er hann taldi, í um 50 sentímetra fjarlægð frá vinstri gangstéttarbrún. Þegar hann var utan við dyr verslunar í götunni sá hann stelpur koma hlaupandi þaðan út og fram á gangstéttina. A hægði á bifreiðinni til þess að huga að stelpunum og þegar hann sá þær ekki með því að líta aftur, stöðvaði hann bifreiðina og fór út úr henni. Lá stelpa, G, þá á gangstéttarbrúninni framan við búðina og var ljóst að hún hafði orðið fyrir bifreiðinni. G, sem var 7 ára gömul, var stórslösuð og andaðist á sjúkrahúsi daginn eftir. Í héraðsdómi var A sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl. þar sem talið var sýnt að hann hafi orðið valdur að dauða G fyrir vítavert gáleysi þar sem honum hefði borið að sýna meiri aðgæslu. Í Hæstarétti var A metið það til vangæslu að hann gerði ekki tilraun til að afstýra slysi með því að hemla þegar hann sá stelpurnar hlaupa í áttina til bifreiðarinnar og var honum því dæmd sekt samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga nr. 23/1941 og umferðarlaga nr. 24/1941. Hins vegar var ekki hægt að staðhæfa að A hefði tekist að afstýra slysinu þótt hann hefði hellað. Var hann því sýknaður í Hæstarétti af broti gegn 215. gr. hgl.

**Hrd. 12. maí 1999 í máli nr. 11/1999.** S var meðal annars ákærður fyrir brot gegn 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að S ók bifreið sinni án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður og almenn hraðamörk, í myrki á gatnamótum í þéttbýli, þannig að hann gat ekki stöðvað bifreiðina í tæka tíð er kona gekk yfir götuna við gatnamótin með þeim afleiðingum að hún varð fyrir bifreiðinni og lést skömmu síðar af áverkum sínum. S var sýknaður í Hæstarétti þar sem ekki var talið sannað að hann hefði ekið of hratt og þar sem brotþoli hafi skyndilega komið út á akbrautina. S var því ekki talinn getað haft tók á því að afstýra slysinu.

Einnig má vísa til **Hrd. 21. mars 1961 í máli nr. 191/1960** sem reifaður er í kafla 4.3. þar sem rétturinn taldi ekki sannað að ákærði hafi orðið valdur eða samvaldur að dauðaslysi og sýknaði ákærða meðal annars með þeim orðum að ákærði „virðist hafa sýnt þá varkárni í akstri sínum, þegar slysið varð, sem hægt er að búast við af bifreiðarstjóra.“

Framangreindir dómar sýna allir að ef vegfarendur hlaupa, ganga eða hjóla skyndilega í veg fyrir bifreið og ef ökumaður ekur lögum samkvæmt og sýnir fulla aðgát og hefði ekki getað komið í veg fyrir árekstur þá er um óhapp að ræða. Matið á mörkum gáleysis og óhappatilviks byggist þó greinilega á hárfinni línu eins og sjá má á mismunandi niðurstöðum í héraði og Hæstarétti í sumum framangreindra dóma. Matið er frekar strangt. Sýna þarf fram á að ökumaður hafi ekið gætilega, hann hafi ekki réttilega getað búist við því að einhver kæmi í veg fyrir bifreið hans og að hann, eða nokkur annar ökumaður, hafi ekki getað forðað slysinu, eftir að hann varð vegfarandans var. Er þetta í samræmi við fyrrgreinda umfjöllun um óhappatilvik.

Áður sagði að ökumenn þyrftu að gæta sérstakrar varkárni þegar um börn væri að ræða eða á stöðum þar sem gera mætti ráð fyrir að börn héldu sig og að þeir þyrftu að reikna með óútreiknanlegri hegðun barna. Við fyrstu sýn virðist Hæstiréttur gefa misvísandi skilaboð um hvenær þessarar sérstöku varkárni er þörf. Í sumum málum sem varða óútreiknanlega hegðun barna eru ökumenn sakfelldir á grundvelli stórfellds gáleysis, eins og fjallað er nánar um í kafla 4.4.1, en í öðrum málum eru ökumenn sýknaðir, þrátt fyrir að málsatvik hafi verið svipuð. Til að reyna að skýra þessa línu verða hér skoðaðir nokkrir dómar þar sem ökumenn eru sýknaðir af broti gegn 215. gr. hgl. eftir að hafa ekið á börn.

**Hrd. 6. maí 1940 í máli nr. 19/1940.** P var ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 200. gr. hgl. 1869. Málavextir voru þeir að P stöðvaði bifreið sína fyrir utan hús þar sem drukkinn maður átti að fara út úr bifreiðinni, en hann fékkst ekki til þess. Þá ók P bifreiðinni af stað og varð barn, tæplega tveggja ára gamalt, fyrir bifreiðinni og beið bana. P kvaðst hafa litið fram á veginn og til hliðar, áður en hann ók af stað, og ekki séð önnur börn en fjögurra ára stúlku hægra megin við bifreiðina. Hæstiréttur taldi að það hefði verið varlegra af P að fara út úr bifreiðinni í aðgæsluskyni, áður en hann ók af stað aftur, en samt þótti varhugavert að fullyrða að hann hefði sýnt þess konar aðgæsluskort, að honum yrði refsað samkvæmt 200. gr. hgl. 1869. Var P því sýknaður.

**Hrd. 18. nóvember 1946 í máli nr. 133/1946.** A var meðal annars ákærður fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að A ók strætisvagni með mörgum farþegum inn á Gunnarsbraut þegar fimm ára drengur, G, varð fyrir strætisvagninum og hlaut bana af. Talið var að sýnt hefði verið fram á að G hefði skyndilega hlaupið þvert yfir götuna án þess að A tæki eftir því. Þá var strætisvagninn þannig gerður að útsýni bifreiðastjóra til hliðar var mjög takmarkað. Hæstiréttur taldi því varhugavert að telja ákærða til sakar að hann hafi ekki séð G og staðfesti Hæstiréttur sýknudóm héraðsdóms. Í Hæstarétti skiluðu tveir dómarar sératkvæði og bentu á að slysið hafi orðið í þröngri götu þar sem börn voru á ferð og A hefði því haft ríka ástæðu til að sýna sérstaka aðgæslu og varfærni, hafa vakandi auga á börnunum og vera við því búinn að stöðva snögglega ef börnin hlupu út á akbrautina og fyrir bifreiðina. Þeir töldu A ekki hafa gert það. Þá töldu þeir að aðalorsök slyssins hefði vissulega mátt rekja til atferli G en að A hefði mátt afstýra slysinu ef hann hefði ekið nógu gætilega og tekið eftir barninu í tæka tíð. Þeir töldu A því hafa með aðgæsluskorti orðið samvaldur að dauða barnsins og það gæti ekki leyst hann að fullu undan sök að útsýni hafi verið slæmt úr sæti bifreiðastjórans í strætisvagninum.

**Hrd. 1. nóvember 1978 í máli nr. 201/1977.** E var ákærður meðal annars fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. með því að hafa orðið sjö ára dreng, S, að bana af gáleysi með því að aka, þegar E var við vinnu sem verkstjóri yfir malbikunarflokki, skamman spöl í vesturátt eftir tengigötu milli Seljabrautar og Breiðholtsbrautar í Reykjavík án nægjanlegrar varkárni miðað við aðstæður. Ákærði E hafði séð drenginn S stuttu aftan við bifreiðina áður en hann steig upp í hana og vinnuvélar byrgðu útsýni aftur af bifreiðinni

með þeim afleiðingum að S varð undir bifreiðinni og beið bana nær samstundis. Í héraðsdómi var E sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl. með þeim rökum að um vinnusvæði hefði verið að ræða og því hafi E borið, sem verkstjóra á staðnum, að gæta sérstakrar varúðar vegna barna og annarra vegfarenda, og ekki síst þar sem E hafði séð S á staðnum í nánd við vinnutækin. Hann hafi haft góða aðstöðu til að fylgjast vel með því sem var að gerast og hafi því sýnt af sér aðgæsluleysi. Aftur á móti sýknaði Hæstiréttur E þar sem talið var sýnt fram á að S hafi borið óvænt að bifreið E og runnið undir bifreiðina og lent undir afturhjóli hennar. Slysið hafi því ekki orðið með þeim hætti að E bæri refsiverða sök á því.

Þessir dómur eiga það allir sameiginlegt að börn hafi farið skyndilega í veg fyrir bifreiðar og að ökumenn hafi ekki séð þá fyrir en eftir að slys hafði átt sér stað. Þannig voru ökumenn ekki meðvitaðir um aðsteðjandi hættu og höfðu aldrei tækifæri til þess að sjá vegfarendurnar, þrátt fyrir að hafa ekið eftir aðstæðum. Í þessum tilvikum er eigin sök barnanna mikil og ekki er hægt að kenna gáleysi ökumanna um. Sýknudómarnir eru því byggðir á ómöguleika. Ef framangreindir sýknudómar eru bornir saman við dóma þar sem ökumenn eru sakfelldir fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi, þegar um börn er að ræða, má sjá að lykilatriði við aðgreiningu milli gáleysis og óhapps í þessum tilvikum er hvort slysið á sér stað þar sem ökumaður má á nokkurn hátt gera ráð fyrir því að börn séu, hvort ökumaður hafi séð börnin áður en slysin eiga sér stað, hvort ökumaður hafi ekið miðað við aðstæður og hvort ökumaður hefði á einhvern hátt getað komið í veg fyrir slysið. Það er því ljóst að þegar kemur að börnum er krafan um varkárni og aðgæslu ökumanna mun meiri en vegna annarra gangandi vegfaranda en óhappatilvikin eru þó möguleg.

Einnig má fella dauðsföll sem verða vegna eigin sakar brotaþola undir óhappatilvik. Í þeim tilvikum er líftjón óhappatilviljun brotaþola sjálfs um að kenna, það er að segja ef gerandi gat ekki komið í veg fyrir slysið. Þetta viðhorf má til dæmis sjá í eftirfarandi dómi:

**Hrd. 22. júní 1955 í máli nr. 151/1954.** S og K voru meðal annars ákærðir fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Málavextir voru þeir að S ók bifreið í eigu K með fjóra farþega á palli bifreiðarinnar. Einn farþeganna, J, féll út af pallinum, slasaðist og lést af sárum sínum daginn eftir. Sannað þótti að J hafði sleppt taki á því reipi sem farþegum á pallinum var ætlað að halda sér í án þess að það væri því um að kenna hvernig akstri bifreiðarinnar var háttað. S og K voru sýknaðir af broti gegn 215. gr. hgl. en sakfelldir fyrir brot á ákvæðum bifreiðalaga nr. 23/1941 og umferðarlaga nr. 24/1941, þar sem umbúnaður á palli bifreiðar ákærða þótti ekki fullnægja ákvæðum laga og að S hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu við aksturinn miðað við aðstæður.

Í þessu máli var þannig ósannað að líftjón farþegans mætti rekja til gáleysis ökumannsins við aksturinn jafnvel þó ákærðu hefði brotið umferðarlög. Gáleysi ökumannsins

náði þannig til háttseminnar sem slíkrar en náði ekki til líftjóns farþegans, hann einfaldlega sleppti reipinu.

Þá má benda á að við mat á því hvort manndráp sé framið af gáleysi eða sé óhappatilvik eru, auk framangreindra atriða um að ökumenn aki eftir aðstæðum á forsvaranlegan hátt og að eigin sök brotþola sé með þeim hætti að ökumönnum hafi verið ókleift að afstýra slysi, sönnunarástæður að sjálfsögðu einnig hafðar í huga.<sup>113</sup> Í eftirfarandi dómi er fjallað um slíka sönnunarstöðu, en þar tókst ekki að sanna að rekja mætti slysið til gáleysis ökumannsins.

**Hrd. 30. september 1999 í máli nr. 213/1999.** D var ákærður fyrir brot á 215. gr. hgl. og fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreið sinni á röngum vegarhelmingi, með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri við bifreið sem kom úr gagnstæðri átt og ökumaður hennar lést samstundis. Talið var að rannsókn slyssins hefði ekki verið sem skyldi. Viðhlítandi skoðun á sprungnum hjólbarða og felgu á bifreið D hefði getað gefið vísbendingar um hvort hjólbarðinn hefði sprungið og orsakað slysið, eins og D hélt fram. Þótti á það skorta að fram væru komin gögn til að unnt væri að telja nægilega sannað, að slysið yrði rakið til gáleysis D. Var D því sýknaður af broti gegn 215. gr. hgl. og ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987.

Niðurstaða í dómum getur einnig ráðist af ágöllum á rannsókn málsins og sönnunaratríðum eins og í eftirfarandi dómi.

**Hrd. 12. desember 1996 í máli nr. 330/1996.** K var ákærður meðal annars fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. með því að hafa ekið vörubifreið inn á brúna yfir Laxá án nægilegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, en hálka var á veginum og lágrenningur, með þeim afleiðingum að árekstur varð við fólksbifreið á brúnni sem ekið var úr gagnstæðri átt. Við þetta hlaut ökumaður þeirrar bifreiðar, H, mikið högg og lést samstundis. Hæstiréttur sýknaði K þar sem ekki hafi verið efni til þess að gera þá kröfu að ákærði hefði skilyrðislaust átt að nema staðar við brúna og bíða bifreiðarinnar sem á móti kom. Þá var gerð athugasemd við það að í rannsóknargögnum og í málsmeðferð fyrir héraðsdómi hafi ekki verið að finna umfjöllun um það hvort og hversu mikið snjóruðningur við veginn hafi takmarkað sýn K og að engin sérstök athugun hafi verið gerð á því hver hafi verið líklegur hraði bifreiðar K. Það var því talið ósannað sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála<sup>114</sup> að E hafi gert sekur um gáleysi í skilningi 215. gr. hgl. og þótti einnig ósannað að ákærði hefði brotið gegn ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987.

Af öllu framangreindu má vera ljóst að lítið getur skilið að milli manndráps af gáleysi og óhappatilviks. Helsti munurinn liggur þó í því hvort gerandi, eða nokkur annar maður, hafi

<sup>113</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaðbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 133.

<sup>114</sup> Sambærilegt ákvæði má nú finna í 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.



getað komið í veg fyrir líftjónið. Dómstólar hafa oft en ekki vandasamt verk fyrir höndum við slíkt mat, enda er enginn einhlítur mælikvarði til um hin réttu viðbrögð og hvenær háttsemi varðar gáleysisábyrgð og hvenær ekki. Umfjöllunarefni næsta kafla er hvaða atriði dómstólar líta helst til við gáleysismat.

#### 4.6. Gáleysismat dómstóla

Hér verður skoðað hverjar megináherslur dómstóla eru við gáleysismat í málum sem varða manndráp af gáleysi. Skilgreining ómeðvitaðs gáleysis tekur mið af hinni ólögfestu vísireglu um hinn gegna og skynsama mann. Reglan vísar til mælikvarða á hegðun manna við ákveðnar aðstæður. Hér kemur til skoðunar hvaða viðmiðanir dómstólar leggja til grundvallar við mat á háttsemi manna, hvort hún hafi brotið í bága við ákvæði 215. gr. hgl. Í refsirétti er algengt að lýsa tveimur megin stefnum við skoðun á gáleysismati dómstóla, annarri með megináherslu á hlutlægar viðmiðanir en hinni með áherslu á einstaklingsbundnar viðmiðanir.<sup>115</sup>

##### 4.6.1 Hlutlægar viðmiðanir

Gáleysismat dómstóla styðst í upphafi við tiltekinn atburð og þær aðstæður sem atburðurinn gerðist við. Sé til dæmis um umferðarslys að ræða, sem oftast er þegar ákært er fyrir manndráp af gáleysi, þarf að athuga ýmis atriði varðandi aðdraganda slyssins og aðkomu á vettvangi, svo sem ökuhraða bifreiða, aksturslag, umferðarmerki, ástand vegar, birtuskilyrði og önnur akstursskilyrði, vegfarendur og atvinnustarfsemi í næsta nágrenni, ástand ökumanna og svo framvegis. Þá reynir mikið á atriði eins og eigin sök brotþola og viðbragðstímann sem ökumaður hefur til þess að komast hjá slysi. Einnig þarf að mörgu leyti að líta til sömu atriða þegar um sjóslys er að ræða. Hið hlutlæga mat snýr að því hvort háttsemi geranda að lokinni slíkri rannsókn geti almennt talist forsvaranleg eða ekki. Þetta mat er þannig óháð einstaklingsbundnum forsendum eða einkennum gerandans og reynir á takmörk athafnafrelsis og leyfilegrar áhættutöku á einstökum sviðum.<sup>116</sup>

Samhliða þessu hlutlæga mati verður að skoða hvort einhverjar réttlætningarástæður geti legið að baki atburði. Í kafla 4.5.2 var fjallað um ómöguleika, það er ef geranda vinnst ekki ráðrúm til að komast hjá skaðlegum afleiðingum háttsemi sinnar. Í þeim tilvikum vikur

<sup>115</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 135.

<sup>116</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 136.

gerandi ekki mjög langt frá mörkum forsvaranlegrar háttsemi og jafnframt á brotaþoli þá einnig sök á því sjálfur hvernig fór.<sup>117</sup>

Önnur réttlætningarástæða sem hefur áhrif á hlutlægar viðmiðanir eru neyðarréttarreglur, sbr. 13. gr. hgl., en þær geta leitt til refsileysis og sýknu þegar líftjón verður af háttsemi, sem er talin nauðsynleg til þess að afstýra slysum eða öðrum óförum, til dæmis 8. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (neyðarakstur)<sup>118</sup> eins og sjá má í eftirfarandi dómi.

**Hrd. 16. desember 1993 í máli nr. 267/1993.** I var ákærður meðal annars fyrir brot á 215. hgl. fyrir að hafa ekið sjúkrabifreið inn á gatnamót án nægjanlegrar aðgæslu og yfir leyfilegum hámarkshraða með þeim afleiðingum að sjúkrabifreiðin rakst á bifreið R. Við áreksturinn hlutu ökumaður bifreiðar R og farþegi svo mikla áverka að þau létust nær samstundis. Erindi ákærða og félaga hans í sjúkrabifreiðinni var að liðsinna barni í andnað, og fengu þeir á miðri leið boð um það að barnið væri hætt að anda. Voru því augljóslega lífshagsmunir í húfi og brýnt að ferð þeirra yrði með sem skjótustum hætti. Héraðsdómur, sem staðfestur var í Hæstarétti, sýknaði ákærða með þeim rökum að með lögum um neyðarakstur nr. 101/1988, sem settar eru með stóð í 8. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, gæti ökumaður sjúkrabifreiðar við aðstæður þar sem hann teldi það mjög brýnt, enda gætti hann samtímis sérstakrar varúðar, látið hjá líða að fylgja ákvæðum umferðarlaga um umferðarmerki, umferðarreglur og ökuhraða. Þá dró ákærði úr hraðanum þegar hann kom inn á gatnamótin. Þannig var það álit dómsins að ekki hefði verið hægt að ætlast til þess af ákærða, eins og á stóð, að hann gerði ráð fyrir því, að fólksbifreiðinni yrði ekið í veg fyrir sig.

Neyðarakstur dugði hins vegar ekki til sýknu í máli **Hrd. 12. apríl 1967 í máli nr. 254/1966**, sem reifaður er í kafla 4.4.1 um efsta stig gáleysis, enda var þar talið ljóst að ákærði hefði ekið of hratt inn á gatnamót og á móti rauðu ljósi án þess að draga úr hraða bifreiðarinnar, eins og honum bar að gera samkvæmt gildandi reglum.

Neyðarvörn, samkvæmt 12. gr. hgl., getur einnig verið réttlætningarástæða að því leyti sem slík neyðarvörn hefur verið nauðsynleg til þess að verjast eða afstýra ólögum árás, sem byrjuð er eða vofir yfir. Það er þá skilyrði að vörnin sé ekki augsýnilega hættulegri en árásin sjálf og það tjón, sem mátti vænta að yrði af henni, gaf ástæðu til. Dæmi um sýknu af manndrápi af gáleysi vegna neyðarvarnar má finna í eftirfarandi dómi.

**Hrd. 23. janúar 1957 í máli nr. 112/1956.** H var á ferð í bifreið í útjaðri Reykjavíkur að nóttu með K, sem ók. Á leið þeirra urðu bændurnir I og P, sem voru ölvaðir. I gekk fyrir bifreiðina og stóð þar. H fór út úr bifreiðinni til þess að fá I til að færa sig úr vegi hennar. Þá urðu sviptingar með þeim H og I, sem H og K sögðu að I hafi átt upptökin að. P greip þá um koníaksflösku

<sup>117</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 137.

<sup>118</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíðabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 137.

og veittist með hana að vopni að H, sló hann og gerði sig líklegan til að slá hann aftur á meðan I hélt honum föstum. Þá sló eða hrinti H I, svo að I féll aftur fyrir sig á götuna. Þá hugðist H snúast gegn P, en K hafði tekist að ná flöskunni af P. I reis upp eftir fallið á götuna með blóðnasir, annað sá ekki á honum. Mennirnir fjórir ræddu síðan um að kalla til lögreglu en af því varð ekki. Að sögn konu I kom hann heim áður en klukkustund var liðin frá því hann fór að heiman. Hann var þá illa útleikinn og alblóðugur í andlitinu. Hann missti brátt meðvitund og var fluttur á Landspítalann. Þar var gerður uppskurður á höfði hans og saumað fyrir blæðandi slagæð í heilahimnu hans en I lést. Talið var sannað að I hefði átt upptökin að viðureign þeirra H, að P hefði veist að H og slegið hann með flöskunni og reitt til höggs af nýju og H hefði eigi beitt hættulegri vörnum, eins og á stóð, en ástæða var til. Var H því samkvæmt 1. mgr. 12. gr. hgl. sýknaður af broti á 215. gr. hgl.

Þessi dómur sýnir glöggð hvernig gáleysismat dómstóla fer fram og hvernig metið er hvort réttlættingarástæðan neyðarvörn eigi við. Í fyrsta lagi er skoðað hver eigi upptökin að árásinni. Einnig er skoðað hvort viðbrögð brotþola séu einungis til þess að forða sjálfum sér eða öðrum frá frekari skaða sem sé augljóst að sé yfirvofandi eða hvort hann sé að reyna einhvers konar hefndaraðgerðir. Þá er litið til þess hvort gerendur beiti fyrir sig hættulegum hlut, eins konar vopni. Að lokum er litið til þess hvort það mætti ætla að gerandi hafi meiðst það illa við neyðarvörnina að brotþoli hefði átt að kalla eftir aðstoða lögreglu eða lækna. Niðurstaða dómstóla í þessu máli var að brotþoli hafi hagað sér á forsvaranlega miða við aðstæður og að réttlættingarástæðan neyðarvörn ætti við í þessu tilviki. Rétt er þó að benda á að ef málið væri tekið fyrir í dag hefði ákærði líklega verið ákærður fyrir brot á 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem ásetningur hans stóð til frumverknaðarins en afleiðingu má rekja til gáleysis hans. Hann yrði þó að öllum líkindum einnig sýknaður í dag á grundvelli neyðarvarnar.

Að lokum má skoða hina ólögfestu réttlættingarástæðu um samþykki. Yfirleitt nægir samþykki brotþola ekki til að leysa geranda undan refsíabýrgð fyrir gáleysisverk sem leiðir til dauða hans eða líkamstjóns. Samþykki getur þó horft til málsbóta við ákvörðun refsingar<sup>119</sup> eins og sjá má í eftirfarandi dómi.

**Hrd. 2. febrúar 1982 í máli nr. 18/1981.** Tveir ökumenn voru meðal annars sakfelldir fyrir manndráp af gáleysi, en einn farþegi lét lífið og fleiri slösuðust við kappakstur þeirra á milli. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að farþegar bifreiðanna höfðu vitað af fyrirhugðum kappakstri og höfðu ekki mótmælt því. Því var litið svo á að þeir hefðu samþykkt að vera þátttakendur. Ekki var fallist á það með verjendum ákærðu að þetta samþykki leysti þá undan refsingu fyrir brot á þeim ákvæðum hgl. sem þeir voru ákærðir fyrir. Leiddi þetta samþykki hins vegar til lækkunar við mat á refsingu gerendanna og voru þeir dæmdir til að sæta varðhaldi í þrjá mánuði.

<sup>119</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabýrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 138.

Af öllu framangreindu er ljóst að hlutlægt gáleysismat dómstóla á aðstæðum og atvikum að öðru leyti getur verið flókið og taka þarf tillit til fjölmargra atriða sem og að huga að refsileysisástandum. Sagan er þó ekki öll sögð eftir að hið hlutlæga mat hefur farið fram. Einnig getur þurft að taka til skoðunar einstaklingsbundið mat á gerendum, en það er umfjöllunarefni næsta kafla.

#### 4.6.2 Einstaklingsbundnar viðmiðanir

Upp getur komið álitaeftir um hvort eða að hve miklu leyti gáleysismat dómstóla byggist á einstaklingsbundnum forsendum. Spurning er hvort leggja eigi mismunandi mat á háttsemi manna eftir almennri dómgreind þeirra og aðgætni. Mælikvarðinn fyrir gáleysisábyrgð er almennt hinn sami fyrir alla, óháð aðgæsluskorti þeirra eða dómgreindarskorti. Þannig þýðir lítið að bera fyrir sig að maður sé ávallt ógættinn og óskynsamur og það sé því ekkert óvenjulegt við viðbrögð manns. Markmið gáleysisábyrgðar er meðal annars að fá menn til að sýna aukna aðgæslu. Aftur á móti ætti það ekki að koma manni sem er afar gættinn og skynsamur í koll þótt hann slaki á þeirri aðgæslu ef hann er innan hins almenna mælikvarða. Þannig skipta ástandur aðgæslu- og dómgreindarskorts yfirleitt ekki máli.<sup>120</sup> Sem dæmi má nefna að ef ökumaður bifreiðar hefur slævt skyn vegna þreytu eða drykkju eða er stressaður þá afsakar slíkt ástand ekki aðgæsluskort hans í umferðinni og hefur ekki áhrif á gáleysismatið.<sup>121</sup>

Þó geta komið upp tilvik þar sem ekki er eðlilegt að halda þessum almenna mælikvarða til streitu. Dómstólar gera enn ríkari kröfur til þeirra sem vanrækja varúðarskyldur þótt þeir ættu að vita betur vegna staðþekkingar sinnar á vettvangi, sérþekkingar eða reynslu.<sup>122</sup> Þannig hefur verið talið að sama gáleysismat verði ekki lagt við háttsemi ungra einstaklinga og þess sem er reynslumeiri.<sup>123</sup> Dæmi um að ríkari kröfur séu lagðar á geranda má finna í **Hrd. 13. október 1988 í máli nr. 104/1988**. sem reifaður er í kafla 4.5.1 um neðri mörk gáleysis, en þar var ákærði, skólabílstjóri, sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi meðal annars á þeim forsendum að hann hafði verið kunnugur staðháttum og hann hafi því mátt gera ráð fyrir börnum beggja vegna vegarins, þar sem grunnskóli og íþróttahús voru á aðra hönd en dagheimili á hina.

Að lokum má benda á að ef rekja má vanrækslu, til dæmis til ungs aldurs, sálrænna eða líkamlegra annmarka, telja dómstólar sig almennt hafa meira svigrúm en ella til að taka

<sup>120</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 138.

<sup>121</sup> Knud Waaben, *Stafferettens almindelige del, I. Ansvarlæren*, (4. útg., Gadjura 1997) 163.

<sup>122</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 138.

<sup>123</sup> Knud Waaben, *Stafferettens almindelige del, I. Ansvarlæren*, (4. útg., Gadjura 1997) 162.

tillit til einstaklingsbundinna atriða við gáleysismatið. Í þeim tilvikum er hugsanlega slakað á kröfum þannig að ekki komi til refsíabyrgðar af því að viðkomandi einstaklingur gerði eins vel og búast mátti við miðað við aðstæður.<sup>124</sup>

#### **4.7. Niðurstaða**

Af umfjöllun þessa kafla má sjá að hugtakið gáleysi er viðtækt og veita 18. og 19. gr. hgl. takmarkaðar upplýsingar um inntak hugtaksins. Því hafa mörk hugtaksins mótast nær eingöngu fyrir tilstilli réttarframkvæmdar. Gáleysi er ýmist flokkað í meðvitað og ómeðvitað gáleysi á grundvelli vitundarmælikvarða eða í stórfellt og venjulegt gáleysi byggt á stigsmun. Stórfellt gáleysi, efri mörk gáleysis, felur í sér alvarlegra frávik frá háttsemi, sem geranda bar að viðhafa, og af dómaframkvæmd má sjá að alvarleg brot gerenda á öðrum lögum og skyldum sínum, til dæmis brot á gildandi umferðarlögum eða siglingalögum á hverjum tíma, sem og brot þar sem börn eru brotáþolar, eru líklegri til að flokkast sem stórfellt gáleysi. Línan á milli stórfellds eða meðvitaðs gáleysis og dolus eventualis, lægsta stig ásetnings, er þunn og skilur þar helst á milli hvort hægt er að sanna viðbótarskilyrði dolus eventualis um skilyrtan ásetning eða jákvæða afstöðu. Af fyrrgreindri skoðun á neðri mörkum gáleysis má sjá að gáleysisábyrgð er oft teygð langt niður og að ekki er samasemmerki milli nokkrar eigin sakar og sýknu geranda. Þá má sjá að það helsta sem skilur á milli neðsta stigs gáleysis og óhappatilviks er það hvort geranda, eða nokkrum öðrum manni í hans sporum, hefði verið mögulegt að koma í veg fyrir slysið. Að lokum má sjá af umfjöllun þessa kafla að mat dómstóla á gáleysisábyrgð vegna 215. gr. hgl. virðist að meginstefnu til vera byggt á hlutlægum viðmiðunum, þó að tekið sé tillit til einstaklingsbundinna viðmiðana í einstaka tilvikum.

#### **5. Greining á Hæstaréttardómum sem varða manndráp af gáleysi og ákvörðun refsingar vegna brota á 215. gr. hgl.**

Eins og sjá má af umfjöllun í fyrri köflum hafa fjölmargir dómar sem varða manndráp af gáleysi fallið í Hæstarétti. Liður í því að fá heildstæða mynd af ákvæði 215. gr. hgl. er að skoða öll þau mál sem fallið hafa í Hæstarétti á tímum gildandi ákvæðis 215. gr. hgl. og greina hvort einhver þróun eða breytingar hafi orðið á mati dómstóla á ákvæðinu undanfarna áratugi. Slík greining veitir greinargóða yfirsýn yfir ákvæðið og efnisþætti þess. Í sama

---

<sup>124</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002) 138.

tilgangi er ekki síður mikilvægt að skoða þyngd dæmdra refsinga fyrir brot á 215. gr. hgl. og hverjir eru helstu áhrifaþættir við ákvörðun refsingar. Af fyrri umfjöllun má sjá að alvarleiki brota á 215. gr. hgl. getur verið mismunandi og gáleysisstigið verið allt frá neðsta stigi sem liggur á mörkum gáleysis og óhappatilviks til stórfellds gáleysis sem nálgast oft ásetning og af reifuðum dómum má sjá að gáleysisstig hefur mikil áhrif á ákvörðun refsingar. Fjölmargir aðrir þættir geta þó haft áhrif á ákvörðun refsingar í málum sem varða manndráp af gáleysi. Í þessum kafla verða dómur Hæstaréttar sem fjalla um brot á 215. gr. hgl. skoðaðir nánar og greindir, með sérstakri áherslu á hvað hefur áhrif á ákvörðun refsingar í slíkum málum.

### **5.1. Greining á dómum um manndráp af gáleysi sem fallið hafa í Hæstarétti á árunum 1941-2010**

Hér á eftir verður fjallað um alla þá dóma sem fallið hafa í Hæstarétti á árunum 1941-2010<sup>125</sup>, allt frá setningu gildandi hegningarlaga árið 1940, í málum þar sem ákært og/eða sakfelld hefur verið fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. Bæði eru skoðaðir þeir dómur þar sem ákært hefur verið fyrir brot á 215. gr. hgl. sem og þeir dómur þar sem ákært hefur verið fyrir manndráp af ásetningi sbr. 211. gr. hgl. en sakfelld hefur verið fyrir manndráp af gáleysi sbr. 215. gr. hgl. Þannig koma allir dómur til skoðunar þar sem Hæstiréttur tekur afstöðu til brota á 215. gr. hgl. og greinargott yfirlit fæst yfir refsingar og sjónarmið við ákvörðun þeirra.<sup>126</sup>

Þessum málum er hér skipt niður á sjö tíu ára tímabil, 1941-1950, 1951-1960, 1961-1970, 1971-1980, 1981-1990, 1991-2000 og 2001-2010. Tímabilin eru ákveðin svo mörg í þessu tilviki til þess að koma auga á breytingar á fjölda dómsmála og þyngd refsinga á brotum á 215. gr. hgl. í gegnum árin, en öll síðasta öld hefur einkennst af stöðugum þjóðfélagsbreytingum. Athygli er þó vakin á því að á einstökum tímabilum eru refsíakvarðanir tiltölulega fáar og því er varasamt að draga of víðtækar ályktanir af útreikningum á meðallengd refsingar á þeim tímabilum.

Í rannsókninni er meðal annars greint frá þeim tilvikum þegar málum er vísað frá dómi, ákærðu eru sýknaðir af broti gegn 215. gr. hgl. en er gerð refsing fyrir annað og minna brot sem og þegar ákærðu eru sakfelldir fyrir fleiri og alvarlegri brot en manndráp af gáleysi. Þau mál eru þó ekki tekin með í samanburð á lengd refsinga þar sem þyngd þeirra refsinga endurspeglar ekki eingöngu brot á 215. gr. hgl. Þá ber að benda á að breytingar á þyngd dæmdra refsinga vegna brota á 215. gr. hgl. frá einu tímabili til annars þurfa ekki endilega að

<sup>125</sup> Miðað er við alla þá dóma sem finnast í dómasafni CreditInfo þar sem fjallað er um manndráp af gáleysi.

<sup>126</sup> Dómur sem liggja til grundvallar greiningu þessari má finna á dómaskrá á bls. 2.

benda til þess að refsimat dómstóla hafi breyst. Ákvörðun refsinga er afar flókin og margir þættir geta haft áhrif á þyngd refsingar og því getur verið að þyngri eða vægari refsingar en almennt gerist í einstökum málum sé vegna einstaklingsbundinna áhrifaþátta í þeim málum en þýði ekki að heildarrefsimat dómstóla hafi breyst.

### 5.1.1 Málafjöldi í Hæstarétti á árunum 1941-2010

Á árunum 1941-2010 komu mál 137 einstaklinga í 124 dómsmálum, sem ákærðir eða sakfelldir voru meðal annars fyrir manndráp af gáleysi, til úrlausnar Hæstaréttar. Tafla 1 sýnir fjölda ákærðra fyrir brot gegn 215. gr. hgl., sem voru til meðferðar hjá Hæstarétti, á tíu ára tímabilum, og niðurstöður þeirra.

Tafla 1

Tímabil	Ákærðir	Sakfelldir	Sýknaðir	Ómerking
1941-1950	49	42	4	3
1951-1960	31	24	7	0
1961-1970	10	6	4	0
1971-1980	7	6	1	0
1981-1990	13	12	1	0
1991-2000	16	8	8	0
2001-2010	11	10	1	0
<b>Alls</b>	<b>137</b>	<b>108</b>	<b>26</b>	<b>3</b>

Af 137 ákærðum voru 108 sakfelldir, 26 voru sýknaðir og málum þriggja einstaklinga var vísað aftur til meðferðar í héraði. Ákærðir voru þannig sakfelldir í 79% tilvika. Í þessu sambandi má nefna að í ársskýrslu ríkissaksóknara frá 2008 er að finna yfirlit yfir afdrif mála sem meðal annars varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar og stórfelld fikniefnabrot sem bárust ríkissaksóknara á árunum 2004-2008. Sakfellingarhlutfall var eftirfarandi í málum árið 2007<sup>127</sup>: Sakfellt var í 100% ákærðra mála vegna brota á 211. gr. hgl. (manndráp), í 89% ákærðra mála vegna brota á 2. mgr. 218. gr. hgl. (stórfelldar líkamsárásir) og í 78% tilvika ákærðra mála vegna brota á 173. gr. a. hgl. (stórfelld fikniefnabrot). Sakfellingarhlutfall var svipað árin á undan.<sup>128</sup> Sakfelling í 79% ákærðra mála vegna brota á 215. gr. hgl. verður því að teljast eðlilegt hlutfall í samanburði við framangreint og samræmast einnig þeirri rötgrönu

<sup>127</sup> Í ársskýrslu ríkissaksóknara frá 2008 eru mál sem ákært hefur verið í árið 2008 tekin með inn í tölfræði fyrir árið 2008, jafnvel þó niðurstaða sé ekki komin í öllum þeim málum. Sakfellingarhlutfall árið 2008 sýnir því ekki raunhæfa mynd miðað við ákærð mál. Hér verður því miðað við sakfellingarhlutföll árið 2007. Ríkissaksóknari hefur ekki gefið út ársskýrslu frá árinu 2008.

<sup>128</sup> Ríkissaksóknari, *Ársskýrsla ríkissaksóknara 2008* (Ríkissaksóknari) 24-25.


reglu sakamálaréttarfars um að ákærandi skuli eingöngu höfða mál ef hann telur málið þess eðlis að það sé líklegt til sakfellis, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Af töflu 1 má einnig sjá að fjöldi mála vegna manndrápa af gáleysi fyrir Hæstarétti snarminnkaði eftir árið 1960 og hefur haldist nokkuð stöðugur síðan þá. Velta má fyrir sér hvað útskýri þennan mikla mun. Ef brot allra 137 ákærðu eru flokkuð niður eftir þeim aðstæðum sem þau urðu við, það er umferðarslys, sjóslys, líkamsmeiðingar eða annað má sjá að langflest ákærðra brota eru vegna umferðarslysa, eða 82%, sbr. tafla 2 og mynd 1.

Tafla 2

Tímabil	Umferðarslys	Sjóslys	Líkamsmeiðingar	Annað
1941-1950	41	5	1	2
1951-1960	25	3	2	1
1961-1970	6	0	2	2
1971-1980	4	0	3	0
1981-1990	13	0	0	0
1991-2000	15	1	0	0
2001-2010	9	1	1	0
<b>Alls</b>	<b>113</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>5</b>

Mynd 1



Af þessum niðurstöðum má sjá að fjöldi banaslysa í umferðinni sem ná því saknæmisstigi að vera manndráp af gáleysi hefur minnkað. Hinn mikla fjölda mála á árunum 1941-1960 má því ef til vill rekja til skorts á umferðaröryggi. Flest slysa áttu sér einmitt stað á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og hernámsins á Íslandi. Á þeim tíma meira en tífaldaðist bílafloki landsins, en árið 1940 voru 2.080<sup>129</sup> skrásett ökutæki á Íslandi en 21.621 árið 1960.<sup>130</sup> Bifreiðar urðu þannig algengari eign hins almenna borgara. Umferðaröryggi var

<sup>129</sup> Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstj.) *Hagskinna, Sögulegar hagtölur um Ísland* (Hagstofa Íslands 1997) 589.

<sup>130</sup> Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstj.) *Hagskinna, Sögulegar hagtölur um Ísland* (Hagstofa Íslands 1997) 590.



þó langt frá því að vera fullnægjandi á þessum tíma. Fjölmörg banaslys á þessum tíma má einmitt rekja til vanbúinna bifreiða, svo sem lélegra eða óvirkra hemla, sbr. til dæmis **Hrd. 14. janúar 1944 í máli nr. 86/1943**, **Hrd. 9. desember 1947 í máli nr. 97/1947** og **Hrd. 7. maí 1948 í máli nr. 2/1948a**, eða vangá ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum, sérstaklega börnum, en fjölmörg börn létust í umferðarslysum á þessum tíma vegna aðgæsluleysis ökumanna og barnanna sjálfra, sbr. til dæmis **Hrd. 28. október 1947 í máli nr. 29/1947** og **Hrd. 11. júní 1948 í máli nr. 47/1948**. Læknavísindum hefur einnig farið mikið fram frá þessum tíma og hefur það vafalaust dregið úr fjölda banaslysa í umferðinni.

Af fyrrgreindum niðurstöðum í töflu 2 má einnig sjá að frá árinu 1980 hefur einungis eitt mál vegna 215. gr. hgl. komið til kasta Hæstaréttar sem rekja má til líkamsmeiðinga. Skýringuna á þessari fækkun má finna í því að með 11. gr. laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, nr. 20/1981 var þágildandi ákvæði 218. gr. hgl. skipað í tvær málsgreinar með ólík refsímörk. Efnisinnihald ákvæðisins breyttist ekki að verulegu leyti við þessa lagabreytingu en ákvæðið varð skýrar fyrir vikið og nú eru líkamsárásir sem leiða til dauða brotþola í flestum tilvikum felldar undir 2. mgr. 218. gr. hgl. í stað 215. og 218. gr., eins og oft var gert fyrir lagabreytinguna.

### 5.1.2 Refsingar í Hæstarétti á árunum 1941-2010

Refsiramminn vegna brota á 215. gr. hgl. er allt frá sektum til sex ára fangelsis. Með 5. gr. laga nr. 101/1976 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 var hið almenna sektarlágmark afnumið, sbr. 50. gr. hgl. Ákvæði 50. gr. hgl. var svo felld brott með 2. gr. laga nr. 39/2000 um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og þar með var sektarhámark einnig afnumið. Lágmarkssekt er því hin sama og minnsta mynteining í umferð hverju sinni,<sup>131</sup> það er ein króna, og hámarkssekt er engum takmörkunum háð. Þá er lágmarksfangelsisvist sem dæmd er 30 dagar, sbr. 1. mgr. 34. gr. hgl. Nauðsynlegt er að hafa þessar reglur í huga þegar yfirlit yfir refsingar fyrir brot á 215. gr. hgl. er skoðað.

Í töflu 3 má sjá að 72 þeirra sem sakfelldir hafa verið fyrir manndráp af gáleysi hlutu refsivist, ýmist varðhald eða fangelsisvist en 35 sakfelldra hlutu sektir og einum var ekki gerð refsing á grundvelli 63. gr. hgl.<sup>132</sup>

<sup>131</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 245.

<sup>132</sup> **Hrd. 29. september 1954 í máli nr. 176/1953**. Ákærði var meðal annars sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl. fyrir að hafa ekið á dreng með þeim afleiðingum að drengurinn lét lífið. Á grundvelli skýrslu læknis sem var lögð fram í Hæstarétti, þar sem talið var að ákærði ætti við alvarleg geðræn vandamál að stríða, var ákveðið að ákærða skyldi ekki dæmd refsing fyrir brot sín, sbr. 63. gr. hgl.

Tafla 3

<b>Tímabil</b>	<b>Refsivist</b>	<b>Sektir</b>	<b>Engin refsing</b>
1941-1950	28	14	0
1951-1960	13	10	1
1961-1970	5	1	0
1971-1980	3	3	0
1981-1990	5	7	0
1991-2000	8	0	0
2001-2010	10	0	0
<b>Alls</b>	<b>72</b>	<b>35</b>	<b>1</b>

Athyglisvert er að sjá að sektum virðist ekki hafa verið beitt í Hæstarétti vegna þessara brota undanfarna áratugi. Algengara er orðið að hinum sakfelldu sé dæmd refsing en fullnustu hennar sé frestað og síðar látin falla niður sbr. 57. gr. hgl. Þess má þó geta að áfrýjunarfjárhæð er 300.000 krónur og er fjárhæðin uppreiknuð árlega miðað við breytingu á lánskjaravísitölu, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Það gæti því verið að í einhverjum málum sem varða manndráp af gáleysi sé ákærðu dæmd sekt í héraði sem er undir mörkum áfrýjunarfjárhæðar en í þeim tilvikum er ekki hægt að áfrýja niðurstöðu til Hæstaréttar. Við skoðun á nýlegum héraðsdómum vegna brota á 215. gr. hgl. virðist þó alls ekki vera algengt að dómfelldum séu dæmdar sektir.

Meðallengd refsivistar á hverju tímabili má sjá í töflu 4. Er þar tekið meðaltal af dæmdri lengd refsivistar, óháð því hvort refsing sé skilorðsbundin eða óskilorðsbundin eða hvort fullnustu refsingar sé frestað á grundvelli 57. gr. hgl, bæði varðhalds og fangelsisvistar, á hverju tímabili fyrir sig, í þeim málum þar sem ákærðir voru ekki einnig dæmdir fyrir önnur alvarlegri brot samhliða, sem leiðir til refsipýngingar. Að lokum er tekið meðaltal refsilengdar yfir öll 70 árin, óháð einstökum tímabilum. Stysta dæmda refsing á þessu tímabili eru 30 dagar og sú lengsta er þrjú ár.

Tafla 4

<b>Tímabil</b>	<b>Meðallengd refsivistar</b>
1941-1950	4,2 mánuðir
1951-1960	5,1 mánuðir
1961-1970	2 mánuðir
1971-1980	9 mánuðir
1981-1990	2,2 mánuðir
1991-2000	3,3 mánuðir
2001-2010	9 mánuðir
<b>Meðaltal alls</b>	<b>5 mánuðir</b>

Meðallengd refsivistar á tímabilunum 1961-1970, 1971-1980 og 1981-1990 gefa ef til vill ekki alveg rétta mynd af meðalrefsilengd þar sem afar fá mál enduðu með refsivist á þessum tímabilum, sbr. töflu 3, og einstaka mál vega þá meira en æskilegt er. Vegna þess hve fá málin eru á þessum tímabilum er varhugavert að draga nokkra ályktun um að refsimat dómstóla hafi tekið miklum breytingum á þessum tímabilum, jafnvel þó meðallengd sýni ákveðið stökk. Þvert á móti virðist refsimat dómstóla hafa haldist nokkuð stöðugt allt frá upphafi og ekki má merkja neinar stórar stefnubreytingar í refsipýngd á heildina litið, enda hefur refsiramma 215. gr. hgl. aldrei verið breytt. Því má ætla að meðallengd refsinga yfir öll 70 árin, það er fimm mánuðir, gefi nokkuð raunhæfa mynd af meðallengd dæmdrar fangelsisrefsingar fyrir brot á 215. gr. hgl.

## **5.2. Refsiákvörðunarástæður sem vísað er til í dómum sem fallið hafa í Hæstarétti á árunum 1941-2010 vegna brota á 215. gr. hgl.**

Lengd dæmdrar refsivistar í framangreindum málum spannar allt frá 30 daga lágmarksvist til þriggja ára.<sup>133</sup> Þessar upplýsingar gefa tilefni til að leita skýringa á því hvernig staðið geti á þeim mikla mun sem er á þýngd refsinga. Fjölmörg atriði geta haft áhrif við ákvörðun refsingar. Þessi atriði geta tengst verknaði, geranda eða brotaþola með ýmsum hætti. Hér verður gerð grein fyrir þeim atriðum sem talið er að hafi mest áhrif við ákvörðun refsingar fyrir manndráp af gáleysi.

### **5.2.1 Um málsbætur og refsipýngingarástæður samkvæmt 70. gr. hgl.**

Í 70. gr. hgl. er að finna upptalningu á níu atriðum sem hægt er líta til við ákvörðun refsingar til málsbóta eða refsipýngingar innan hinna almennu refsimarka. Ákvæðin fela ekki í sér refsilækkunar- eða refsihækkunarheimildir sem heimila hækkun á lágmarki eða hámarki hinna almennu refsimarka. Litið er svo á að 1. mgr. 70. gr. hgl. hafi ekki að geyma tæmandi talningu á málsbótum og refsipýngingarástæðum, sem hægt er að byggja á við ákvörðun refsingar, og geta þær falist í öðrum lagareglum eða svokölluðum ólögfestum refsíákvörðunarástæðum, sem fjallað er um í kafla 5.2.3. Atriði til málsbóta og refsipýngingar vega ýmist hver önnur upp eða ganga í sömu átt til að þýngja refsingu eða gera hana vægari.<sup>134</sup>

<sup>133</sup> Þýngsta refsing fyrir brot á 215. gr. hgl., þriggja ára fangelsisvist, má finna í **Hrd. 5. apríl 1964 í máli nr. 184/1953**, sem reifaður er í kafla 4.4.2 en í því máli var ákærði einnig dæmdur fyrir brot á 220. gr. hgl. sem og fyrir brota á áfengis- og tollalögum, og í **Hrd. 10. maí 2007 í máli nr. 429/2006**, sem reifaður er í kafla 4.4.1.

<sup>134</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 254.

Afar matskennt getur verið og farið eftir aðstæðum og heildstæðu mati hverju sinni hvernig einstök atriði vegast á við ákvörðun refsingar og kunna ýmis atriði að hafa mismunandi vægi eftir því hversu alvarlegt brot er eða eftir því hvernig atvik eru að öðru leyti. Dómari þarf að hafa öll þessi atriði í huga. Það er þó ekki alltaf samræmi í því hvenær þessara atriða er getið í rökstuðningi fyrir ákvörðun refsingar og hvenær ekki. Þó má telja að ef einstakra atriða er ekki getið í rökstuðningi dómara þá hafi það ekki skipt svo miklu máli við refsíákvörðunina að ástæða hafi verið til þess að geta þess, en það þarf þó ekki að þýða að ekki hafi verið litið til þeirra. Verður hér einungis fjallað um þá liði ákvæðisins sem áhrif hafa haft á refsíákvörðun í málum er varða manndráp af gáleysi.

### *1. Töluliður. Hversu mikilvægt það er sem brotið hefur beinst að*

Hér er átt við mikilvægi verndarandlags, það er mikilvægi þess eða verndarþörf verknaðarþola.<sup>135</sup> Verndarandlag 215. gr. hgl. eru mikilvægustu hagsmunir sem hægt er að finna, líf, og eru því alltaf þeir sömu í málum í málum er varða manndráp. Þessi liður hefur því alltaf áhrif á þyngd refsingar en það tíðkast ekki að vísa til hans við refsíákvörðunir í manndrápsmálum.<sup>136</sup> Þá virðist ekki skipta máli hvort brotþolar eru fullorðnir eða börn, en jafnvel þó gáleysismatið sé teygt aðeins neðar þegar börn eru brotþolar þá má ekki sjá merkjanlega þyngri refsingar í sambærilegum málum þegar brotþolar eru börn annars vegar og fullorðnir hins vegar. Þetta má sjá þegar bornir eru saman **Hrd. 29. október 1945 í máli nr. 62/1945** og **Hrd. 8. nóvember 1948 í máli nr. 101/1948**. Í fyrra málinu gekk fullorðinn maður fyrir bifreið ákærða en í seinna málinu hljóp tveggja ára barn fyrir bifreið ákærða, en í báðum málum sáu ákærðu brotþolana ekki strax og náðu ekki að stöðva bifreiðar sína í tæka tíð og óku á brotþolana sem létu lífið. Ákærði var í fyrra málinu dæmdur til að greiða 2.000 króna fésekt en í seinna málinu var ákærði dæmdur til að greiða 1.500 króna fésekt.

### *2. Töluliður. Hversu yfirgripmiklu tjóni afbrot hefur valdið*

Þessi liður tengist 1. tölulið. Varla er hægt að hugsa sér meira tjón en líftjón. Það tjón verður enn meira ef fleiri en eitt líftjón verður við sama atburð og hefur óhjákvæmilega áhrif á ákvörðun refsingar, án þess að þess sé getið sérstaklega.<sup>137</sup> Ef gerendur hafa orðið fyrir miklu tjóni sjálfir við atburðinn, það er hlotið áverka sjálfir eða ef ástvinir þeirra hafa látist við

<sup>135</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 255.

<sup>136</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (Bókaútgáfa Orators 2003) 118.

<sup>137</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (Bókaútgáfa Orators 2003) 118.

atburðinn, virðast dómara þó álíta það gerendum til málsbóta. Þetta má glögglega sjá í eftirfarandi dómi:

**Hrd. 26. október 2000 í máli nr. 211/2000.** Tvær bifreiðar úr gagnstæðri átt rákust saman á einbreiðri brú sem leiddi til líftjóns eiginkonu annars ökumannanna, Ó, og ófædds barns hans og voru báðir ökumenn, Ó og S sakfelldir fyrir manndráp af gáleysi. Við ákvörðun refsingar sagði Hæstiréttur meðal annars: „Við ákvörðun refsingar ákærða [Ó] verður að líta til þeirra þungbæru afleiðinga slyssins, að í því lést þunguð eiginkona hans, og varð barninu heldur ekki bjargað.“ Ákærðu hlutu báðir sömu refsingu, jafnvel þó að Ó hefði verið talinn hafa sýnt af sér háskalegri akstur en S, og voru þeir dæmdir í 60 daga fangelsi en fullnustu refsinganna skyldi frestað og látin falla niður að liðnum þremur árum héldu ákærðu almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl. Þó var ekki vísað sérstaklega í 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. hgl.

Athyglisvert er að bera niðurstöðu Hæstaréttar saman við niðurstöðu héraðsdóms í þessu máli, en í héraði voru Ó og S báðir sakfelldir fyrir brot á 215. gr. hgl. en S var dæmdur til að greiða 100.000 króna í fésekt og Ó var ekki gerð sérstök refsing með þessum rökum: „Ákærði missti í slysinu þungaða eiginkonu sína. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í c. lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður honum ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.“ Í c. lið 2. mgr. 113. gr. framangreindra laga<sup>138</sup> segir að falla megi frá saksókn „ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluáætlunum.“ Ákvæði þetta fjallar um heimildir saksóknara til að falla frá höfðun sakamáls en ekki heimild dómara til að falla frá refsingu, en ákærvaldið krafðist refsingar í þessu máli. Eðlilegra hefði verið að héraðsdómari hefði vísað 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. hgl. og lækkað refsingu og skilorðsbundið eða frestað henni, eins og gert var í Hæstarétti.

### 3. töluliður. Hættuleg aðferð

Í þessum lið er vikið að verknaðaraðferð og heimilar hann að tekið sé tillit til hættueiginleika brots við ákvörðun refsingar. Þegar kemur að manndrápi af gáleysi er meðal annars horft til atriða eins og hvort ökumenn hafi verið ölvaðir eða stundað ofsakstur og hvort árásir hafi verið tilefnislausar.<sup>139</sup> Við ákvörðun refsingar í eftirfarandi máli hefur vafalaust verið litið til þessa ákvæðis, án þess að það sé sérstaklega tilgreint.

**Hrd. 9. júní 2011 í máli nr. 497/2010.** Ákærði var sakfelldur meðal annars fyrir manndráp af gáleysi, en hann ók, sviptur ökuréttindum og undir áhrifum áfengis, yfir á öfugan vegarhelming miðað við akstursstefnu með þeim

<sup>138</sup> Sambærilegt ákvæði er nú að finna í d. lið 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

<sup>139</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 255.

afleiðingum að bifreið hans lenti þar í árekstri við aðra bifreið, sem kom úr gagnstæðri átt, og ökumaður þeirrar bifreiðar lést við áreksturinn. Í dómi Hæstaréttar sagði meðal annars við ákvörðun refsingar: „Við ákvörðun refsingar ákærða verður tekið mið af því að með stórkostlega háskalegri háttsemi sinni olli hann dauða annars manns, en ákærði var bæði mjög ölvaður umrætt sinn og að auki sviptur ökurétti.“ Var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í níu mánuði.

Þá var í **Hrd. 28. mars 1980 í máli nr. 72/1978**, sem reifaður er í kafla 4.4.2, þar sem tveir menn réðust tilefnislaust að ókunnugum manni í áfengissvefni í fangaklefa og hertu belti að hálsi hans þar til hann lét lífið, vafalaust litið til þessa töluliðar við ákvörðun refsingar, þó þess sé ekki sérstaklega getið. Ákærðu voru dæmdir til að sæta fangelsi í átta ár, en þeir voru sakfelldir fyrir brot á fleiri ákvæðum hegningarlaga en 215. gr., meðal annars þjófnað og fjársvik.

#### *4. töluliður. Aldur geranda*

Þessi liður tekur ekki eingöngu til ungs aldurs brotaþola, eins og 2. töluliður 74. gr. hgl. sem fjallað verður um í næsta kafla, heldur getur hár aldur geranda á sama hátt haft áhrif til málsbóta.<sup>140</sup> Í **Hrd. 12. nóvember 2009 í máli nr. 550/2008** hafði ákærði gerst sekur um brot á 215. gr. og 219. gr. hgl. fyrir að hafa ekið bifreið yfir á akrein fyrir umferð á móti með þeim afleiðingum að árekstur varð við bifreið sem ekið var í gagnstæða átt og farþegi í þeirri bifreið lést og ökumaður slasaðist illa. Í héraðsdómi, sem staðfestur var í Hæstarétti, var við ákvörðun refsingar sérstaklega tekið fram að gerandi var sjötugur þegar brotið átti sér stað, án þess þó að vísað væri til þessa töluliðar, og var hann dæmdur til að sæta fangelsi í þrjá mánuði en fullnustu refsingar skyldi frestað og felld niður að tveimur árum liðnum héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl. Varðandi ungan aldur geranda er vísað til umfjöllunar um 2. tölulið 1. mgr. 74. gr. hgl. í kafla 5.2.2 um 74. gr. hgl. hér á eftir.

#### *5. töluliður. Hegðun geranda að undanfögnu*

Hér skiptir brotaferill geranda mestu. Hefð er fyrir því að við ákvörðun refsingar líti dómari til sakarferils geranda. Einnig skiptir máli hversu langt er um liðið síðan þau brot áttu sér stað, hværrar tegundar þau eru og hversu alvarleg þau eru.<sup>141</sup> Nær undantekningarlaust er vísað til sakarferils geranda, ef einhver er, í dómum og sérstaklega tekið fram ef gerandi hefur ekki gerst brotlegur við lög áður. Dæmi um dóm þar sem vísað er til sakarferils við ákvörðun refsingar er **Hrd. 9. júní 2011 í máli nr. 497/2010**, sem fjallað er um vegna 3.

<sup>140</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 256.

<sup>141</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 256.

töluliðar sömu greinar hér á undan. Ákærði var dæmdur í fangelsi í níu mánuði og við ákvörðun refsingar var litið til sakarferils hans og sagði í dómi Hæstaréttar:

Þá verður litið til sakarferils hans, en með dómi Héraðsdóms Reykjaness 2. október 2008 var ákærði sektaður og sviptur ökurétti í 3 ár og 6 mánuði fyrir að aka ölvaður og án ökuréttar og fyrir sömu sakir var honum með viðurlagaákvörðun sama dómstóls 3. ágúst 2007 gert að greiða sekt og sviptur ökurétti í 2 ár. Þá var hann samkvæmt sakavottorði dæmdur á árinu 1998 fyrir ölvunarakstur og fleiri brot á umferðarlögum.

#### 6. töluliður. Saknæmisstig

Hin almenna ólögfasta regla er sú að saknæmisstig afbrots hverju sinni, allt frá hæsta stigi ásetnings til lægsta stigs gáleysis, hefur áhrif á ákvörðun refsingar innan hinna almennu refsimarka eða sérrefsimarka viðkomandi refsíákvæðis. Þannig hefur stighækkandi saknæmi, og þar með alvarleiki afbrots, áhrif til refsipýngingar.<sup>142</sup> Að þessu leyti er afar mikilvægt að greina milli ásetnings og gáleysis, bæði vegna mismunandi refsimarka og ólíks refsímats.

Auk hinnar ólögfestu reglu segir í 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. hgl. að við ákvörðun refsingar skuli tekið tillit til þess hversu styrkur og einbeittur vilji geranda hefur verið. Orðalagið vísar einungis til ásetnings, sérstaklega hærri stiga hans, en það hefur þó yfirleitt verið túlkað rýmra, að minnsta kosti þannig að það taki til allra stiga ásetnings. Stundum er jafnvel litið svo á að í ákvæðinu felist hin framangreinda almenna ólögfasta regla, sem taki til fleiri saknæmisstiga en þeirra sem beinlínis má ráða af orðum þess.<sup>143</sup>

Í mörgum þeirra mála er fjalla um manndráp af gáleysi eru öikumenn taldir hafa verið samvaldar að slysum, oftast en ekki ásamt brotapolanum sjálfum. Það er yfirleitt álitid gerendum til málsbóta. Telja má að gáleysið sé neðar á vitundarmælikvarðanum þegar orsök eru ekki eingöngu gáleysi geranda um að kenna. Saknæmisstigið er því lágt og hefur áhrif til málsbóta við ákvörðun refsinga á grundvelli 6. töluliðar og hinnar framangreindu almennu ólögfestu reglu um að saknæmisstig hafi áhrif á ákvörðun refsingar. Hæstiréttur hefur þó aldrei vísað beint til 6. töluliðar við ákvörðun refsingar vegna brota á 215. gr. hgl. Dæmi um mál þar sem brotþoli er talinn hafa verið meðvaldur að slysi og refsing er dæmd væg fyrir vikið má sjá í **Hrd. 16. júní 1988 í máli nr. 253/1987** en ákærði ók á stúlku sem hljóp yfir akbraut bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að hún lést. Ákærði var talinn hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og ekki sýnt næga aðgæslu en að brotþoli hafi einnig ekki sýnt næga aðgæslu er hún hljóp yfir götuna. Ákærði var því sakfelldur fyrir brot á 215. gr. hgl., sem

<sup>142</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 257.

<sup>143</sup> Jónatan Þórmundsson, „Grundvallarreglan um saknæmi“ í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.) *Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000* (Bókaútgáfa Orators 2000) 330.

samvaldur í dauða brotaþola, og var einungis dæmdur til að greiða 60.000 króna fésekt. Í þessu máli var sagnæmisstig á mörkum þess að vera gáleysi eða óhappatilvik. Við refsímatið hefur hið lága gáleysismat vafalaust spilað inn í.

Á sama hátt og refsingar eru oft vægar fyrir brot á 215. gr. þegar gáleysisstigið er lágt eru refsingar þyngri þegar gáleysisstigið er hátt. Þetta má til dæmis sjá í **Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008** sem reifaður var í kafla 4.4.1 um efri mörk gáleysis. Í því máli var ákærði, ökumaður bifreiðar, meðal annars sakfelldur fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi, en tveir létu lífið í bílslysinu. Hann var dæmdur í 12 mánaða fangelsi. Þó ber að athuga að refsingar fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi eru ekki alltaf svo þungar, þegar tekið er tillit til atvika sem verka til málsbóta fyrir ákærðu.

#### *8. Töluliður. Framferði geranda eftir verknað*

Þessi liður vísar bæði til fyrstu viðbragða geranda eftir verknaðinn og hvernig honum vegnar á þeim tíma sem liður fram að dómi.<sup>144</sup> Algengt er, óháð tegundum brota, að líta til þessa og getur góð hegðun verkað til málsbóta og slæm hegðun til refsihækkunar. Dæmi um hegðun sem tekið hefur verið tillit til ákvörðunar refsingar má sjá í **Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008**, sem reifaður er í kafla 4.4.1 og vísað var til í umfjöllun um 6. tölulið hér á undan, þar sem gerandi var sakfelldur fyrir að valda manndrápi með stórfelldu gáleysi í umferðinni. Við ákvörðun refsingar sagði í héraðsdómi, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, meðal annars:

Á hinn bóginn er það svo að á tímabilinu 27. febrúar til 27. júlí 2007, það er eftir umrætt slys, var ákærði í alls níu skipti staðinn að því að aka bifreið yfir lögleyfðum hámarkshraða og var honum gerð refsing fyrir þessi brot sín með framangreindum héraðsdómi 19. október 2007. Þegar framangreint er metið er það niðurstaða dómsins að ekki séu efni til að skilorðsbinda refsingu ákærða að hluta.

Í **Hrd. 9. júní 2011 í máli nr. 497/2010**, sem nefndur hefur verið vegna 3. og 5. töluliðar hér að framan, var þessu öfugt farið þar sem gerandi hafði valdið manndrápi af gáleysi í umferðinni og verið ölvaður en hafði eftir atvikið sótt áfengismeðferð og gengið vel, og var hann dæmdur til að sæta fangelsi í níu mánuði. Í héraði var hann dæmdur til að sæta fangelsi í sex mánuði, en fresta skyldi fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni og sá hluti hennar felldur niður að liðnum þremur árum héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl. og virðist meira tillit hafa verið tekið til málsbætandi ástæðna í héraði en í Hæstarétti.

---

<sup>144</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 257.



## 2. mgr. Samverknaður

Ef fleiri menn en einn hafa unnið refsivert verk í sameiningu er að jafnaði litið á það til refsipýngingar við ákvörðun refsingar. Þá er litið á báða eða alla gerendur sem aðalmenn í broti.<sup>145</sup> Dæmi um þetta má sjá í **Hrd. 28. mars 1980 í máli nr. 72/1978**, sem nefndur var í umfjöllun um 3. tölulið hér að framan, þar sem tveir menn skiptust á að herða belti að hálsi annars manns sem leiddi til dauða hans. Var þessi samverknaður þáttur í refsimati þeirra, sbr. orð Hæstaréttar: „Við ákvörðun refsinga hinna ákærðu ber að taka tillit til þess, að þeir frömdu brot [...] í sameiningu, sbr. 2. málsg. 70. gr. almennra hegningarlaga, og að þeir vega gegn sofandi manni, sem ekki getur björg sér veitt sakir ofurölvunar, með stórháskalegri aðferð.“

### 5.2.2 Refsilækkunarástæður samkvæmt 74. gr. hgl.

Í 1. mgr. 74. gr. hgl. er talið upp í alls níu töluliðum hvenær færa má þá refsingu, sem í lögum er lögð við broti, niður úr því lágmarki sem þar er ákveðið. Þessir liðir fela í sér frjálsar refsilækkunarheimildir, utan 2. töluliðar, þar sem er að finna bundna refsilækkunarheimild hvað varðar brotamenn yngri en 18 ára. Í 2. mgr. 74. gr. hgl. er að finna heimild til að fella refsingu niður að öllu leyti þegar svo stendur á sem í 1. – 8. tölulið 1. mgr. segir. Sjaldgæft er þó að ákvæðum 74. gr. hgl. sé beitt sem refsilækkunarheimildum í reynd. Algengara er að vísað sé til ákvæðanna ákærðu til málsbóta innan refsimarka laganna.<sup>146</sup> Verður hér, á sama átt og áður, einungis fjallað um þá liði ákvæðisins sem hafa haft áhrif á refsíákvörðun í málum er varða manndráp af gáleysi.

#### 1. töluliður. Farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar

Neyðarvörn samkvæmt 12. gr. hgl. er lögmæt réttarvörsluathöfn sem felur í sér nauðsynlega valdbeitingu gegn manni til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás hans á þann sem neyðarvörninni beitir eða á einhvern annan mann.<sup>147</sup> Neyðarréttur samkvæmt 13. gr. hgl. er lögmætt réttarvörsluverk einstaklings, sem nauðsynlegt er til þess að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir lögmætir hagsmunir, sem telja verður að miklu minni.<sup>148</sup> Þegar ekki eru skilyrði til þess að sýkna fyrir manndráp af gáleysi á grundvelli neyðarvarnar eða neyðarréttar samkvæmt 12. eða 13. gr. hgl. en

<sup>145</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 258.

<sup>146</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (Bókaútgáfa Orators 2003) 85.

<sup>147</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð III* (Háskólaútgáfan 2004) 116.

<sup>148</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð III* (Háskólaútgáfan 2004) 140.

verknaðurinn vikur þó ekki svo langt frá skilyrðum þessara ákvæða að einungis full refsing komi til álita, heimilar þetta ákvæði að farið sé millivegin.<sup>149</sup> Í **Hrd. 12. apríl 1967 í máli nr. 254/1966**, sem reifaður er í kafla 4.4.1, þótti ökumaður slökkviliðsbifreiðar hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi við akstur bifreiðarinnar en við ákvörðun refsingar hans var tekið tillit til þess að hann hugðist samkvæmt starfsskyldu sinni hraða sér á vettvang, þar sem hann taldi mannlíf í hættu vegna eldsvoða. Ekki var þó vísað sérstaklega til 74. gr. hgl. í forsendum réttarins en þrátt fyrir að hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi, hæsta stig gáleysis, var refsing hans varðhald í fjóra mánuði en fullnustu refsingarinnar skyldi frestað og hún látin falla niður að þremur árum liðnum héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl. Engan annan dóm sem fjallar um manndráp af gáleysi, svo skýrt sé, er að finna þar sem þessi töluliður hefur áhrif við ákvörðun refsingar.

## *2. töluliður. Ungur aldur geranda*

Ungur aldur brotamanns getur hvort sem er verið metinn sem refsilækkunarástæða samkvæmt 2. tölulið 74. gr. eða til málsbóta innan refsimarka samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. hgl.<sup>150</sup> Algengt er að í málum um manndráp af gáleysi sé vísað til ungs aldurs sakborninga þeim til málsbóta við ákvörðun refsinga, án þess að vísað sé til ákvæða hegningarlaga. Þá er ungur aldur algengur grundvölur skilorðsákvörðunar eða frestunar.<sup>151</sup> Dæmi um hve mikil áhrif ungur aldur sakborninga getur haft á ákvörðun refsingar má sjá í **Hrd. 3. nóvember 2005 í máli nr. 398/2005**, sem er reifaður í kafla 4.4.1, en þar var ökumaður sakfelldur fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi, en hann ók á unga stúlku sem lét lífið. Þrátt fyrir hátt gáleysisstig var hann, að teknu tilliti til ungs aldurs, dæmdur til tveggja mánaða fangelsisvistar og fullnustu refsingarinnar skyldi frestað og hún látin falla niður að þremur árum liðnum héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl. Aldur sakbornings hafði einnig áhrif í **Hrd. 12. febrúar 2009 í máli nr. 430/2008**, sem einnig var reifaður í kafla 4.4.1, þar sem ökumaður var meðal annars sakfelldur fyrir manndráp af stórfelldu gáleysi, en hann ók yfir leyfðum hámarkshraða yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að hann rakst á bifreið úr gagnstæðri átt og ökumaður og farþegi þeirrar bifreiðar létust. Við ákvörðun refsingar var meðal annars sérstaklega tekið tillit til ungs aldurs ákærða, sem var 17 ára þegar slysið átti sér stað, og var hann þrátt fyrir afar alvarlegt brot dæmdur í níu mánaða

<sup>149</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 259.

<sup>150</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (Bókaútgáfa Orators 2003) 112.

<sup>151</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 256.

fangelsi en fullnustu sex mánaða af refsingunni skyldi frestað og sá hluti hennar felldur niður að liðnum þremur árum héldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. hgl.

*8. töluliður. Gerandi reynir að draga úr tjóni af verki sínu eftir mætti*

Undir þennan lið fellur það þegar hinn brotlegi hefur gert sér mikið far um að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar verksins.<sup>152</sup> Langalgengast er að gerendur manndrápa af gáleysi hringi strax eftir að verknaður á sér stað í sjúkralið eða lögreglu. Það hefur að öllum líkindum áhrif til málsbóta á ákvörðun refsinga í flestum málum sem koma til kasta dómstóla án þess að það sé sérstaklega tekið fram í forsendum dómsins. Þannig má gera ráð fyrir að öfug viðbrögð geranda hafi áhrif til refsilyngingar.

*9. töluliður. Gerandi segir af sjálfsdáðum til brotsins og skýrir hreinskilnislega frá öllum atvikum*

Undir þennan tölulið falla annars vegar játningar gerenda að fyrra bragði og hins vegar aðstoð þeirra við að upplýsa málið, meðal annars með hreinskilnislegri frásögn af öllum atvikum.<sup>153</sup> Dæmi um áhrif þessa á ákvörðun refsinga má sjá í **Hrd. 13. nóvember 1946 í máli nr. 117/1946** þar sem sérstaklega var tekið fram í forsendum héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, að við ákvörðun refsingar sé litið til 9. töluliðar 74. gr. hgl. þar sem framkoma ákærða, meðan á rannsókn og rekstri málsins stóð, hafi verið hin þrúðmannlegasta og að hann hafi skýrt af sjálfsdáðum frá broti sínu og öllum atvikum og hafi reynt á allan hátt að auðvelda rannsóknina. Ákærði var dæmdur í átta mánaða varðhald, en hann hafði slegið annan mann tveimur höggum sem leiddi til dauða hans, sbr. 215. gr. hgl.

*3. – 7. töluliðir 1. mgr. 74. gr. hgl.*

Aðrir töluliður ákvæðisins fjalla um afsakanlega lögvillu (3. töluliður), afbrot framið í mikilli reiði eða geðæsingu vegna ólögþráttar árásar eða stórfelldar móðgunar af hálfu brotþola (4. töluliður), ef gerandi er öðrum háður (5. töluliður), sálræna þvingun (6. töluliður) og þau tilvik þegar gerandi afstýrir hættu af sjálfsdáðum (7. töluliður). Ekki er að sjá að Hæstiréttur hafi beitt þessum töluliðum dómfelldum til refsilækkunar eða málsbóta og verður því ekki fjallað nánar um þessa töluliði hér.

---

<sup>152</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 262.

<sup>153</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 263.

### 5.2.3 Annað sem hefur áhrif á refsíakvarðanir í málum er varða manndráp af gáleysi

*77. gr. hgl. Brotasamsteypa*

Í þeim manndrápsmálum sem framin voru af gáleysi voru flest þeirra framin í umferðinni, eins og áður hefur komið fram. Nær undantekningarlaust voru í þeim málum þágildandi umferðarlög einnig brotin og refsing fyrir það ásamt broti á 215. gr. hgl. dæmd saman og vísað til 77. gr. hgl. Það er þó ekki víst að brot á umferðarlögum hafi haft mikil áhrif á ákvörðun refsingar þar sem væg refsing liggur við þeim brotum miðað við refsingar fyrir manndráp af gáleysi. Í sumum málum var þá um fjölmörg önnur brot að ræða sem voru tekin inn í refsímatið. Dæmi um það má sjá í **Hrd. 6. nóvember 2008 í máli nr. 365/2008**, sem reifað var í kafla 4.4.1. Ákærði var í því máli sakfelldur fyrir tvö brot á 215. gr. hgl. og tvö brot á 219. gr. hgl. sem og fyrir brot á ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Í ljósi þessa var meðal annars við ákvörðun refsingar vísað til 77. gr. hgl. og var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi.

Þá eru fleiri ákvæði í hegningarlögunum sem geta haft áhrif á ákvörðun refsingar til málsbóta eða refsipýngingar, til dæmis hegningarauki ( 78. gr.) tilraun (2. mgr. 20. gr.), hlutdeild (22. gr.), rof á skilorði (57. gr. hgl.), ítrekun (71. gr.), síbrot (72. gr.) og geðshræring (75. gr.). Fyrir utan ákvæði hegningarlaganna kemur almennt til greina að beita ólögfestum refsíakvörðunarástæðum til málsbóta eða refsipýngingar. Dæmi um slíkar ólögfestar ástæður eru trúnaðarbrot, launung, sífjatengsl geranda og brotaþola, samþykki brotaþola, sjálfsbjargar- og verndarviðleitni geranda, mótlæti, áföll, erfiðar aðstæður geranda og óvægin fjölmiðlaumræða um geranda og brot hans. Þessi atriði virðast þó ekki hafa haft áhrif á refsingar í framangreindum málum um manndráp af gáleysi og verður því ekki gert frekari grein fyrir þessum heimildum hér.<sup>154</sup>

### 5.3. Niðurstaða

Af umfjöllunarefni þessa kafla má ráða að málum í Hæstarétti vegna brota á 215. gr. hgl. hefur fækkað undanfarna áratugi. Það virðist fyrst og fremst hægt að rekja til betri bílakostar þjóðarinnar og aukins umferðaröryggis, en ekki til breytts gáleysismats. Þá hefur sakfellingarhlutfall í málum er varða brot á 215. gr. hgl. í Hæstarétti verið 79% yfir allt tímabilið, allt frá setningu núgildandi hegningarlaga, sem verður að teljast eðlilegt hlutfall. Bendir það einnig til þess að gáleysismat dómstóla hafi ekki breyst, því annars mætti eiga

<sup>154</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992) 266-269.

von á því hlutfallið væri annaðhvort hærra eða lægra. Einnig má ráða af framangreindri dómagreiningu að meðallengd refsingar hafi haldist nokkuð stöðug, en að færri og alvarlegri mál séu nú að koma inn á borð dómstóla. Það má ef til vill aftur rekja til færri banaslysa í umferðinni vegna einfalds gáleysis síðastliðna áratugi. Að lokum má sjá af umfjöllun þessa kafla að dómstólar líta til flest allra refsipýngingarástæðna og málsbóta sem lögin heimila við ákvörðun refsingar fyrir brot á 215. gr. hgl. en nokkuð vantar þó upp á að vísað sé til tiltekinn lagaákvæða hgl. í forsendum dóma.

## 6. Ákvæði um manndráp af gáleysi í norrænum rétti

### 6.1. Manndráp af gáleysi í dönskum rétti

Í 25. kafla dönsku hegningarlöganna nr. 126 frá 1930 (*d. Straffeloven*) er að finna sambærilegt ákvæði og í XXIII. kafla almennu hegningarlöganna. Kaflinn nefnist „Forbrydelser mod liv og legeme“. Í 241. gr. laganna er ákvæði um manndráp af gáleysi:

§ 241. Den, som uagtsomt forvolder en andens død, straffes med bøde eller fængsel indtil 4 måneder eller under særligt skærpende omstændigheder med fængsel indtil 8 år. Er forholdet begået i forbindelse med spirituskørsel, overtrædelse af færdselslovens § 54, stk. 1 eller 2, eller særlig hensynsløs kørsel, anses dette som en særlig skærpende omstændighed.

Samkvæmt ákvæðinu varðar manndráp af gáleysi sekt eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Hámarksrefsing er þó allt að átta árum ef sérstakar refsipýngingarástæður liggja fyrir. Þá er skýrt tekið fram að ef athæfi sem leiðir til manndráps af gáleysi á sér stað í tengslum við ölvunarakstur, brot á 1. eða 2. mgr. 54. gr. umferðarlaga eða tillitslaus aksturs skuli það teljast til refsipýngingarástæðna. Í 1. mgr. 54. gr. umferðarlöganna (*d. færdselsloven*) er lagt bann við akstri undir áhrifum lyfja og í 2. mgr. er lagt bann við akstri ef ökumaður er ekki fær um að stjórna bifreið á öruggan hátt vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka.<sup>155</sup>

Ákvæðinu hefur verið breytt nokkrum sinnum frá setningu laganna. Helstu breytingar hafa verið gerðar á síðasta áratug. Með breytingarlögum nr. 380 frá 2002 var hámarksrefsing ákvæðisins hækkuð úr fjórum árum í átta ár, en ástæða þessarar hækkunar var hávær krafa Dana um að tekið yrði harðar á ölvunarakstri. Í athugasemdum með frumvarpinu til

<sup>155</sup> Sambærilegt ákvæði í íslenskum rétti má finna í 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

breytingalaganna var tekið fram að tilgangur þessarar breytingar hafi verið að hækka refsingar fyrir manndráp af gáleysi sem á sér í stað í tengslum við ölvunarakstur eða sérstaklega tillitslausan akstur. Þá kom fram að venjuleg refsing fyrir manndráp af gáleysi í tengslum við ölvunarakstur skyldi þannig hækkuð úr 6-8 mánuðum í fangelsi í 10-12 mánuði og að það gæti talist refsipýngingarástæða ef geranda hefur áður verið refsað fyrir ölvunarakstur. Í frumvarpinu var einnig tekið fram að ef akstur, undir áhrifum áfengis, er auk þess afar tillitslaus skuli ákvarða refsingu sem sé merkjanlega hærri en hinir fyrrnefndu 10-12 mánuðir. Fyrir manndráp af gáleysi, sem ekki er framið við ölvunarakstur, skyldi refsingin hækka úr 3-4 mánuðum í 6-8 mánuði í þeim tilvikum þar sem aksturinn er sérstaklega tillitslaus. Að lokum var tekið fram að tilgangur þessara refsihækkana væri ekki að auka notkun á skilorðsbindingu dóma, í heild eða að hluta, eða auka notkun samfélagsþjónustu sem refsiréttarúrræðis.<sup>156</sup>

Áhrif framangreindra lagabreytinga mátti fljótlega sjá í dómaframkvæmd. Í **UFR 2004.1161V** ók ákærði of hratt miðað við aðstæður, á hálum vegi og í slæmu skyggni, undir áhrifum áfengis og ók á snjóskafli og farþegi hans lét lífið. Ákærði var í undirrétti dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir manndráp af gáleysi á grundvelli 241. gr. dönsku hegningarlaganna. Í áfrýjunarrétti var refsing ákærða hækkuð upp í fangelsi í eitt ár, á grundvelli lagabreytinganna nr. 380 frá 2002.

Með breytingarlögum nr. 218 frá 2004 var orðalagi ákvæðisins breytt þannig að tekið var fram að *sérstakar* refsipýngingarástæður þyrftu að liggja fyrir. Sú breyting var tæknilegs eðlis og breytti engu um efnisinntak ákvæðisins.<sup>157</sup> Með breytingarlögum nr. 559 frá 2005 var seinni málslið ákvæðisins bætt við og með breytingarlögum nr. 716 frá 2010 var bætt enn frekar við seinni málsliðinn og tilvísun í umferðarlögin kom inn. Með þeirri breytingu var refsímatið hækkað enn frekar, úr 10-12 mánuðum í 16-18 mánuði í fangelsi. Í athugasemdum með lagabreytingunni kom fram að hækka skyldi refsingu fyrir alvarlegustu brotin, það er þegar ökumaður er ölvaður, brýtur gegn umferðarlögum eða akstur hans er afar tillitslaus, úr 2 ½ - 3 árum upp í fimm ár.

Ákvæði dönsku hegningarlaganna um manndráp af gáleysi er mun ítarlegra en hið íslenska ákvæði 215. gr. hgl. Refsiramminn í danska ákvæðinu er tvískiptur þannig að hámarksrefsing er há, átta ár, ef refsipýngingarástæður liggja fyrir, en annars er hámarksrefsingin lág, einungis fjórir mánuðir. Í íslenska ákvæðinu er hámarksrefsingin sex

<sup>156</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jensen og Gorm Toftegaard Nielsen, *Kommenteret straffelov: Special del* (8. útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005) 219.

<sup>157</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jensen og Gorm Toftegaard Nielsen, *Kommenteret straffelov: Special del* (8. útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005) 219.

ár, án tillits til annarra atvika er legið geta að baki. Það er því alfarið í höndum íslenskra dómara að meta hæfilega refsingu miðað við atvik og aðstæður í hverju máli á meðan hendur dómara í Danmörku eru bundnar við fyrirmæli lagaákvæðisins og athugasemdir við frumvörp til lagabreytinganna, sbr. framangreint. Þá er í danska ákvæðinu allur vafi tekinn af um það að akstur undir áhrifum áfengis eða lyfja, sem leiðir til manndráps af gáleysi, skuli alltaf teljast til refsipýngingarástæðna og þannig falla undir hærri refsirammann.

Dómarar á Íslandi virðast hafa sett sér ákveðin viðmið við ákvörðun refsinga fyrir brot á 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi. Meðallengd refsingar eru fimm mánuðir í fangelsi og þyngsta refsing sem dæmd hefur verið fyrir brot á 215. gr. hgl. eru þrjú ár í fangelsi, sbr. kafla 5 hér á undan. Þó væri ef til vill skýrara ef löggjafarvaldið á Íslandi setti reglur sem svipa til danska ákvæðisins þar sem fram kæmi hvaða atriði og hegðun skuli leiða til þess að refsing skuli þyngd og hvað má miða við að sú refsing skuli vera þung. Að þessu leyti er danska ákvæðið skýrara en 215. gr. hgl. og samræmist þannig betur meginreglunni um skýrleika refsheimilda.

## 6.2. Manndráp af gáleysi í norskum rétti

Ákvæði um manndráp af gáleysi í norskum rétti er að finna í 239. gr. norsku hegningarlaganna frá 1902 (*n. Straffeloven*) í 22. kafla sem ber heitið „Forbrydelser mod Liv, Legeme og Helbred“:

§ 239. Den som uaktsomt ved bruk av våpen, ved motorvogn eller på annen måte forvolder en annens død, straffes med fengsel inntil 3 år eller under særdeles skjerpene omstendigheter inntil 6 år. Under særdeles formildende omstendigheter kan bøter anvendes.

Samkvæmt ákvæðinu er það að valda dauða annars manns, með gáleysislegri notkun vopna, bifreiða eða á annan hátt, refsivert og er hámarksrefsingin þrjú ár. Ef sérstakar refsipýngingarástæður liggja að baki getur refsingin orðið allt að sex ár. Þá liggja einungis sektir við brotinu ef aðilar eiga sér sérstakar málsbætur.

Ákvæðinu hefur tvisvar sinnum verið breytt. Með breytingarlögum nr. 70 frá 1988 var útfærsla ákvæðisins breytt lítillga, og við ákvæðið bættist tilvísun í að umferðarslys gætu átt undir þetta ákvæði. Sú viðbót átti þó ekki að breyta réttarframkvæmdinni, þar sem banaslys í umferðinni áttu nú þegar undir hegningarlögin, heldur einungis að skerpa á lögnum með von um að það leiddi til þess að fleiri banaslys í umferðinni yrðu dæmd á grundvelli 239. gr.<sup>158</sup>

---

<sup>158</sup> Kristian Sødal, „Straffelovens §239, uaktsomme drap i trafikken: Bestemmelsens utvikling og fremtid“ (Kandidatsritgerð, University of Oslo 2003) 10.

Með breytingarlögum nr. 64 frá 2001 var bætt við upprunalega ákvæðið núverandi tilvísun til notkun vopna og bifreiða sem sérstakra verknáðaraðferða við manndráp af gáleysi.

Norska ákvæðið svipar til þess danska að því leyti að refsiramma er skipt upp þannig að hámarksrefsing er mismunandi eftir því hvort sérstakar refsipýngingarástæður liggja að baki brotinu. Í norska ákvæðinu er þó ekki tekið dæmi um hverjar refsipýngingarástæðurnar séu, eins og gert er í því danska, og liggur matið því hjá dómstólum. Að því leyti er 215. gr. hgl. líkt norska ákvæðinu. Gáleysismatið hjá Norðmönnum ætti því að vera frjálsara en hjá Dönum og líkara því íslenska. Eins og kom fram í kafla 4.5.1 virðist gáleysismat Norðmanna þegar kemur að ákvæði um manndráp af gáleysi þó ekki vera það sama og á hinum Norðurlöndunum. Vísað er til þeirrar umfjöllunar um gáleysismat norskra dómstóla á 239. gr. norsku hegningarlaganna.

### 6.3. Manndráp af gáleysi í sænskum rétti

Um manndráp af gáleysi í sænsku hegningarlögunum frá 1961 (*s. brottsbalken*) er fjallað í 3. kafla laganna sem ber heitið „Om brott mot liv och hälsa“, nánar tiltekið í 7. gr. Í henni segir:

7 § Den som av oaktsamhet orsakar annans död, döms för vållande till annans död till fängelse i högst två år eller, om brottet är ringa, till böter. Är brottet grovt, döms till fängelse i lägst ett och högst sex år. Vid bedömning av om brottet är grovt ska särskilt beaktas

1. om gärningen har innefattat ett medvetet risktagande av allvarligt slag, eller
2. om gärningsmannen, när det krävts särskild uppmärksamhet eller skicklighet, har varit påverkad av alkohol eller något annat medel eller annars gjort sig skyldig till en försummelse av allvarligt slag. *Lag (2010:370)*.

Samkvæmt ákvæðinu varðar manndráp af gáleysi sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Ef brotið telst alvarlegt skal refsingin vera allt frá einu til sex ára. Við mat á því hvort brot teljist alvarlegt skal í fyrsta lagi líta til þess hvort hinn brotlegi hafi tekið meðvitaða áhættu sem er alvarlegs eðlis eða í öðru lagi hvort hinn brotlegi hafi, undir kringumstæðum þegar sérstakrar athygli er krafist af honum, verið undir áhrifum áfengis eða annarra efna eða hafi á annan hátt gerst sekur um alvarlegt misferli.

Ákvæðinu hefur þrisvar verið breytt frá því gildandi lög voru sett árið 1961. Með breytingarlögum nr. 1462 frá 1993 var hámarksrefsing fyrir alvarlegt brot hækkuð úr fjórum árum í sex, en lágmarksrefsingin fyrir alvarleg brot var þá sex mánuðir. Auk þess var bætt við málslið þar sem sagði að ef brotið ætti sér stað við akstur bifreiðar ætti að líta til þess hvort ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra efna þegar ákveðið væri hvort brotið



teldist alvarlegt. Með breytingarlögum nr. 348 frá 2001 var 2. mgr. breytt í það horf sem hún er í dag, utan þess að lágmarksrefsing fyrir alvarleg brot var enn sex mánuðir. Það var svo með breytingarlögum nr. 370 frá 2010 sem lágmarksrefsingin var hækkuð upp í eitt ár.

Þetta ákvæði er það ítarlegasta af framangreindum ákvæðum um manndráp af gáleysi í norrænum rétti þar sem þess er nákvæmlega getið hvað teljist til refsipýngingarástæðna. Refsiramminn er sá sami og á Íslandi, allt frá sektum til fangelsis í sex ár. Aftur á móti er refsiramminn skiptur eftir því hvort sérstakar refsipýngingarástæður liggja að baki brotinu, eins og í Danmörku og Noregi.

#### **6.4. Niðurstaða**

Megininntak framangreindra ákvæða hegningarlaga Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um manndráp af gáleysi er það sama og 215. gr. hgl. Refsað er fyrir manndráp af gáleysi og geta refsingar verið allt frá sektum til fangelsisvistar. Danska og sænska ákvæðið er þó ítarlegra en 215. gr. hgl. hvað varðar hverjar refsipýngingarástæður geti verið. Íslenskir dómstólar styðjast við almennar refsihækkunar- og refsilækkunarheimildir, sem og refsipýngingarástæður og málsbætur, hegningarlaganna þegar tekin er ákvörðun um þyngd refsingar. Þá aðlaga dómstólar þessar heimildir að atvikum sem liggja að baki broti á 215. gr. hgl. Í danska og sænska ákvæðinu eru þær ástæður tilgreindar sem telja á sem sérstakar refsipýngingarástæður í ákveðnum tegundum brota á ákvæðum laga um manndráp af gáleysi. Það hlýtur að vera til þess fallið að samræma þyngd refsinga fyrir brotin og skýra réttarstöðu fyrir almennum borgurum. Jafnvel þó þessi ákvæði séu skýrari en 215. gr. hgl. er ekki annað að sjá en að öll hin sama háttsemi og sömu refsipýngingarástæður liggja að baki í réttarframkvæmdinni á Íslandi. Það er því ekki að sjá að lagalega séð sé þörf á því að breyta íslenska ákvæðinu til samræmis við hin norrænu.

#### **7. Niðurstaða**

Markmiðið með ritgerðinni var að fá heildstæða mynd af ákvæði 215. gr. hgl. og rannsaka hvaða háttsemi sé gáleysisleg og falli undir ákvæðið og hvernig refsimati þess sé háttað. Í þeim tilgangi voru íslensk og dönsk fræðirit um efnið skoðuð og voru allir Hæstaréttardómar frá 1941 til 2010 sem fjalla um brot á 215. gr. hgl. kannaðir. Niðurstöðurnar voru áhugaverðar og vörpuðu ljósi á efnisinntak ákvæðisins.

Greinarmunur hefur verið gerður á manndrápi af ásetningi og manndrápi af gáleysi í íslenskrri löggjöf að minnsta kosti jafn lengi og lög hafa verið rituð. Núgildandi ákvæði um manndráp af gáleysi er að finna í 215. gr. hgl. Samkvæmt ákvæðinu varðar manndráp af gáleysi sektum eða fangelsi allt að sex árum. Engar frekari skýringar er að finna á efnisinntaki ákvæðisins í lögskýringargögnum. Af ákvæðinu má þó ráða að gerð er krafa um þá afleiðingu að mannsbani hljótist af háttsemi. Manndráp af gáleysi er því tjónsbrot.

Saknæmisskilyrði 215. gr. hgl. er gáleysi og þarf gáleysi bæði að ná til frumverknaðar og afleiðingar háttsemi, sbr. 18. og 19. gr. hgl. Hugtakið gáleysi er hvergi skilgreint í lögum eða lögskýringargögnum en það hefur af fræðimönnum verið skilgreint og skipt upp í annars vegar meðvitað og ómeðvitað gáleysi á grundvelli vitundarmælikvarða og hins vegar stórfellt og einfalt gáleysi á grundvelli stigsmunar. Dómstólar hafa svo útfært nánar þessa mælikvarða. Ákvæði 215. gr. hgl. tekur til allra flokka gáleysis.

Til þess að skýra hvaða háttsemi teljist manndráp af ásetningi og hvaða háttsemi teljist manndráp af gáleysi var lægsta stig ásetnings, dolus eventualis, og efsta stig gáleysis, stórfellt gáleysi, skoðað. Línan þar á milli er óskýr. Af dómafrankvæmd má sjá að stórfellt gáleysi felur í sér alvarlegra frávík frá háttsemi sem geranda bar að viðhafa. Þannig er háttsemi, sem felur í sér alvarleg brot á öðrum lögum, til dæmis umferðarlögum eða siglingalögum, sem og brot þar sem börn eru brotþolar, talin alvarlegri en önnur háttsemi og fellur því undir stórfellt gáleysi. Dæmi um slíka háttsemi er þegar öikumenn aka yfir hámarkshraða eða taka miklar áhættur við akstur sem enda með árekstri, eða þegar skipstjórar fylgjast ekki með umhverfi sínu og sigla á nærliggjandi skip. Þá eru auknar kröfur gerðar til öikumanna á svæðum þar sem þeir mega búast við því að börn séu.

Dolus eventualis, lægsta stig ásetnings, felur í sér almenna kröfu um ákveðið vitundarstig sem felst í raunverulegri vitund geranda um að refsinaem afleiðing kunni að koma fram. Þetta vitundarstig er keimlíkt vitundarstigi efsta stigs gáleysis. Það sem skilur þó á milli ásetnings og gáleysis eru viðbótarskilyrði dolus eventualis; skilyrtur ásetningur og jákvæð afstaða. Skilyrtur ásetningur felst í því að gerandi hefði engu að síður framið tiltekinn verknað þótt hann hefði talið víst að afleiðing hans kæmi fram. Jákvæð afstaða felst í því að gerandi lætur sér í léttu rúmi liggja hvort afleiðingin kemur fram. Til þess að háttsemi sé framin af ásetningsskilyrðinu dolus eventualis þarf því að sanna bæði að hin almenna krafa og annaðhvort viðbótarskilyrðanna eigi við. Fáir dómur hafa fallið um manndráp af ásetningi þar sem má með vissu segja að dolus eventualis hafi legið til grundvallar, enda getur verið örðugleikum bundið að sanna það. Nokkrir dómur hafa þó fallið þar sem háttsemi liggur á mörkum ásetnings og gáleysis og varða þeir flestir líkamsárásir sem hafa endað með líftjóni

brotþola. Þau mál eiga það sameiginlegt að þrátt fyrir að gerandi hafi verið sakfelldur fyrir brot á 215. gr. og 218. gr. hgl. á sínum tíma þá hefði háttsemin í dag líklega alfarið verið heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. hgl., sem fjallar um líkamsárásir sem enda með líftjóni.

Á sama hátt og mörk ásetnings og gáleysis geta verið óskýr eru mörkin milli gáleysis og óhappatilviks óljós. Mikilvægt er að átta sig á hvaða háttsemi fellur undir 215. gr. hgl. sem manndráp af gáleysi og hvaða háttsemi sé refsilaust óhappatilvik, sérstaklega í ljósi refsiréttarlegra afleiðinga fyrir geranda. Lágmarksstig refsiverðs gáleysis er oft skilgreint miðað við vísiregluna um hinn gegna og skynsama mann. Ef gerandi hefði átt að gera sér grein fyrir aðstæðum og bregðast við í samræmi við þær en gætti hins vegar ekki þeirrar varkárni sem af honum mætti ætlast þá hefur hann framið verknað af gáleysi. Af dómaframkvæmd má sjá að neðsta stig gáleysis er hægt að teygja langt og sakfelld er fyrir minni háttar gáleysi, en refsing er þá ákveðin væg fyrir vikið. Þá má ráða að nokkur eigin sök brotþola firri geranda ekki gáleysisábyrgð en getur þó að sama skapi haft áhrif á þyngd refsingar. Mat dómstóla á gáleysisábyrgð er að meginreglu til byggt á hlutlægum viðmiðunum um hvaða háttsemi megi almennt búast við af mönnum, en þó er tekið tillit til einstaklingsbundinna viðmiða í einstaka tilvikum.

Óhappatilvik getur aftur á móti ekki orðið grundvöllur refsíábyrgðar. Ekki er hægt að skilgreina óhappatilvik með jákvæðum hætti en það felur í sér eins konar ómöguleika. Ef ekki er hægt að afstýra verknaði, til dæmis ef ökumanni er ekki kleift að afstýra árekstri, er um ómöguleika að ræða sem ekki er refsiverður. Dómaframkvæmd sýnir einmitt að ef vegarendur hlaupa, ganga eða hjóla skyndilega í veg fyrir bifreið og ef ökumaður ekur á forsvaranlegan hátt, það er á löglegum hraða og sýnir fulla aðgát, og hann hefði ekki getað komið í veg fyrir slys þá er um óhapp að ræða. Þetta mat er strangt og þarf að sýna fram á að hinn góði og gegni ökumaður hefði ekki getað forðað slysinu eftir að hann varð vegfarandans var.

Af tölfræði í ritgerð þessari byggðri á dómarrannsókn á öllum málum, sem varða brot á 215. gr. hgl. sem komið hafa til Hæstaréttar frá setningu gildandi hegningarlaga til ársins 2010, má sjá að þessum málum hefur fækkað undanfarna áratugi. Það má fyrst og fremst rekja til aukins umferðaröryggis. Ekki er að sjá að hægt sé að draga þá ályktun að ástæða þess að málum hafi fækkað sé sú að gáleysismat dómstóla hafi breyst. Rannsóknin sýnir að gáleysismat dómstóla hefur haldist stöðugt í gegnum árin og meðallengd refsinga sömuleiðis. Að vísu er meðallengd refsinga aðeins mismunandi milli tímabila en það útskýrist af tiltölulega fáum dómum á nokkrum tímabilum þar sem einstakir dómur veiga þungt fyrir vikið. Þá hefur sakfellingarlutfall í málum er varða brot á 215. gr. hgl. í Hæstarétti verið

79% yfir allt tímabilið sem rannsóknin tók til. Bendir það einnig til þess að gáleysismat dómstóla hafi ekki breyst því annars mætti eiga von á því hlutfallið væri annaðhvort hærra eða lægra. Af rannsókninni má einnig ráða að meðallengd refsingar hafi haldist nokkuð stöðug, en að færri og alvarlegri mál séu nú að koma inn á borð dómstóla. Það má ef til vill aftur rekja til færri banaslysa í umferðinni vegna einfalds gáleysis síðastliðna áratugi. Að lokum sýnir rannsóknin að dómstólar líta til flestallra refsipýngingarástæðna og málsbóta, sem lögin heimila við ákvörðun refsingar fyrir brot á 215. gr. hgl. en nokkuð vantar þó upp á að vísað sé til tiltekinna lagaákvæða hgl. í forsendum dóma.

Af öllu framangreindu og af samanburði ákvæðis 215. gr. við ákvæði hegningarlaga Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um manndráp af gáleysi er ekki að sjá að efnislegur munur sé á ákvæðum þessara landa og ákvæði 215. gr. hgl. Aftur á móti er íslenska ákvæðið óskýrast af þeim öllum og mætti því taka ákvæði Norðurlandanna til fyrirmyndar að því leyti. Þó er ekki að sjá að það myndi breyti efnisrétti á Íslandi að neinu verulegu leyti, heldur einungis gera ákvæðið um manndráp af gáleysi enn skýrara.

## Heimildaskrá

Andenæs J, *Alminnelig strafferett* (2. útg. Universitetsforlaget 1974) 230.

Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum“ í Ingi Sigurðsson (ritstj.), *Upplýsingin á Íslandi* (Hið íslenska bókmenntafélag 1990).

Einar Arnórsson, „Niðgjöld - Manngjöld“ (1951) 1 Tímarit lögfræðinga 173.

Greve V, Jensen A og Nielsen G, *Kommenteret straffelov: Almindelig del* (8. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag, 2005).

— — *Kommenteret straffelov: Special del* (8. útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005).

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstj.) *Hagskinna, Sögulegar hagtölur um Ísland* (Hagstofa Íslands 1997).

Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (Mál og menning 2001).

Hansen M, „Om Forsætsbegrebets nedre område“ [2002] UfRB 391.

Hurwitz S, *Den danske kriminalret: almindelig del* (4. útg., Gad 1971).

Ísleifur Árnason, „Afbrot“ í Steingrímur J. Þorsteinsson (ritstj.), *Samtíð og saga: nokkrir háskólaþyrlastrar* (2. bindi, Ísafoldarprentsmiðja, 1943).

Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Bókaútgáfan CODEX 1992).

— — *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999).

— — „Grundvallarreglan um saknæmi“ í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.) *Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000* (Bókaútgáfa Orators 2000).

— — *Afbrot og refsíabyrgð II* (Háskólaútgáfan 2002).

— — *Afbrot og refsíabyrgð III* (Háskólaútgáfan 2004).

Langsted L, „Dolus Eventualis – en del af gældende dansk ret“ [1988] UfRB 131.

Ólafur Lárusson, *Lög og saga* (Hlaðbúð 1958).

Páll Sigurðsson, *Svipmyndir úr réttarsögu: þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Bókaútgáfan Skjaldborg 1992).

Ríkissaksóknari, *Ársskýrsla ríkissaksóknara 2008* (Ríkissaksóknari).

Sigurður Líndal, *Réttarsögubættir* (2. útg., Hið íslenska bókmenntafélag 2007).

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (Bókaútgáfa Orators 2003).

Sødal K, „Straffelovens §239, uaktsomme drap i trafikken: Bestemmelsens udvikling og fremtid“ (Kandidatsritgerð, University of Oslo 2003).

Viðar Már Matthíasson, *Skadabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005).

Waaben K, *Stafferettens almindelige del, I. Ansvarlæren*, (4. útg., Gadjura 1997).

Þórður Eyjólfsson, „Refsiréttur Jónsbókar“ í Guðbrandur Jónsson (ritstj.) *Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni Hæstaréttardómara dr. juris sextugum 24. febrúar 1940* (Ísfoldarprentsmiðja h.f. 1940).